




CQ TF

Rit félagsins Íslenskir radióamatörar

1. tbl. 2021 janúar



Höskuldur Eliasson TF3RF virkjaði gervihnattastöð TF3IRA í Skeljanesi á morsi um gervihnöttinn ES'hail-2 / Oscar 100 á 90 ára afmælisdaginn sinn 25. júní 2020. Höskuldur er handhafi leyfisbréfs radióamatöra nr. 37. Ljósmynd: TF3JB.

MEÐAL EFNIS:

- *Félagsstarfið í Skeljanesi.*
- *Ráðstefnur NRAU og IARU Svæðis 1.*
- *Bættur árangur um ? dB á SSB.*
- *Útbreiðsla radióbylgna: Strengjahopp.*
- *Þriggja banda dípóll fyrir 80, 40 og 20 metra.*
- *Keppnisþátttaka frá TF3IRA 1979.*

Á DÖFINNI:

- *Aðalfundur 13. mars.*
- *Námskeið til amatörleyfis.*
- *Páskaleikar ÍRA.*
- *75 ára afmæli ÍRA 14. ágúst.*
- *Tíðnimál: 5 MHz og 50 MHz.*
- *Næsti skilafrestur efnis: 29. mars 2021.*

Félagið Íslenskir radióamatörar

Félagið Íslenskir radióamatörar, ÍRA, var stofnað 14. ágúst árið 1946. Félagið er landsfélag radióamatöra á Íslandi og hefur formlegt samstarf við Póst- og fjarskiptastofnun um málefni radióamatöra hér á landi. ÍRA er aðili að alþjóðasamtökum landsfélaga radióamatöra, IARU, samtökum IARU á Svæði 1 (Region 1) og samtökum norrænna landsfélaga, NRAU.

ÍRA hefur opið hús einu sinni í viku, á fimmtudagskvöldum kl. 20–22, og eru allir þeir sem hafa áhuga á amatörradíói boðnir velkomnir. Félagið er til húsa við Skeljanes í Reykjavík og þar er einnig starfrækt félagsstöðin TF3IRA.

Staðsetning hússins er 64°07'33"N, 21°56'58"W. „Maidenhead grid“ staðsetningin er HP94ad. Leið 12 hjá Strætó hefur endastöð við húsið.

Stjórn ÍRA starfsárið 2020–2021 skipa:

Formaður:	Jónas Bjarnason	TF3JB
Varaformaður:	Óskar Sverrisson	TF3DC
Ritari:	Guðmundur Sigurðsson	TF3GS
Gjaldkeri:	Jón Björnsson	TF3PW
Meðstjórnandi:	Georg Kulp	TF3GZ
Varamenn:	Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA
	Heimir Konráðsson	TF1EIN

Öll bréf til ÍRA og QSL kort til safnsendinga (QSL bureau) sendist á póstfang ÍRA:

Íslenskir radióamatörar
Pósthólf 1058
121 Reykjavík
ira@ira.is Heimasíða: www.ira.is

CQ TF er félagsrit ÍRA og hóf blaðið göngu sína árið 1964.

Heiti þess er fengið úr fjarskiptamáli radióamatöra og hefur merkinguna „kall til allra íslenskra radióamatörstöðva“.

Tilgangur CQ TF er að vera umræðuvettvangur og upplýsingamiðill ÍRA, samhliða vefsíðum félagsins.

Starfsárið 2020–2021 er miðað við að blaðið komi út fjórum sinnum á stafrænu formi á heimasíðu félagsins sem PDF skjal. Útgáfumánuðir eru mars, júní og september 2020 og janúar 2021.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður CQ TF er Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB. Netfang: ira@ira.is

EFNI:

Frá ritstjóra · · · · ·	3
Frá formanni... · · · · ·	4
Félagsstarfið í Skeljanesi · · · · ·	6
Af alþjóðastarfi radióamatöra · · · · ·	27
Bættur árangur um ? dB á SSB · · · · ·	34
Þriggja banda dípóll: 80 – 40 – 20 m · · · · ·	36
Worked All States (WAS) · · · · ·	39
CQ WW DX SSB og CW keppnirnar 1979 · · · · ·	40
Fleiri lönd heimila 40 MHz · · · · ·	41
Strengjahopp · · · · ·	42
Bókahorn ÍRA · · · · ·	43
ÍRA; starfstímabilið 2020/21 · · · · ·	44
Af smíðaborðinu: Rafhlöðuvörn · · · · ·	49
Helstu DX keppnir 2021; janúar-apríl · · · · ·	51
DXCC skráning TF stöðva 22. janúar 2021 · · · · ·	52
John Devoldere, ON4UN · · · · ·	53
Fundarboð: Aðalfundur ÍRA 2021 · · · · ·	54

Hvað er amatör radió?

Radióamatörar eru þeir sem standast próf og fá leyfi hjá stjórnvöldum í hverju landi til að stunda fjarskipti og hanna og smíða búnað til þeirra. Hér er því ekki eingöngu um áhugamenn um fjarskipti að ræða heldur virka þátttakendur sem leggja stund á fjarskiptin og í því liggur munurinn á „áhugamanni“ og „amatör“.

Radióamatörum er úthlutað alþjóðlegum kallmerkjum sem þeir auðkenna sig með í fjarskiptum og hefjast íslensk kallmerki á bókstöfunum TF.

Amatör radió á sér fjölmargar hliðar. Tækni fjarskiptanna höfðar til margra, svo sem hönnun og gerð senditækja, viðtækja og loftneta, en radióamatörar hafa víða komið við sögu í þróun fjarskiptatækninnar. Notaðar eru ýmsar aðferðir við fjarskiptin, svo sem tal, mors, myndsendingar og stafrænar mótunaraðferðir. Sumir státa sig af fjarskiptum í kringum jarðkringluna með einföldum heimasmiðuðum tækjum og litlu afli úr vasaljósarafhliðum, á meðan aðrir leggja metnað í öflugra senda og loftnet og ná árangri í alþjóðlegum keppnum radióamatöra.

Radióamatörar hafa hannað og smíðað geivhnetti sem endurvarpa sendingum milli landa og enn aðrir nota yfirborð tunglsins til að spegla radiósendingar til fjarlægra heimshluta. Þekking radióamatöra á tækni og nýtingu skilyrða í háloftunum til fjarskipta er ómetanleg auðlind og hefur oft skipt sköpun í neyðartilvikum þegar hefðbundin fjarskiptakerfi hafa brugðist.



Frá ritstjóra

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB


Áhugamál okkar er um margt sérstakt. Flestir geta verið sammála um að það sé m.a. vegna þess að amatör radió er fjölbreytt áhugamál. Vissulega er stóra málið hjá flestum fjarskiptin sjálf og sú sérstaða að radióamatörar hafa aðgang að tilgreindum tíðni-sviðum sem veita ótal tækifæri. Möguleikinn til fjarskipta um allan heim laðar menn og konur enn að áhugamálinu og þeir sem fyrir eru, brenna af áhuga jafnvel eftir áratuga þátttöku.

Margir radióamatörar smíða eigin tæki, bæði sendi og móttökutæki. Þó er líklega algengast að menn smíði margskonar aukahluti, svo sem aflgjafa og loftnetsaðlögunarbúnað, sem oftast er nú bara kallaður „Tjúnur.“ Ekki má heldur gleyma loftnetunum. Loftnetin eru sérsvið sem heillar marga og ríkulegar upplýsingar um loftnetasmíði má finna í bókum og blöðum og á netinu.

Líkt og vikið var að á þessum vettvangi í síðasta blaði, hefur ritstjóri verið að blaða í loftnetabókum og fletta greinum um loftnet á internetinu. Mest hefur verið skoðað það sem kallað mætti „Stutt loftnet fyrir langar bylgjur!“ þ.e. loftnet sem eru styttri en $\frac{1}{4}$ af bylgjulengd og hafa lengingarspólu og/eða „Top load“ til að hafa sendinn góðan.

Sú bók sem mest hefur verið flett undanfarið, er hvorki stór né þykk en þó stútfull af góðum hugmyndum. Bókin heitir „W1FB's Antenna Notebook.“ eftir Dough De Maw W1FB (SK). Bókin kom út hjá ARRL árið 1987, var margoft endurprentuð en er nú ófáanleg. Þeir sem hafa áhuga á þessari bók, þurfa þó ekki að örvænta. Ritstjóri prófaði að „Gúggla“ „W1FB's Antenna Notebook.“ og fékk upp skjáfylli af síðum þar sem mátti hala bókina niður á PFD formi án kostnaðar.

Ritstjóri, sem flakkar töluvert um internetið, kannaðist við sumar síðurnar, sem heimasíður valinkunnra radióamatöra og kallmerki sem ritstjóri þekkir við frá ótal heimsóknum til þeirra. Þó ritstjóri hafi ekki í neinum af þessum heimsóknum orðið var við vírusa eða aðra óværu, er rétt að minna á að fara með gát um internetið, net-túrhestar ferðast þar um á eigin ábyrgð.



Svo farið sé út í aðra sálma, þá færði DHL ritstjóra splunkunýjan Transceiver, sem kominn var alla leið frá Indlandi. Tækið heitir uBITX v6 og hefur 10 Wpep út í loftnet CW/SSB á lægri HF böndunum en 5W á 28 MHz. Móttakarinn nær frá ca 500KHz upp að 30MHz. Reyndar hefur ritstjóri hlustað vandræðalaust á RÚV á 189 kHz.



Tækið er selt sem „Kit“ en er þó eru allar prentplötur tilbúnar og prófaðar, mælt og stillt. Ekkert þarf að lóða. Hægt er að fá tækið með eða án kassa. Ef kassi er keyptur, þarf aðeins að festa móðurborði stöðvarinnar í kassann, festa skjá/tölvu á forplötu tækisins, festa hnappa og setja fáeina vírenda í samband. Á þessum síðustu og verstu tímum, er athyglisvert, að frá því að tækið var pantað á netinu, liðu 7 (sjö) dagar þar til það var komið á vinnuborðið.

Stöðin notar Arduino Nano stýringar og Si5351 rásir fyrir alla „local oscillator“. Framleiðandi segir að það taki innan við klukkustund frá því pakinn er opnaður þar til tækið er samsett og hægt er að fara í loftið, hvort heldur er á CW, SSB eða stafrænum mótunum. Ritstjóri telur þó að tvo klukkutíma taki að sortera skráfurnar, en eftir það ætti hálf tími að duga.

Fyrir áhugasama er hægt að mæla með vefslóðinni:

<https://www.hfsignals.com/index.php/ubitz-v6/>

Enn eitt starfsár er brátt á enda. Ég vil þakka stjórn ÍRA og félagsmönnum ánægjulegt samstarf á starfsárinu 2020/21 og fyrir góðan stuðning við CQ TF. Þessi stuðningur hefur vaxið með hverju tölublaði bæði að blaðsíðufjölda og fjölda félaga sem sent hafa efni til birtingar. Höldum áfram á þessari farsælu braut. Síðast, en ekki síst, við ég þakka samstarfsmönnum mínum í ritnefnd fyrir frábæra samvinnu. Fyrirhugað er að næsta blað komi út sunnudaginn 11. apríl n.k. Frestur til að skila efni verður til 2. apríl n.k.

73,

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, ritstjóri CQ TF



Frá formanni...

Jónas Bjarnason, TF3JB

Fullyrða má að starfsárið 2020–21 sé það óvenjulegasta í nær 75 ára sögu ÍRA. Árið byrjaði vissulega vel. Þann 15. febrúar héldum við fjölmennan og vel heppnaðan aðalfund á Hótel Sögu í Reykjavík. Fráfarandi stjórn lagði fram og skilaði af sér glæsilegri ársskýrslu, þar sem skráð var öflugt félagsstarf starfsársins á alls 168 blaðsíðum. Undirtektir félagsmanna voru stórkostlegar og var fráfarandi stjórn endurkjörin með lófaklappi.

Eftir aðalfundinn hófst ný stjórn handa af krafti til góðra verka. Einhver viðamesta vetraráætlun ÍRA frá upphafi hafði verið kynnt í síðasta félagsblaði skömmu fyrir aðalfundinn (í lok janúar). Framundan voru því ráðgerðir nær 30 viðburðir í Skeljanesi frá febrúar til maí. Ritnefnd lét sitt ekki eftir liggja og kom nýtt 44 blaðsíðna CQ TF út aðeins 6 vikum eftir fundinn. Þar var m.a. birt fundargerð aðalfundar og önnur aðalfundargögn, auk hefðbundins efnis. Væntingar voru miklar um öflugt félagsstarf og

viðgang áhugamálsins á starfsárinu.

En eins og við þekkjum svo vel í dag, varð Covid-19 faraldurinn til þess að „lama“ starfsemina hjá okkur líkt og annars staðar í þjóðfélaginu sem og erlendis. Við byrjuðum strax á að fresta fyrirhuguðum flóamarkaði sem hafði verið auglýstur þann 8. mars. Bjartsýni var mikil og því frestuðum þessum mest sóttu viðburði í félaginu um tvo mánuði, til maímánaðar. Hins vegar, þegar þetta er skrifað (15. janúar) hafa ekki enn skapast aðstæður til að auglýsa flóamarkað – en væntingar eru um að af honum getið orðið með vorinu 2021 þegar bólusetningar við veirunni eru orðnar almennar.

Fyrirhugað námskeið til amatörleyfis sem til stóð að halda skömmu eftir aðalfundinn 2020 fór sömu leið og aðrir viðburðir. Í dag standa vonir til að hægt verði að halda námskeið á vormisseri 2021. Stjórn félagsins sló þann varnagla á fundi sínum 24. nóvember s.l., að fara þess á leit við prófnefnd að hún



Stjórn ÍRA starfsárið 2020/21. Fremri röð frá vinstri: Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri, Guðmundur Sigurðsson TF3GS ritari, Heimir Konráðsson TF1EIN varastjórn. Aftari röð frá vinstri: Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA varastjórn, Georg Kulp TF3GZ meðstjórnandi, Jónas Bjarnason TF3JB formaður og Óskar Sverrisson varaformaður. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.




Námskeið ÍRA til amatörleysis hafa verið haldin í húsnæði Háskólans í Reykjavík frá árinu 2013.

kanni grundvöll þess að efna til námskeiðs yfir netið, hamli faraldurinn eðlilegu námskeiðshaldi í vor.

Það sem ekki hefur riðlast eða verið frestað er útgáfa félagsblaðsins okkar, CQ TF sem hefur komið út upp á dag samkvæmt útgáfuáætlun og er þetta blað fjórða tölublað starfsársins. Félagsblaðið hefur þannig verið kjölfesta í starfinu ásamt heimasíðu og Fésbókarsíðum þar sem efni er stöðugt uppfært. Netið kemur sér vel og brúar bilið á milli þess sem félagsblaðið kemur út.

Fastir félagsviðburðir í loftinu riðluðust heldur ekki enda þátttaka óháð faraldurinn, hvort heldur félagarnir voru frá heimastöð í loftinu eða á ferðinni. Hér er að sjálfsgöðu átt við Páskaleikana, VHF/UHF leikana og TF útileikana, í apríl, júlí og ágústmánuðum. Umsjónarmenn þeirra, þeir Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY og Einar Kjartansson, TF3EK stóðu vel að baki viðburðanna sem allir fengu framúrskarandi góða þátttöku. Vonir standa til að þeir geti veitt verðlaunagrip og viðurkenningar til þeirra sem náðu bestum árangri fljótlega eftir að félagsaðstöðuna verður opnuð á ný.

Það nýmæli var tekið upp í nóvember að efna til „spjallfundar“ á netinu í máli og mynd og voru fjórir fundir haldnir yfir netið til áramóta. Það var Ágúst Bjarnason, TF3OM sem reið á vaðið og bauð til fyrsta fundar þann 19. nóvember. Notað var vefforritið Zoom sem sækja má frítt á netið. Hugmyndin hjá Ágústi var að gera mönnum kleift að sjást og tala saman í mynd á meðan félagsaðstaðan væri lokuð og var stefnan tekin á fimmtudaga kl. 20:00. Tilraunin



Skjámynd frá síðasta vefspjalli fyrir jól, 17. desember. Ljósmynd: Jón Björnsson TF3PW.

tókst vel og tók Jón Björnsson, TF3PW við keflinu og efndi til áframhaldandi netfunda fimmtudagana 26. nóvember og 10. og 17. desember. Engin sérstök dagskrá var auglýst fyrirfram, en umræðuefni voru næg og stóðu fundirnir allt upp í tvær og hálf klukkustund. Á bilinu frá 5–11 félagar mættu á hvern fund.

Stjórn félagsins hefur verið virk og staðið þétt saman á starfsárinu. Vegna faraldursins hafa aðstæður kallað á aukið samráð í síma og í tölvupósti og eftir atvikum, persónulegum fundum. Formlegir stjórnarfundir hafa verið færri en í „venjulegu“ starfsári og hefur verið leitast við að takmarka lengd þeirra við eina klukkustund. Hefðbundin verkefni, svo sem samskipti við Póst- og fjarskiptastofnun, erlend systurfélög, NRAU og IARU hafa gengið á venjubundinn hátt og með ágætum. Ráðstefnur NRAU og IARU Svæðis 1 voru haldnar yfir netið og heppnuðust vel. Kristján Benediktsson, TF3KB, tengiliður ÍRA tók þátt í þeim. Síðari hluti ráðstefnu IARU Svæðis 1 er síðan á dagskrá í október á þessu ári. Sjá grein eftir Kristján Benediktsson, TF3KB um fundina í þessu blaði.

Á þessu ári, 2021 verður haldið upp á stórafmæli ÍRA, en félagið verður 75 ára þann 14. ágúst n.k. Undirbúningur hefur verið erfiður sökum þeirrar óvissu sem Covid-19 faraldurinn leiðir af sér. Það fellur því í skaut nýrrar stjórnar sem tekur við á aðalfundinum 13. mars n.k. að ljúka undirbúningi þessa verkefnis. Félagsmenn geta hins vegar treyst því að haldið verður eins myndarlega og hægt er upp á þessi tímamót í ágúst næstkomandi.

Hér verður ekki fjallað frekar um starfið á yfirstandandi starfsári. Þeim atriðum verða gerð skil í skýrslu formanns sem lögð verður fram á aðalfundinum 13. mars n.k. Eins og áður kemur fram, liggur fyrir að starfsárið hefur verið óvanalegt og án fordæmis vegna faraldursins. Ljóst er, að þótt vel hafi til tekist með rekstur félagsins undir þessum kringumstæðum eru næg viðfangsefni framundan. Og framtíðin lofar góðu í ljósi þess að bólusetning er hafin gegn vágæstinum. Ég er reiðubúinn til að takast á við þau verkefni sem framundan eru hjá félaginu og hef því ákveðið að gefa kost á mér í embætti formanns á starfsárinu 2021/22.

Bestu þakkir til ykkar allra fyrir frábær samskipti og samstarf á starfsárinu 2020/21.

Jónas Bjarnason, TF3JB
formaður ÍRA



Félagsstarfið í Skeljanesi

Jónas Bjarnason, TF3JB

Þessi inngangur er skrifaður 15. janúar 2021. Þá eru liðnir fjórir mánuðir þar sem frá var horfið í síðasta blaði, sem kom út 27. september 2020. Að venju hefur margt áhugavert gerst í félagsstarfinu á þessum tíma þrátt fyrir endurteknar lokanir félagsaðstöðunnar í Skeljanesi vegna kórónaveirunnar COVID-19. Hér á eftir er fjallað í dagbókarformi um starfið frá 16. september 2020 til 15. janúar 2021.

6. september – Innsending efnis.

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB ritstjóri CQ TF sendi erindi til félagsmanna á heimasíðu og FB síðum í byrjun september, þar sem hann vakti athygli á að frestur til að senda efni í næsta tölublað væri til 15. september. Ritstjóri orðaði það þannig: „...að allt efni um áhugamálið væri vel þegið: TF3SB, ritstjóri CQ TF. „frásagnir, ljósmyndir eða jafnvel aðeins punktar og ábendingar um efni sem vinna má úr“. Viðtökur voru með ágætum og kom 4. tölublað 2020 út sunnudaginn 27. september á PDF formi á heimasíðu félagsins, 53 blaðsíður að stærð.




17. september – Opnað í Skeljanesi á ný.

Félagsaðstaðan í Skeljanesi var opnuð á ný fimmtudaginn 17. september. Þá hafði verið lokað frá 6. ágúst vegna COVID-19. Vandað var að venju með kaffinu og nýjustu tímaritin lágu frammi.



Handspritt og andlitsgrímur voru í boði á sérstöku borði við inngang í salinn í Skeljanesi 17. september þegar opnað var á ný.

Eins og gefur að skilja höfðu menn um mikið að tala og var umræðuefnið klassískt; tæki, búnaður og fræðin, auk þess sem félagar vitjuðu innkominna korta og komu með kort til útsendingar. Hans Konrad Kristjánsson, TF3FG kom færandi hendi með radió-



Dótið sem TF3FG færði í hús frá TF3BM 17. september er ofaná og til hliðar við stóru tækin tvö. Meðal annars Hitachi hleðsluborvél í tösku (til vinstri), Fluke fjölsviðsmælir og Motorola HT-500 VHF handstöðvar. Ljósmyndir: TF3JB.

dót og smáhluti með kveðju frá Bjarna Magnússyni, TF3BM, samanber ljósmynd. Alls mættu 16 félagar í Skeljanesi þetta ágæta haustkvöld í Reykjavík.

19.–20. september – TF3W í SAC CW 2020.

Félagsstöðin TF3W var virk í morshluta Scandinavian Activity Contest (SAC) sem haldin var 19.–20. september. Keppnin er sólarhringskeppni. Sigurður R. Jakobsson, TF3CW virkjaði stöðina. Þátttaka var í einmenningsflokki á 20 metrum, háafli. Fjöldi sambanda var 1050 og reiknuð bráðabirgðaniðurstaða er 132.394 stig (53 margfaldarar og 2502 QSO stig).



Sigurður R. Jakobsson TF3CW virkjaði félagsstöðina TF3W í morshluta SAC keppninnar 2020. Hann notaði Icom IC-7300 stöð félagsins í keppninni. Ljósmynd: TF3JB.


Samkvæmt því var TF3W í 5. sæti í [blönduðum] keppnisflokki, en SAC keppnin gerir ekki greinarmun á stöðvum sem taka þátt með eða án aðstoðar.

Siggi sagði að skilyrðin hafi verið „upp og niður“; Evrópa hafi verið ríkjandi, en góð sambönd niður í Indlandshaf, til Norður-Ameríku, Asíu og í Kyrrahafið.

TF3JB tók þátt í sama keppnisflokki (en með aðstoð). Hann var í 20. sæti skv. bráðabirgðaniðurstöðum.

21. september – Lokun í Skeljanesi.

Stjórn ÍRA tók ákvörðun 21. september um lokun félagsaðstöðunnar í Skeljanesi fimmtudaginn 24. september.



Tilkynning var sett upp við inngang í Skeljanesi með upplýsingum um lokun 24. september. Mynd: TF3JB.

Ákvörðunin byggði á gildandi tilskipun heilbrigðisráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, en sér í lagi vegna ríkjandi óvissu í ljósi þess að þriðja bylgja Covid-19 virtist hafin. Ákvörðunin gildi fyrir opnunarkvöldið 24. september.

Í tilkynningum, sem settar voru á heimasíðu og FB síður sama dag, var þess jafnframt getið, að fari allt á besta veg verði auglýst opnun á ný fimmtudaginn 1. október.

24. september – TF7DHP

Daggeir Pálsson, TF7DHP heimsótti höfuðborgina í lok september. Daggeir hafði ætlað að mæta í Skeljanesi fimmtudaginn 24. september og hitta félagana, en þar var þá lokað vegna COVID-19 faraldursins.

Ari Þórólfur Johannesson, TF1A og Jónas Bjarnason, TF3JB hittu Daggeir þess í stað (sama dag) og var snæddur saman léttur hádegisverður. Daggeir var hress að vanda. Mikið var spjallað og það



Eins og sjá má á klæðnaði manna var svalt veður í höfuðborginni þennan dag. Ljósmynd: María Jóhannsdóttir.




Fjarskiptaaðstaða TF7DHP heima á Akureyri er m.a. búin Kenwood TS-890S stöð og SP-890 borðhátalara. Ljósmynd: Daggeir Pálsson, TF7DHP.

hann fyrir góðar kveðjur til strákanna. Hann sagðist hlakka til að heyra í mannskapnum á 80 metrum eftir að hann kemur aftur norður.

25. september – nýr prófessor við HR.

Fram kom í Morgunblaðinu þann 25. september, að dr. Hannes Högni Vilhjálmsson, TF3VUN hafi hlotið stöðu prófessors við tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík eftir mat alþjóðlegrar hæfnisnefndar.



Þess má geta að foreldrar hans eru bæði leyfishafar, þau Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX og Guðrún Hannesdóttir, TF3GD.

Hannes Högni TF3VUN er handhafi leyfisbréfs radióamatöra nr. 254 frá árinu 2002. Ljósmynd: Aðsend.

Stjórn ÍRA sendi Hannesi Högna og fjölskyldu hamingjuóskir á heimasíðu og FB síðum.

26.–27. september – TF3IRA í CQ WW RTTY keppninni 2020.

Félagsstöðin TF3IRA var virkjuð í CQ World Wide RTTY DX keppninni sem haldin var 26.–27. september. Óskar Sverrisson, TF3DC virkjaði stöðina. Alls var skilað inn keppnisgögnum fyrir átta TF kallmerki í keppninni. Sjá nánari umfjöllun aftar.

27. september – Nýtt CQ TF

Nýtt CQ TF kom út á heimasíðu ÍRA sunnudaginn 27. september. Um var að ræða 4. tölublað ársins. Ávarp ritstjóra, TF3SB var eftirfarandi: „Mér er ánægja að tilkynna um útkomu 4. tbl. CQ TF 2020 sem nú kemur út á stafrænu formi hér á heimasíðunni. 73 – TF3SB, ritstjóri CQ TF“.



Meðal efnis í blaðinu, auk greina ritstjóra og formanns, má nefna mynd af QSL korti TF3MB frá árinu 1949; greinin Félagsstarfið í Skeljanesi 14. júní til 15. september; frásögn um nýjar útgáfur ZL2IFB (G4IFB) um FT8/FT4 samskiptareglur undir MFSK mótun og um Logbook of The World (LoTW); grein um niðurstöður VHF/UHF leikanna 2020; um niðurstöður TF útileikanna 2020; grein um útgáfusögu ÍRA 1946–2020; umfjöllun og myndir um vinsælar stöðvar í gegnum tíðina: Yaesu FT-102 og FT-1000MP; grein um aðgengileg viðtæki yfir netið hér á landi; Bókahorn CQ TF; Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2020/21; grein um samanburð VHF loftneta; frásögn af ferð TF3WK/M um landið; fundargerðir stjórnar ÍRA; fundir nr. 2 og 3 starfsárið 2020/21, grein um ALC stillingu á FT8 og FT4 samskiptaháttunum; helstu DX keppnir út janúar 2021; frásögn um erindi TF3EY (OH2LAK) um DMR fjarskipti sem flutt var á árinu 2019 í Skeljanesi og DXCC heildarstaða TF stöðva m.v. 12. september. Blaðið var alls 53 blaðsíður að stærð.

29. september – Lokað 1. október.

Eftirfarandi tilkynning var sett inn á heimasíðu og FB síður 29. september:



Stjórn ÍRA hefur ákveðið að félagsaðstaðan í Skeljanesi verði áfram lokað fimmtudaginn 1. október.

Ákvörðunin byggir á gildandi tilskipun heilbrigðisráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, en sér í lagi vegna ríkjandi óvissu í ljósi þess að nú virðist hafin 3. bylgja Covid-19.

Ákvörðunin gildir fyrir n.k. opnunarkvöld. Fari allt á besta veg verður auglýst opnun á ný fimmtudaginn 8. október n.k.

Það er von okkar að þessari ákvörðun fylgi ríkur skilningur.

Stjórn ÍRA.

3. október – Glæsilegur árangur TF3EK

Einar Kjartansson, TF3EK náði markverðum árangri í byrjun október, þegar hann náði 1001 stigi í SOTA verkefninu. Þessi frábæri árangur byggist á virkjun alls 186 íslenskra fjallatinda.

SOTA (Summits On The Air) verkefnið var stofnað árið 2002. Málið snýst um að fara á fjöll með fjarskiptatæki og búnað og hafa sambönd við aðra leyfishafa á amatörböndunum. Fjallatindar eru skilgreindir sérstaklega í hverju landi; hérlandis eru þeir 910 talsins.

Auk Einars, hafa eftirtaldir leyfishafar skráningu með stig á heimasíðu SOTA: TF3DX (212); TF3Y (38); TF3CW (14); TF3GD (8); TF3EO (5); TF3EE (4); TF3WJ (1) og TF8KY (1). Alls hafa 20 TF kallmerki skráningu í gagnagrunni SOTA. Heimasíða: <https://www.sota.org.uk/>

Þeir Egill Ibsen TF3EO, Einar Kjartansson TF3EK og Þórður Ívarsson TF5PX settu kerfið upp hér á landi. Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX varð fyrstur til að „virkja“ fjallatind á Íslandi samkvæmt verkefninu þann 1. september 2016 þegar Ísland gerðist aðili. Hamingjuóskir til Einars með árangurinn.



Einar Kjartansson TF3EK.
Ljósmynd: TF3JB.



Verðlaunagripur eins og sá sem Einar stendur til boða.
Nafnbótin "Mountain Goat" fylgir.
Ljósmynd: VK3YY

Benda má á fróðlegt erindi TF3EK sem hann flutti í Skeljanesi 7. mars 2019: „Búnaður og aðferðir sem henta fyrir SOTA“. Þar fór hann m.a. yfir tilurð SOTA, heppilegan búnað og útskýrði hvernig sambönd eru höfð og færð inn í gagnagrunn á heimasíðu verkefnisins. Sjá CQ TF, 2. tbl. 2019 bls. 32, vefslóð:

http://www.ira.is/wp-content/uploads/2019/03/cqtf_33arg_2019_02tbl.pdf

4. október – Greinasafn REF

Landsfélag radióamatöra í Frakklandi (REF) ákvað að bjóða radióamatörum um allan heim opinn aðgang að

greinasafni félagsins á netinu frá og með októbermánuði 2020.

Um er að ræða mikið af áhuga-verðu efni, m.a. um fræðin og fjaraskiptin, s.s. um skilyrðin, loftnet (á HF, VHF og hærri tíðnum), fæðilínur, mismunandi tegundir útgeislunar, fjaraskipti um gervitungl, m.a. QO-100 og margt fleira.

Að auki eru meðal efnis, valdar greinar úr félagsblaðinu RADIO-REF. Greinasafnið er á frönsku, en auðvelt er að kalla fram enska þýðingu með því að slá inn meðfylgjandi vefslóð (sjá neðar). Þess má geta að systurfélag okkar í Frakklandi, L'association Réseau des Émetteurs Français (REF) var stofnað árið 1925.

ÍRA þakkar REF fyrir boðið sem hér með er komið á framfæri við félagsmenn.

<https://tinyurl.com/FranceREF>

<https://publications.r-e-f.org/>

4. október – Konungur Taílands nýr leyfishafi.

Skýrt var frá því opinberlega þann 4. október að hans hátign Vajiralongkorn, konungur Taílands, hafi tekið við leyfisbréfi fyrir kallmerki radióamatöra 24. september í konungshöllinni í Bangkok. Kallmerkið er HS10A.



Mynd frá athöfninni í konungshöllinni í Bangkok 24. september. Ljósmynd: Landsfélag radióamatöra á Taílandi, RAST.

Viðstaddir athöfnina voru fulltrúar stjórnvalda (NBTC), landsfélags radióamatöra á Taílandi (RAST) og fleiri boðgestir.

Heimasíða RAST: <https://www.qsl.net/rast/>

5. október – Áfram lokað í Skeljanesi.

Eftirfarandi tilkynning var sett á heimasíðu og FB síður 5. október:



Stjórn félagsins hefur ákveðið að félagsaðstaða ÍRA í Skeljanesi verði lokað áfram næstu tvo fimmtudaga, 8. og 15. október n.k. Engin starfsemi verður í húsnæðinu á okkar vegum, þar til annað verður ákveðið.

Ástæðan er ákvörðun heilbrigðisráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, sem tók gildi í dag, 5. október vegna hraðari útbreiðslu COVID-19 í samfélaginu og gildir til 19. október n.k. Nánar er vísað í fjölmiðla. Ef allt fer vel á besta veg verður auglýst opnun á ný 22. október n.k.

Það er von okkar að þessari ákvörðun fylgi ríkur skilningur.

Stjórn ÍRA.

6. október – TF3WARD


Nýtt kallmerki ÍRA, TF3WARD var virkjað í fyrsta skipti á Alþjóðadag radióamatöra þann 18. apríl 2020. Viðskeytið stendur fyrir: „World Amateur Radio Day“, en 18. apríl er stofndagur alþjóðasamtaka landsfélaga radióamatöra, IARU sem voru stofnuð í París, þann dag árið 1925.

Sérstakt QSL kort hefur nú verið hannað fyrir TF3WARD. Það er Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS sem á heiðurinn af því. Mathías Hagvaag, TF3MH, QSL stjóri félagsins var með í ráðum.

Kortið er hið veglegasta og félaginu til sóma. Með virkjun þessa kallmerkis fetuðum við í fótspor systurfélaganna á Norðurlöndum (og víðar), sem starfrækja sérstök kallmerki með hliðstæðum viðskeytum til að halda upp á stofndag IARU ár hvert.

Í athugun er að starfrækja TF3WARD e.t.v. í fleiri daga á árinu 2021 heldur en einvörðungu á sjálfan afmælisdaginn 18. apríl.

Þakkar til þeirra Vilhjálms Ívars og Mathíasar fyrir verkefni vel úr hendi leyst.



8. október – Framkvæmdir í Blá fjöllum


Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ gerðu góða ferð í Blá fjöll 8. október.



Loftnet TF3RPB endurvarpan fyrir lækun. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.

Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A í Blá fjöllum þegar lofnetið var sett upp í. Ljós.: TF3GZ.

Fyrri verkefnið af tveimur var að gera endurvarpan TF3RPB kláran fyrir veturinn með því að lækka og ganga frá lofneti endurvarpan, en mikil ísing er á fjallinu á þeim árstíma. Strákarnir höfðu sett lofnetið upp 23. júlí s.l. til prufu, en nú var endanlega gengið frá því. Lofnetið, sem er frá Kathrein, er samsett úr tveimur lóðréttum „folded“ tvíþólum sem eru fasaðir saman.



Lofnetið klárt fyrir veturinn. Georg Kulp TF3GZ í Blá fjöllum 8. október. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.

Síðara verkefnið var að skipta út lofneti við KiwiSDR viðtækið sem sett var upp á fjallinu 27. júní í sumar til bráðabirgða. Skipt var út láréttum tvíþól fyrir langan vír, sem er strekktur á milli tveggja steina í fjallshlíðinni til að standast veðurálagið í vetur. Þakkir til þeirra þeirra Ara og Georgs fyrir dugnaðinn.

9. október – CQ WW RTTY keppnin 2020.

Bráðabirgðaniðurstöður (raw scores) í CQ WW RTTY DX keppninni, sem fram fór 26.–27. september, voru kynntar 9. október. Alls skiluðu



átta TF stöðvar gögnum til keppnisstjórnar í fimm keppnisflokkum en samiburðardagbókum (check-log) var skilað fyrir tvær.

Bráðabirgðaniðurstöður eru eftirfarandi í hverjum keppnisflokki samkvæmt heildarpunktum, yfir heiminn (H) og Evrópu (EU). Endanlegar niðurstöður verða birtar í marshefti CQ árið 2021.

TF1AM – einm.fl., öll bönd, háafl. Árangur: 301.452 heildarpunktar; nr. 81 (H); nr. 25 (EU).

TF3DT – einm.fl., öll bönd, háafl. Árangur: 44.070 heildarpunktar; nr. 264 (H); nr. 91 (EU).

TF3AO – einm.fl., 20 m, háafl, aðstoð. Árangur: 17.836 heildarpunktar; nr. 65 (H); nr. 42 (EU).

TF3PPN – einm.fl., 20 m, lágafl, aðstoð. Árangur: 512 heildarpunktar; nr. 58 (H); nr. 32 (EU).

TF2MSN – einm.fl., öll bönd, lágafl. Árangur: 19.344 heildarpunktar; nr. 582 (H); nr. 326 (EU).

TF/DJ7JC – einm.fl., öll bönd, lágafl, aðstoð. Árangur: 3.100 punktar; nr. 374 (H); nr. 195 (EU).

TF3IRA (TF3DC op.) – viðmiðunardagbók (check-log).

TF3VS – viðmiðunardagbók (check-log).

Hamingjuóskir til viðkomandi.

10.–11. október – SAC SSB keppnin 2020.

Félagssstöðin TF3W var virkjuð í SSB hluta Scandinavian Activity Contest (SAC) keppninnar sem haldin var 10.–11. október. Sigurður R. Jakobsson, TF3CW virkjaði stöðina. Alls var skilað inn keppnisgögnum fyrir þrjú TF kalmerki í keppninni. Sjá nánari umfjöllun aftar.

15. október – Blá fjöll gerð klár fyrir veturinn.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ gerðu ferð í Blá fjöll 15. október. Verkefni dagsins var að ganga endanlega frá nýju LW lofneti sem sett var upp á fjallinu 8. október fyrir KiwiSDR viðtæki TF3GZ sem þar er staðsett.

Frágangur á LW lofnetinu uppi í turninum. Unun'in er fest ofan á þverslána. Ljósmynd: Georg Kulp TF3GZ.





Tengikassinn fyrir KiwiSDR viðtækið í Bláfjöllum. Mynd: Georg Kulp TF3GZ.

Viðtækið, sem upphaflega var sett upp þann 27. júní, er nú laust við truflanir en mikið RF svið er á



Sían sem rætt er um í textanum. Ljósmynd: Georg Kulp TF3GZ.

fjallinu. Lausnin var m.a. að setja sérstaka síu á netið og er viðtaka nú truflanafri frá 1,6–30 MHz.



Unun frá Ultimax 100 er notuð til að lækka sýndarviðnámið í sæðipunkti fyrir viðtækið. Ljósmynd: Georg Kulp TF3GZ.

Þakkir til þeirra félaga Ara og Georgs fyrir dugnaðinn og frábært framlag. Gott viðtæki yfir netið á þessum stað er mikilvæg viðbót fyrir radióamatöra sem gera tilraunir í þessum tíðnisviðum, auk hlustara og allra sem hafa áhuga á útbreiðslu radióbylgna.

16. október – Gjöf til félagsins.

Stjórn ÍRA tók á móti góðri gjöf til félagsins 16. október. Um er að ræða 25–30 lítra af þakmálningu. Það var félagsmaður okkar, Gunnar Bergþór Pálsson, TF2BE sem hafði samband og sagðist eiga þakmálningu til ráðstöfunar.

Hann sagðist hrifinn af framtaki félaganna við að mála húsið í Skeljanesi að utan í sumar og óskaði að



Málningin móttækin og undirbúin til flutnings í Skeljanes 16. október. Ljósmynd: TF3JB.

leggja sitt af mörkum og gefa félaginu þakmálningu, ef ske kynni að hugmyndir væru uppi um að mála þakið líka. Á meðfylgjandi mynd hafði verið tekið á móti gjöfinni og dósirnar undirbúnar til flutnings í Skeljanes. Stjórn ÍRA þakkar velvilja og góðan stuðning.



Húsið í Skeljanesi eftir að framhliðin var máluð í sumar. Hugmyndin er að hefjast handa við að mála þakið í vor. Ljósmynd: TF3JB.

17. október – SAC SSB keppnin 2020.

Scandinavian Activity Contest (SAC) SSB keppnin fór fram 10.–11. október. Keppnin er sólarhringskeppni. Þrjár TF stöðvar skiluðu inn gögnum í þremur keppnisflokkum. Ekki er gerður greinarmunur í röðun innan keppnisflokka hvort aðstoð var nýtt eða ekki.



TF3CW í loftinu frá TF3W 10. október. Fjöldi sambanda var alls 1105. Reiknuð bráðabirgðaniðurstaða: 149.524 stig (51 margfaldari og 2578 QSO stig). Siggi sagði að skilyrðin hafi verið sveiflukennd, en best til Evrópu.

Niðurstöður eru eftirfarandi samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum (*claimed score*):
TF3W (TF3CW op.); einm.fl., 20m, háafl – 2. sæti.
TF3T; einm.fl., 80m, háafl – 2 sæti.
TFKY; einm.fl., öll bönd, háafl – 76. sæti.

Hamingjuóskir til viðkomandi

19. október – Áfram lokað í Skeljanesi.

Eftirfarandi tilkynning var sett inn á heimasíðu og FB síður 19. október:



Stjórn félagsins hefur ákveðið að félagsaðstaða ÍRA í Skeljanesi verði lokað næstu þrjá fimmtudaga, þ.e. 22. og 29. október og 5. nóvember n.k. Engin starfsemi verður í húsnæðinu á okkar vegum, þar til annað verður ákveðið.

Ástæðan er ný reglugerð heilbrigðisráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar sem tekur gildi á morgun, 20. október með gildistíma til 10. nóvember n.k. Hertar sóttvarnareglurnar snúast m.a. um fjöldatakmörkun m.v. 20 manns og að tryggja skuli að hægt sé að hafa 2 metra á milli einstaklinga sem ekki eru í nánum tengslum.

Sá möguleiki hefur verið ræddur að bjóða upp á starfsemi á vegum félagsins á netinu verði farsóttin mikið lengur þetta alvarleg. En fari allt á besta veg verður auglýst opnun á ný fimmtudaginn 12. nóvember.

Það er von okkar að þessari ákvörðun fylgi ríkur skilningur.

Stjórn ÍRA.

28. október – QSL kort fyrir TF3WARD.

Líkt og fram kemur fyrir í þessari umfjöllun, hannaði Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS nýtt QSL kort fyrir kallmerki félagsins, TF3WARD og var TF3MH QSL stjóri félagsins með í ráðum.

Ákveðið var að prenta upplag af kortinu til bráðabirgða til að afgreiða fyrirbyggjandi beiðnir og fékk Mathías það upplag afhent 28. október. Ársæll Óskarsson, TF3AO mun síðan hafa milligöngu um prentun hjá UX5UO í vor. Kallmerkið verður næst




Mathías Hagvaag TF3MH QSL stjóri ÍRA var ánægður með kortin og sagði þau væru vel nothæf til að byrja með. Ljósmynd: TF3JB.

virkjað 18. apríl 2021 á Alþjóðadag radióamatöra og er til skoðunar að félagsstöðin verði jafnvel QRV fleiri daga heldur en eingöngu á afmælisdaginn sjálfan. Velunnari félagsins annaðist [og kostaði] prentun á nefndu upplagi nýja kortsins. Stjórn ÍRA þakkar framlagið og góðan hug gefanda.

29. október – Bestu skilyrði í 3 ár.

Skilyrði til fjarskipta á HF voru áhugaverð í októbermánuði.



Hærri böndin lifnuðu og stóð Flux'inn (SFI) t.d. í 88 þann 29. október sem er hæsta gildi sem þá hafði sést í þrjú ár. Sólblettafjöldi var (sama dag) 36 samanborið við 22 daginn áður og 11 daginn þar á undan. Upplýsingar voru settar á heimasíðu og FB síður til kynningar.

Vefslóð: <https://www.solarham.net/>

2. nóvember – CQ WW DX SSB keppnin 2020.

CQ World Wide DX SSB keppnin fór fram 24.–25. október. Sjö TF stöðvar skiluðu inn gögnum, fjórar í jafn mörgum keppnisflokkum og þrjár samanburðardagbókum (*check-log*).

Bráðabirgðaniðurstöður (*raw scores*) voru kynntar 2. nóvember. Niðurstöður eru samkvæmt áætlaðri stöðu í viðkomandi keppnisflokkum, annars vegar yfir heiminn (H) og yfir Evrópu (EU). Endanlegar niðurstöður verða birtar í málefni CQ tímaritsins 2021.



Benedikt Sveinsson TF3T var með bestan árangur TF stöðva í CQ WW DX SSB keppninni 2020. Ljósmynd: TF3JB.

TF8TY, einm.fl., 20 m, háafl. Árangur: 946 heildarpunktar; nr. 150 (H); nr. 61 (EU).

TF3T, einm.fl., 80 m, háafl. Árangur: 25.288 heildarpunktar; nr. 26 (H); nr. 19 (EU).

TF8KY, einm.fl., öll bönd, háafl. Árangur: 40.172 heildarpunktar; nr. 538 (H); nr. 232 (EU).


TF2MSN, einm.fl., öll bönd, lágafl. Árangur: 64.638 heildarpunktar; nr. 421 (H); nr. 268 (EU).

Samanburðardagbækur bárust frá TF3IRA (TF3DC op.), TF3SG og TF3VS.

Hamingjuóskir til viðkomandi.

7. nóvember – Góð skilyrði áfram á HF

Áhugaverð skilyrði á HF í lok október héldu áfram í byrjun nóvember. Hærri böndin opnuðust m.a. upp á 10 metra. Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 7. nóvember:



Flux'inn (SFI) stóð í 94 þann 7. nóvember og var sama gildi spáð áfram. Sólblettafjöldi stóð í 35 sama dag. Þetta eru langhæstu gildi sem hafa sést í meir en þrjú ár. Vefslóðir:

<https://www.solarham.net/>

<https://dx.qsl.net/propagation/>

7. nóvember – Viðurkenningar radióamatöra.

Uppfærð staða fyrir nokkrar eftirsóttustu viðurkenningar radióamatöra var sett á heimasíðu og FB síður þann 7. nóvember:



DXCC Challenge viðurkenning Brynjólfs Jónssonar TF5B er óneitanlega glæsileg. Ljósmynd: TF5B.

CQ 5 BANDA WORKED ALL ZONES (5BWAZ):

TF3DC 174 svæði; TF3JB 158 svæði; TF4M 188 svæði; og TF5B 158 svæði.

CQ WPX AWARD OF EXCELLENCE:

TF3Y (ásamt séráritunum fyrir 12, 17 og 30m) og TF8GX.

CQ USA COUNTIES AWARD:

TF4M (USA-500) og TF5B (USA-500).

ARRL DXCC 5 BANDA DXCC (5BDXCC):

TF3DC; TF3JB; TF3Y og TF4M.

ARRL DXCC CHALLENGE:

TF2LL; TF3DC; TF3JB; TF3Y; TF4M; TF5B og TF8GX.

ARRL DXCC HEIÐURSLISTI:

TF3Y (344 DXCC einingar).

Hamingjuóskir til viðkomandi.

9. nóvember – Lokað í Skeljanesi 12. nóvember.



Félagsaðstaðan í Skeljanesi. Myndin var tekin 9. nóvember. Ljósmynd: TF3JB.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 9. nóvember:

Stjórn félagsins hefur ákveðið að félagsaðstaða ÍRA í Skeljanesi verði lokuð næsta fimmtudaginn 12. nóvember n.k. vegna Covid-19 faraldursins.

Vísbendingar eru um að sóttvarnalæknir muni slaka á kröfum vegna farsóttarinnar í nýrri umsögn til heilbrigðisráðherra 16. nóvember n.k. (eða fyrr). Gangi mál á besta veg, ættum við að geta opnað á ný 19. nóvember n.k.

Stjórn félagsins hefur rætt um að bjóða upp á starfsemi á vegum félagsins yfir netið. Ákvörðun þess efnis verður kynnt sérstaklega verði útséð með opnun 19. nóvember n.k.

Það er von okkar að þessari ákvörðun fylgi ríkur skilningur.

Stjórn ÍRA.

10. nóvember – ON4UN er látinn.

Íslandsvinurinn John Devoldere, ON4UN hefur haft sitt síðasta QSO; merki hans er hljóðnað. Claude, ON4CK, formaður landsfélags radióamatöra í Belgíu (UBA) tilkynnti um lát hans 10. nóvember.



Í garðinum hjá TF3DX og TF3GD 4. ágúst 2011. Formleg afhending rits ÍRA „Siðfræði og samskiptasiðir radióamatöra“. Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX, Guðrún Hannesdóttir TF3GD, John Devoldere ON4UN, Jónas Bjarnason TF2JB og Kristján Benediktsson TF3KB. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.

Fjölmarginir íslenskir leyfishafar þekktu John og höfðu sambönd við hann í gegnum áratugina, en hann var mikill CW maður auk þess að vera virkur á SSB. Hann átti langan feril innan UBA og gegndi þar trúnaðarstörfum frá árinu 1963, m.a. sem formaður um árabíl. Hann var skipaður heiðursformaður UBA árið 2009. John var mikilhæfur í skrifum um málefni okkar og skrifaði m.a. bækur um loftnet og útbreiðslu radióbylgna. Hann heimsótti Ísland síðast 2011.

Um leið og við minnumst Johns með þökkum og virðingu færum við fjölskyldu hans innilegustu samúðarkveðjur.

John Devoldere, ON4UN, gerði góðan stans á landinu þann 4. ágúst 2011 á leið vestur um haf. Þetta var einkaheimsókn til Vilhjálmss Þórs Kjartanssonar,




Við sama tækifæri afhenti John ÍRA að gjöf, bókina ON4UN's Low-Band DXing. Um er að ræða 5. útgáfu bókarinnar. Á myndinni tekur Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA við gjöfinni. John áritaði bókina með eftirfarandi texta: „To all Í.R.A. members. Enjoy the book and good luck on the low bands. Iceland, 4. August 2011, John Devoldere, ON4UN“. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.

TF3DX og konu hans, Guðrúnar Hannesdóttur, TF3GD. Jónas Bjarnason, TF3JB og Kristján Benediktsson, TF3KB, áttu þess kost að hitta John á heimili þeirra hjóna. Við það tækifæri var honum formlega afhent eintak af ritinu Siðfræði og samskiptasiðir radióamatöra sem er þýðing Vilhjálmss Í. Sigurjónssonar, TF3VS á riti þeirra John Devoldere, ON4UN og Mark Demeuleneere, ON4WW, Ethics and Operating Procedures for the Radio Amateur. Fram kom, að íslenska þýðingin, sem ÍRA gaf út þann 13. ágúst 2009 var 2. tungumálið sem ritið var þýtt á yfir heiminn.

10. nóvember – Viðtækið í Bláfjöllum komið í lag.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A tilkynnti á FB síðum 10. nóvember að KiwiSDR viðtækið í Bláfjöllum væri komið í lag.

Viðtækið var upphaflega sett upp 27. júní s.l. með bráðabirgðaloftneti. Þann 8. október því skipt út fyrir



Myndin er af aðstöðunni í Bláfjöllum sem er í 690 metra hæð yfir sjávarmáli. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.

nýtt LW loftnet en þá komu upp truflanir þar sem mikið RF svið er á fjallinu. Viku síðar, 15. október var á ný lagt á fjallið og sérstök sía tengd við loftnetið.

Það gekk vel og hefur viðtækið síðan haft truflanafría viðtöku á tíðnisviðinu frá 1,6 til 30 MHz. Hins vegar hefur gengið misvel að tengjast viðtækinu yfir netið. Þann 10. nóvember tókst að staðsetja bilunina og er aðgangur hnökralaus síðan. Vefslóðir á Bláfjöll eru: <http://bla.utvarp.com> og <http://blafjoll.utvarp.com> Hin tvö KiwiSDR viðtækin sem eru virk yfir netið, eru staðsett á Bjargtöngum í Vesturbyggð, vestasta tanga Íslands og ysta oddi Látrabjargs og á Raufarhöfn.

Vefslóðir:


Viðtæki á Bjargtöngum: <http://bjarg.utvarp.com>

Viðtæki á Raufarhöfn: <http://raufarhofn.utvarp.com>

Stjórn ÍRA þakkar þeim Ara Þórólfi Jóhannessyni TF1A, Georg Kulp TF3GZ og Árna Helgasyni TF4AH ásamt fleirum fyrir verðmætt framlag. KiwiSDR viðtækin eru mikilvæg viðbót fyrir radióamatöra sem gera tilraunir í þessum tíðnisviðum, auk hlustara og allra sem hafa áhuga á útbreiðslu radióbylgna.

13. nóvember – Verður lota 25 risastór?

Dr. Scott McInthoch, aðstoðarforstjóri National Center for Atmospheric Research; High Altitude Observatory, flutti erindi yfir netið á vegum Front Range 6 Meter Group í Bandaríkjunum þann 11. nóvember 2020.




Yfirskrift erindisins er: "Solar Cycle 25 Prediction and Why It Will Be Huge!" Efnið er áhugavert og sérstaklega, að nýbyrjuð lota 25 verði e.t.v. ein af 6–7 stærstu lotum frá því mælingar hófust, en kerfisbundin skráning sólbletta hófst um miðja 18. öld. Hægt er að sjá erindi Dr. Scotts á þessari vefslóð:

<https://wvdx.com/2020/11/12/cycle-25-prediction-huge/>

Fyrir áhugasama má benda á fróðlegt erindi Vilhjálms Þórs Kjartanssonar, TF3DX sem hann flutti í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi 25.11.2010; „Sólblettir og útbreiðsla radióbylgna“.

Erindið er þrískipt, þ.e. um jónahvolfið, sólbletti og sólbletti og skilyrðin. Sjá glærur á heimasíðu ÍRA á vefslóðinni: <http://www.ira.is/itarefni/>



Frá erindi Vilhjálms Þórs Kjartanssonar TF3DX í Skeljanesi 25.11.2010. Ljósmynd: TF3JON.

Erindi Vilhjálms er vel fram sett og fjallar um sólbletti og útbreiðslu radióbylgna. Hann útskýrir m.a. tilurð sólbletta, sögu athugana á sólblettalotunni, færslu blettanna að miðbaug sólar og umpólun í segulsviði þeirra. Hann rifjar upp myndun jónhvolfsins og skýrir þá mótsagnakenndu staðreynd að skilyrði í efri hluta HF sviðsins batna þó truflanir og „blackout“ verði tíðari með vaxandi virkni sólar.

13. nóvember – Góð skilyrði á 80 og 160 metrum.

Eftir miðjan október og í byrjun nóvember 2020 var Flux og sólblettafjöldi með því mesta sem sést hafði til þess tíma í meir en 3 ár. Góð skilyrði voru enn fremur á HF allt upp í 28 MHz.

Árstíðabundin skilyrði komu inn á 80 og 160 metrum, sérstaklega eftir að nóvember gekk í garð og voru TF stöðvar m.a. með sambönd við stöðvar í Japan og víðar í Asíu. Eftir að japanskir leyfishafar fengu uppfærðar tíðniheimildir á 160 metrum (í apríl 2020), hefur m.a. verið hægt að hafa sambönd á FT8 samskiptahætti á 1840 kHz í stað þess að hafa sambönd á skiptri tíðni (hlustað á 1908 kHz).

Erik, JX2US hefur einnig verið með góð merki á 160 metrum að undanförunu og er QRV frá Jan Mayen á morsi og FT8 á 160m, 80m, 40m, 30m og 20m, a.m.k. fram að páskum 2021.



Erik JX2US (LA2US) verður búsettur á Olonkin á Jan Mayen a.m.k. fram að páskum 2021.

14.–15. nóvember – WAE RTTY keppnin.

Ein af stóru RTTY keppnum ársins, Worked All Europe (WAE) keppnin var haldin 14.–15. nóvember. Hún fer fram á 3.5, 7, 14, 21 og 28 MHz. Upplýsingar voru settar á heimasíðu og FB síður 12. nóvember.

Samkvæmt upplýsingum á þyrpingu (e. cluster) voru a.m.k. þrjár TF stöðvar meðal þátttakenda, TF2MSN, TF3AO og TF3PPN.

16. nóvember – Áfram lokað í Skeljanesi.


Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 16. nóvember:

Stjórn félagsins hefur ákveðið að félagsaðstaða ÍRA í Skeljanesi verði lokað áfram næstu tvo fimmtudaga, þ.e. 19. og 26. nóvember vegna Covid-19 faraldursins.

Góðar vísbindingar eru um að sóttvarnalæknir muni slaka á kröfum vegna farsóttarinnar í nýrri umsögn til heilbrigðisráðherra í lok þessa mánaðar (eða fyrr). Gangi mál á besta veg, ættum við að geta opnað á ný 3. desember n.k.

Stjórn félagsins mun hittast á fundi síðar í þessum mánuði. Þá verður tekin ákvörðun um að bjóða upp á starfsemi á vegum félagsins yfir netið. Ákvörðun þessa efnis verður kynnt sérstaklega. Það er von okkar að þessari ákvörðun fylgi ríkur skilningur.

Stjórn ÍRA.



Stöplaritíð sýnir fjölda smita innanlands frá 16.6.–15.11. Þessar upplýsingar vekja vonir um að slakað verði á kröfum í lok mánaðarinnar (eða fyrr) þegar ráðherra gefur út nýja reglugerð fyrir tímabilið 1.–14. desember n.k. Heimild Covid.is

19. nóvember – Vel heppnað netspjall.

Ágúst H. Bjarnason, TF3OM efndi til óformlegs „netstpjalls“ meðal félagsmanna fimmtudaginn 19. nóvember. Hann ræddi hugmyndina fyrst 7. þ.m. á FB



síðu félagsins og svo á ný 10 dögum síðar þegar hann skrifaði: „Ég stefni á að boða til óformlegs hittings eða spjalls næsta fimmtudag 19/11 klukkan 20:00“.

Í stuttu máli sagt fór viðburðurinn fram á tilsettum tíma og kom glimrandi vel út. Þátttakendur voru mjög ánægðir með reynsluna af þessu fyrsta „netspjalli“ sem varði í um eina og hálf klukkustund og ekki skorti umræðuefni. 12 höfðu lýst yfir áhuga en 5 mættu á netið: TF3OM, TF3PW, TF3DC, TF3Y og TF3JB.

Notað var forritið Zoom sem er frítt og gerir kleift að eiga í rauntímasamskiptum í vídeómynd, tali og

skrifuðum texta. Ekki þarf mikinn tækjabúnað og flestir, ef ekki allir, eiga snjallsíma sem er með öllu sem til þarf. Skjá, hljóðnema og vídeómyndavél. Sama er að segja um ferðatölvur, þær eru með öllu.

Hugmyndin er að endurtaka viðburðinn a.m.k. næsta fimmtudag, 26. nóvember kl. 20. Málið verður kynnt þegar nær dregur. Bestu þakkir til Ágústs, TF3OM fyrir gott frumkvæði.

20. nóvember – TF3IRA fær viðurkenningar.

Nýlega voru kynntar uppfærðar niðurstöður fyrir TF kallmerki á heimasíðu félagsins hvað varðar nokkrar af eftirsóttustu viðurkenningum radióamatöra.



Mathías Hagvaag, TF3MH QSL stjóri ÍRA upplýsti síðan, 20. nóvember, að félagsstöðin TF3IRA geti nú sótt um tvær af þessum viðurkenningum. Það eru:

5 banda DXCC frá ARRL (5BDXCC);

5 banda Worked All Zones frá CQ; 5BWAZ (167 svæði).



Til viðbótar er einsbands WAZ, „Mixed“ á 20 metrum. Gengið verður frá umsóknum fyrir áramót. Upplýsingar voru innfærðar á heimasíðu og FB síður 20. nóvember.

Á myndinum hér á síðunni eru birt sýnishorn, annars vegar af 5BWAZ viðurkenningar-skjali TF3B og hins vegar, af

5BDXCC viðurkenningaplatta TF3JB. Hliðstæður platti er í boði frá CQ tímaritinu þegar öllum 200 svæðunum er náð, en viðurkenningaskjal er gefið út þegar náð er 150 svæðum.

Til upplýsingar skal þess getið, að til þess að geta sótt um 5BWAZ þar leyfishafi hafa fyrir a.m.k. eitt WAZ viðurkenningaskjal þar sem öllum 40 svæðunum er náð.

21. nóvember – QSL kort TF3S.

Aðstandendur Stefáns Þórhallssonar, TF3S komu kassa með QSL kortum á framfæri við stjórn félagsins 21. nóvember. Um er að ræða nokkur hundruð DX kort og 12 kort frá íslenskum leyfishöfum; staðfest sambönd frá árunum 1950–2015 eða í 65 ár. Stefán lést 2015.

Um er að ræða sambönd á tali (AM, SSB) og á morsi (CW). Töluvert er af áhugaverðum DX kortum og íslensku kortin eru frá 12 leyfishöfum: TF2KJ (80M CW 1977); TF3AR (20M CW 1952); TF3BB (80M CW 1968); TF3JJ (80M SSB 1969); TF3JX



Hluti af QSL kortunum sem bárust 21. nóvember. Mynd: TF3JB.

(15M CW 1981); TF3KX (80M SSB 1977); TF3MA (80M AM 1966); TF3NNN (80M CW 1978); TF3SG (20M CW 1981); TF5DC (80M SSB 1978); TF5GWN (80M CW 1977) og TF5TP (40M CW 1950).

Kortin eru fyrir sambönd TF2ST þegar hann starfaði við Lóranstöðina í Vík (1976), sem TF3ST/4U frá Genf í Sviss (1977) og sem TF3ST og TF3S frá Reykjavík (fyrir og eftir þær dagsetningar).

QSL kortin munu liggja frammi í Skeljanesi og verða síðan í vörslu stjórnar óski félagsmenn eftir að skoða þau og e.t.v. vinna úr þeim að einhverju leyti.




QSL kortin frá íslensku leyfishöfunum. Þau eru 12 talsins. Kortið frá föður Stefáns, Þórhalli Pálssyni TF5TP er frá árinu 1950. Ljósmynd: TF3JB.

Hugsanlegt er að meira af kortum muni berast félaginu. Bestu þakkir til aðstandenda. Þess má geta, að Stefán var leyfishafi nr. 28 og heiðursfélagi ÍRA. Faðir hans, Þórhallur Pálsson, TF5TP var einnig heiðursfélagi.

23. nóvember – Spannandi skilyrði á HF.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 23. nóvember:

Skilyrðin á HF byrjuðu að batna í byrjun októbermánaðar. Aðeins er tæpt 1 ár síðan við vorum í botni 11 ára sólblettasveiflunnar, þannig að ekki var beinlínis búist við batnandi skilyrðum þetta fljótt. Síðustu daga féllu skilyrðin nokkuð en eru á uppleið þegar þetta er skrifað 23. nóvember þegar Flux'inn er í 94 og sólblettafjöldi í 35.



Líkt og gjarnan gerist þegar sólin er þetta virk koma truflanir (segulstormar) vegna aukinnar virkni sólar og gjarnan fylgja meiri norðurljós og óstöðugleiki sbr. stöplariðið frá NOAA fyrir K-gildið vikuna 17.–23. nóvember. Skilyrðaspáin fyrir Flux'inn stóð í 94 og sólblettir í 95 á þeim tíma.

27 daga spá NOAA (23.11.–11–12.2020):
<https://www.swpc.noaa.gov/products/27-day-outlook-107-cm-radio-flux-and-geomagnetic-indices>

24. nóvember – TF3YOTA í loftinu í desember.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 24. nóvember.

Kallmerki með viðskeytið „YOTA“ verða áberandi á böndunum í desembermánuði. ÍRA hefur tekið þátt í viðburðinum frá upphafi (2018) með starfrækslu kallmerkisins TF3YOTA.

Elín Sigurðardóttir TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA, mun setja TF3YOTA í loftið frá Skeljanesi þegar 1. desember og byrjar með samböndum í gegnum OSCAR-100 gervihnöttinn. Hún verður jafnframt QRV á 20 metrum SSB í mánuðinum.



Elin Sigurðardóttir TF2EQ starfrækti TF3YOTA í fyrra (2019) m.a. um Es'hail/Oscar 100 gervitunglið. Myndin var tekin þegar hún fór í loftið í Skeljanesi um gervitunglið 19. desember það ár. Hún hafði þá yfir 200 QSO um tunglið. Mynd: TF3JB.



QSL kort
TF3YOTA.
Myndin á kortinu
er af Kirkjufelli-
inu, skammt frá
Grundarfirði.
Mynd: Elin
Sigurðardóttir
TF2EQ.

YOTA verkefnið *Yongsters On The Air* er starfrækt í desember ár hvert og er hugsað til að auka áhuga ungs fólks á amatör radiói.

Elin Sigurðardóttir TF2EQ er frumkvöðull að þátttöku okkar í verkefninu og er jafnframt YOTA verkefnisstjóri félagsins ásamt Árna Frey Rúnarssyni TF8RN.

26. nóvember – Góð mæting á netspjall.

Jón Björnsson, TF3PW bauð til netspjalls 26. nóvember kl. 20:00. Notað var vefforritið Zoom sem sækja má frítt á netið.

Góð mæting var og skráðu sig alls níu félagsmenn á fundinn sem stóð í rúmlega 1 klst. og 45 mínútur. Eins og við var að búast voru umfjöllunarefnið mörg þótt engin sérstök dagskrá hafi verið sett upp fyrirfram, enda margir að prófa fjarfundabúnað í fyrsta skipti.



Skjámynd af vefnum á netspjalli kvöldsins. Ljósmynd: Jón Björnsson TF3PW.

M.a. var rætt var um tækin; QRP stöðvarnar: SKY SDR frá Ariel-51, FDM-DUO frá Elad, CommRadio CTX-10 frá AeroStream og Argonaut VI frá Ten-Tec. Ennfremur um Yaesu FTdx101D, nýju FTdx10 stöðina og Icom IC-7100 og 7300. Þá var áhugaverð umræða um SDR viðtæki. Einnig var rætt um góð skilyrði s.l. tvo mánuði út frá sólarveiflu 25 og um fjarskipti á VHF/UHF um endurvarpann í alþjóðlegu geimstöðinni. Menn skiptust einnig á vefslóðum á áhugaverðar heimasíður.

Bestu þakkir til Jóns Björnssonar, TF3PW fyrir að bjóða til þessa 2. netspjalls, sem er í kjölfar „purfu-hittings“ Ágústar H. Bjarnasonar, TF3OM viku fyrr. Skemmtileg tilbreyting og vel heppnuð a.m.k. á

meðan félagsaðstaðan í Skeljanesi er lokuð vegna COVID-19.

28. nóvember – Námskeið til amatörprófs.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður félagsins 28. nóvember:

Stjórn ÍRA samþykkti á fundi 24. þ.m., að fara þess á leit við prófnefnd félagsins að gengist verði fyrir námskeiði til amatörprófs á vori komanda.

Miðað er við að námskeiðið verði haldið í húsnæði Háskólans í Reykjavík líkt og verið hefur frá árinu 2013. Verði kórónaveiran COVID-19 hins vegar enn hamlandi á þeim tíma, verður þess farið á leit við nefndina, að undirbúið verði að bjóða námskeiðið yfir netið.



Háskólinn í Reykjavík er við Menntaveg í Öskjuhlíð skammt frá Reykjavíkurlugvelli. Ljósmynd: HR.

Fljótlega á nýju ári, þegar fyrir liggur um stöðu faraldursins verður tilkynnt á heimasíðunni (með góðum fyrirvara) um dagsetningar. Til skoðunar er, að bjóða upp á sérstakt kynningarkvöld í Skeljanesi um fyrirkomulag námskeiðs, námsefni og próf hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Jón Björnsson, TF3PW er umsjónarmaður námskeiða félagsins. Senda má fyrirspurnir til hans á netfangið: ira [hjá] ira.is

29. nóvember – KiwiSDR viðtækið í Bláfjöllum.

KiwiSDR viðtækið í Bláfjöllum bilaði 25. nóvember. Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og Georg Kulp TF3GZ gerðu ferð á fjallið sunnudaginn 29. nóvember í erfiðum veðurskilyrðum til að kanna með stöðu mála. Í ljós kom, að tækjakassinn sem hýsir viðtækið heldur ekki frá raka (þrátt fyrir búnað til þess). Ekki tókst því að gangsetja viðtækið vegna bleytu.

Þeir félagar eru þeirrar skoðunar, að að e.t.v. sé besta lausnin að flytja viðtækið annað, þar sem veðuraðstæður eru ekki jafn erfiðar og til að tryggja hnökralausa starfsemi. Hugmyndin er að skoða málið á næstunni og stefna að því að viðtækið verði komið í notkun á nýjum stað fyrir áramót.



Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A við skápinn sem hýsir viðtækið. Skápurinn var frosinn aftur og þurfti að „berja hann upp“. Ljósmynd: TF3GZ.



Virinn (fyrir ofan) er 1 mm lofnettsþráður fyrir viðtækið. Ísingin mældist 8 cm þykk og vetur rétt nýbyrjaður. Ljósmynd: Georg Kulp TF3GZ.

Tvö önnur KiwiSDR viðtæki yfir netið eru virk, þ.e. á Bjargtöngum í Vesturbyggð og á Raufarhöfn. Vefslóðir: Bjargtangar: <http://bjarg.utvarp.com> og Raufarhöfn: <http://raufarhofn.utvarp.com>

Þakkir til TF1A og TF3GZ fyrir dugnaðinn.



Samið var um flutning upp á fjallið í þar til gerðu farartæki enda ófært að komast öðru vísi á toppinn sem er í 690 metra hæð. Ljósmynd: Georg Kulp TF3GZ

1. desember – Líkur aukast á opnun 10. desember.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 1. desember:



Stjórn ÍRA hefur ákveðið að félagsaðstaðan í Skeljanesi verði lokað næsta fimmtudag, 3. desember vegna Covid-19 faraldursins.

Líkur aukast á að slakað á kröfum vegna faraldursins eftir að framlengingu reglugerðar heilbrigðisráðherra lýkur þann 9. desember. Gangi mál á besta veg, bindum við vonir við að geta opnað á ný 10. desember n.k.

Það er von okkar að þessari ákvörðun fylgi ríkur skilningur.

Stjórn ÍRA.

2. desember – TF3YOTA QRV um Oscar-100

Kallmerkið TF3YOTA var virkjað 1. desember um gervihnöttinn ES'hail-2 / Oscar 100. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA setti stöðina í loftið frá Skeljanesi.

Viðburðurinn gekk með ágætum og náðust sambönd við alls 55 stöðvar í 18 löndum. Lengstu samböndin voru við radióamatöra í Suður-Afríku (ZS6), Brasilíu (PS8), Indlandi (VU2), Ísrael (4Z4) og Asíu-Rússlandi (RA9). Einnig voru sambönd við stöðvar í Evrópu, þ.á.m. í Búlgaríu, Englandi, Frakklandi, Hollandi, Írlandi, Lúxemborg, Noregi, Póllandi, Portúgal, Slóveníu, Sviss, Tékklandi og Þýskalandi.



Elín Sigurðardóttir TF2EQ virkjaði TF3YOTA í fjarskipta-aðstöðu ÍRA í Skeljanesi 1. desember. Ljósmynd: TF3JB.

YOTA verkefnið hófst árið 2018 og er starfrækt í desember ár hvert. Það er hugsað til að auka áhuga ungs fólks á amatör radiói. Verkefnið er á vegum IARU Svæðis 1. ÍRA hefur verið þátttakandi frá upphafi. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, VHF stjóri félagsins aðstoðaði Elínu og birti skemmtilegt myndskreið af fjarskiptunum á FB.

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ er ungmennafulltrúi félagsins og YOTA verkefnisstjóri ásamt Árna Frey Rúnarssyni, TF8RN. Frekari virkni er áformuð frá TF3YOTA í mánuðinum, m.a. á 14 MHz.

4. desember – Heimild á 160 metrum endurnýjuð.

ÍRA barst jákvætt svar frá Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) 4. desember við ósk félagsins um endurnýjun heimildar til notkunar tíðnisviðsins 1850–1900 kHz vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum á almanaksárinu 2021. Heimildin nær til eftirtalinna keppna:

CQ WW 160 metra keppnin, CW, 29.–31.1.2021.

ARRL International DX keppnin, CW, 20.–21.2.2021.

CQ WW 160 metra keppnin, SSB, 26.–28.2.2021.

ARRL International DX keppnin, SSB, 6.–7.3.2021.

CQ WW WPX keppnin, SSB, 27.–28.3.2021.
CQ WW WPX keppnin, CW, 29.–30.5.2021.
IARU HF World Championship, CW/SSB, 10.–11.7.2021.
CQ WW DX keppnin, SSB, 30.–31.10.2021.
CQ WW DX keppnin, CW, 27.–28.11.2021.
ARRL 160 metra keppnin, CW, 3.–5.12.2021.

Heimildin er veitt með fullu samþykki Vaktstöðvar siglinga sem hefur forgang til notkunar tíðna á þessu tíðnibili. Um þessa notkun gilda sömu kröfur og gilda fyrir tíðnisviðið 1810–1850 kHz í reglugerð, en aukin skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar eru eftirfarandi: (a) Heimildin er einvörðungu veitt þann tíma sem tilgreindar alþjóðlegar keppnir standa yfir (sjá að ofan); (b) G-leyfishafar hafa heimild til að nota fullt afl, allt að 1kW. N-leyfishafar njóta sömu tíðniréttinda, en aflheimild miðast við mest 10W.



Leyfishafar skulu sækja sérstaklega um heimild til PFS á hrh@pfs.is eða pfs@pfs.is eins og áður. Það nægir að senda eina umsókn sem þar með gildir fyrir allar 10 keppnirnar.

6. desember – Vegleg gjöf móttækin til félagsins.

Stjórn ÍRA tók á móti veglegri gjöf til félagsins sunnudaginn, 6. desember. Það var félagsmaður okkar, Egill Ibsen, TF3EO sem færði félaginu sambyggða sendi-/móttökustöð, G90 frá Xiegu. Egill hafði m.a. á orði, að hann væri vel settur með fjarskiptabúnað sjálfur og langaði að gefa ÍRA stöðina með það fyrir augum að félagið gæti t.d. lánað hana til nýrra leyfishafa eða ráðstafað á annan hátt.



Egill Ibsen TF3EO afhenti stöðina á heimili formanns ÍRA 6. desember. Ljósmynd: TF3JB.



Xiegu G90 er 20W HF SDR sendi-/móttökustöð. Mynd: TF3JB.

G90 er 20W HF sendi-/móttökustöð sem vinnur á öllum amatörböndum frá 160–10m (þ.m.t. á 60m). Hún er QRV á SSB, CW, AM og stafrænum tegundum útgeislunar (FT8 o.fl.). Stjórnborð er búið 1.8“ TFT LCD litaskjá og er frátengjanlegt. Með tækinu fylgir m.a. hljóðnemi og Xiegu CE-19 „Data Interface Expansion Card“ (sbr. ljósmynd) ásamt öllum snúrum. Forrit í stöðinni eru uppfærnanleg í gegnum netið. Tækið lítur út eins og nýtt enda nánast ónotað.

Stjórn ÍRA þakkar Agli Ibsen, TF3EO velvilja og rausnarlega gjöf til félagsins sem kemur í góðar þarfir.

7. desember – 70 MHz heimild eindurnýjuð.

ÍRA barst jákvætt svar frá Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) 7. desember við ósk félagsins um endurnýjun heimildar til notkunar tíðnisviðsins 70.000–70.250 MHz. Tilraunaheimildin hefur nú verið endurnýjuð til næstu 2 ára, þ.e. til 31.12.2022.

Líkt og áður eru eftirfarandi skilyrði lögð til grundvallar:



Myndin er af Icom IC-7100 HF stöð sem er á meðal nýrra stöðva sem eru m.a. búnar 70 MHz bandinu. Mynd: Icom UK.

(1) Hámarksbandbreidd er 16 kHz. Engin skilyrði hvað varðar mótun; (2) hámarks útgeislað afl er

100W; (3) heimildin er með þeim fyrirvara að komi til truflana á annarri fjarskiptastarfsemi verður að hætta sendingum strax og (4) kallmerki skal notast við upphaf og lok fjarskiptasambands og með viðeigandi reglulegu millibili á meðan fjarskiptasamband varir. Leyfishafar þurfa að sækja um heimild til PFS hrh@pfs.is eða pfs@pfs.is áður en sendingar eru hafnar í tíðnisviðinu. Tilgreina skal, að sótt sé um heimild fyrir nýtt tímabil, 1.1.2021.–31.12.2022.

7. desember – CW WW DX keppnin á morsi.

Keppnisstjórn CQ kynnti bráðabirgðaniðurstöður þann 7. desember í CQ World Wide DX morskkeppninni 2020 sem fram fór 28.–29. nóvember. 9 TF kallmerki sendu inn keppnisgögn, þar af 2 samanburðardagbækur (check-log). 7 TF stöðvar skiptast á 6 keppnisflokka. Áætlaður árangur í viðkomandi flokki er sýndur yfir heiminn (H) og yfir Evrópu (H), ásamt heildarstigum. TF1AM einm.fl., öll bönd, aðstoð, háafl; 350.856 stig; 691-H, 268-EU.

TF3VS einm.fl., öll bönd, lágafl, 59.780 stig; 763-W, 470-EU.

TF8KY einm.fl., öll bönd, lágafl, 4.752 stig; 1552-W, 888-EU.

TF3AO einm.fl., 15M, aðstoð, lágafl; 1.080 stig; 124-W, 64-EU.

TF3EO einm.fl., 20M, lágafl; 9.890 stig; 131-W, 76-EU.

TF3W einm.fl., 20M, aðstoð, háafl; 701.375 stig; 11-W, 10-EU. (TF3CW op.).

TF3SG einm.fl., 160M, háafl; 24.584 stig; 20-W, 15-EU.

Samanburðardagbækur (check-log): TF3JB og TF3Y.

Niðurstöður verða birtar í júníhefti CQ tímaritsins 2021. <https://www.cqww.com/raw.htm?mode=cw>



Sigurður R. Jakobsson TF3CW virkjaði félagsstöðina TF3W frá Skeljanesi í keppninni. Hann náði mjög góðri niðurstöðu í erfiðum skilyrðum, eða 11. sæti yfir heiminn og 10. sæti yfir Evrópu. Fjöldi sambanda var alls 2623; 96 DXCC einingar; 30 CQ svæði og 701.365 heildarpunktar. Myndin er úr myndasafni ÍRA. Ljósmynd: TF3JB.

9. desember – Stefnan sett á 14. janúar.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 9. desember:



Stjórn ÍRA hefur ákveðið að félagsaðstaðan í Skeljanesi verði lokað áfram vegna Covid-19 faraldursins.

Ástæðan er ný reglugerð heilbrigðisráðherra um tímabundna takmörkun á samkomum vegna far-sóttar sem tók gildi í dag 9. desember og gildir til 12. janúar n.k.


Vonir eru bundnar við að slakað verði á kröfum vegna faraldursins með nýrri reglugerð ráðherra sem er að vænta fyrir 12. janúar n.k. Gangi mál á besta veg, bindum við vonir við að geta opnað á ný fimmtudaginn 14. janúar.

Það er von okkar að þessari ákvörðun fylgi ríkur skilningur.

Stjórn ÍRA.

10. desember – Vel heppnað netspjall.

Jón Björnsson, TF3PW bauð til net-spjalls fimmtudaginn 10. desember. Notað var vefforritið Zoom sem sækja má frítt á netið.



Góð mæting var og skráðu sig 10 félagsmenn á fundinn sem stóð í 2

klst. Flestir voru í Reykjavík, en einnig frá Hveragerði og Akranesi. Þótt ekki hafi verið sett upp dagskrá fyrirfram skorti ekki umræðuefni.

M.a. var rætt var um tækin, tæknina, smíðar og smíðaverkefni, loftnet, heyrnartól og hljóðnema, fjarskipti yfir netið og alþjóðlegar keppnir, m.a. um ARRL keppnina á 10m sem haldin verður um helgina. Menn skiptust einnig á vefslóðum á áhugaverðar heimasíður.

Bestu þakkir til Jóns Björnssonar, TF3PW. Þetta var 3. fimmtudagskvöldið sem menn hittast á þennan hátt, en Jón efndi einnig til spjalls 26. nóvember (þegar 9 mættu). Ágúst H. Bjarnason, TF3OM reið fyrstur á vaðið með netspjall 19. nóvember (þegar 5 mættu). Skemmtileg tilbreyting og vel heppnuð a.m.k. á meðan félagsaðstaðan er lokað vegna COVID-19.

12. desember – KiwiSDR viðtæki í Skeljanesi.

Laugardaginn 12. desember bættist við innanlandsviðtæki til hlustunar yfir netið. Um er að ræða KiwiSDR viðtækið sem tekið var niður í Bláfjöllum nýlega. Á meðan fundið verður varanlegt QTH, er hugmyndin að vista tækið til bráðabirgða í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi.



KiwiSDR viðtækin eru GPS tengd og fyrir vikið búa þau yfir einhverri bestu tíðninákvæmi sem völ er á. Viðtækið var sett upp til bráðabirgða í fjarSKIPTAHERBERGI TF3IRA í Skeljanesi. Tækið er lengst til hægri á myndinni. Mynd: TF3JB.

KiwiSDR viðtækin vinna frá 10 kHz til 30 MHz og er hægt er að hlusta á AM, FM, SSB og CW sendingar, með bandbreidd sem hentar hverri mótun. Allt að átta notendur geta verið skráðir inn á viðtækið samtímis. Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A stóð að uppsetningu tækisins, en það er í eigu Georgs Kulp, TF3GZ. Vefslóðin er: <http://ira.utvarp.com> Loftnet er: New-tronics Hustler BTV-4, fimm banda stangarnet fyrir 80, 40, 20, 15 og 10 metra böndin.



KiwiSDR viðtækið tengt og klárt í Skeljanesi. Ari er í símanum við Georg sem gaf uppsetningunni grænt ljós. Ljósmynd: TF3JB.

Hin tvö viðtækin sem eru virk í dag, eru staðsett á Bjargtöngum í Vesturbyggð, vestasta tanga Íslands og ysta oddi Látrabjargs og á Raufarhöfn. Vefslóðir:

Bjargtangar: <http://bjarg.utvarp.com>

Raufarhöfn: <http://raufarhofn.utvarp.com>

Stjórn ÍRA þakkar þeim Ara og Georg fyrir dugnað og elju við að sinna þessu verkefni sem er mikilvægt fyrir radióamatöra sem gera tilraunir í þessum

tíðnisviðum, auk hlustara og allra sem hafa áhuga á útbreiðslu radióbýlgna.

Fyrir áhugasama má benda á fróðlega grein Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A um KiwiSDR viðtækin yfir netið hér á landi í 4. tbl. CQ TF 2020, bls. 41.

Vefslóð:


http://www.ira.is/wp-content/uploads/2020/09/cqtf_34arg_2020_04tbl.pdf

17. desember – Góð þátttaka í vefspjalli.

Jón Björnsson, TF3PW bauð til síðasta netspjalls ársins fimmtudaginn 17. desember. Notað var vefforritið Zoom sem sækja má frítt á netið.

Góð mæting var og skráðu sig 11 félagsmenn á fundinn sem stóð í rúmar 2½ klst. Flestir voru í Reykjavík, en einnig mættu félagar frá Suðurlandi, Vesturlandi og Reykjanesi.

Þótt ekki hafi verið sett upp dagskrá fyrirfram skorti ekki umræðuefni fremur en í fyrri skiptin. Rætt var m.a. um tækin, SDR viðtæki, loftnet, truflanir, starfrækslu yfir netið, keppnir og um skilyrðin.



Skjámynd af hluta þátttakenda í vefspjallinu. Ljósmynd: Jón Björnsson TF3PW.

Bestu þakkir til Jóns Björnssonar, TF3PW. Þetta var 4. fimmtudagskvöldið sem menn hittust á þennan hátt, en Jón efndi einnig til spjalls 10. desember og 26. nóvember s.l., en Ágúst H. Bjarnason, TF3OM reið fyrstur á vaðið með netspjall 19. nóvember s.l. Skemmtileg tilbreyting og vel heppnaður viðburður.

19. desember – Jóla- og áramótakveðjur.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 19. desember:

Stjórn ÍRA óskar félagsmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári 2021.

Félagsaðstaðan í Skeljanesi verður næst opin fimmtudaginn 14. janúar n.k. ef aðstæður leyfa vegna Covid-19 faraldursins.



20. desember – Stærri loftnet við APRS stöð ÍRA.

TF3IRA-1Ø, APRS stöð félagsins, hefur verið tengd við stærri loftnet. Það er Diamond X-700HN VHF/UHF húsloftnet sem er 7.20 m á hæð, samsett úr fjórum “stökkuðum” 5/8 netum, með 9.3 dBi ávinning á VHF.



APRS stöð félagsins TF3IRA-1Ø er fyrir miðju á myndinni. Stöðin er Icom IC-208H, 5–55W VHF/UHF FM stöð. APRS búnaður: GW-1000 (APRS Total Solution) frá CG-Antenna. Mynd: TF3JB.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A annaðist breytinguna í samráði við Guðmund Sigurðsson, TF3GS VHF stjóra ÍRA 20. desember. Hugmyndin er að prófa þetta fyrirkomulag á meðan félagsaðstaðan er lokuð vegna Covid-19 faraldursins, a.m.k. til 14. janúar n.k. Þegar líkur eru á að hægt verði að opna á ný í Skeljanesi. Spennandi verður að fylgjast með APRS merkjum á 2 metra bandinu eftir þessa breytingu.




Diamond X-700HN VHF/UHF loftnet TF3IRA var sett upp 16. ágúst í sumar. Það var Geoerg Kulp TF3GZ sem annaðist uppsetningu og frágang. Ljósmynd: TF3JB.

Rétt eftir uppsetningu, kl. 17:56 kom t.d. inn merki yfir Hellisheiðina í Skeljanes frá Magnúsi Ragnarsyni, TF1MT sem var í bíl í 106 km fjarlægð sem lofar góðu.

Bestu þakkir til þeirra Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A og Guðmundar Sigurðssonar, TF3GS.

21. desember – Russian DX Contest, niðurstöður.

Niðurstöður hafa borist úr Russian DX keppninni sem haldin



var 21.–22. mars 2020. Keppnisgögnum var skilað fyrir þrjú TF kallmerki: TF1OL, TF3DC og TF8KY. Niðurstöður eru sem hér segir:

TF3DC Einm.fl. öll bönd, lágafl, CW, 26.520 heildarstig (413. sæti)

TF8KY Einm.fl. öll bönd, lágafl, SSB, 1.320 heildarstig (292. sæti).

TF1OL Samanburðardagbók (check-log). Hamingjuóskir til viðkomandi.

28. desember – Tilkynning frá kortastofu ÍRA.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður fyrir hönd kortastofu félagsins 28. desember:



Áramótasending korta frá TF ÍRA QSL Bureau (kortastofu) seinkar að þessu sinni fram í mars 2021 vegna Covid-19 faraldursins. Þá verða öll kort sem borist hafa til stofunnar (þ.á.m. til smærri staða) póstlögð til kortastofa systurfélaganna um allan heim.

Síðasti skiladagur vegna áramótaútsendingar 2020/21 verður fimmtudagur **25. febrúar 2021**. Þau kort sem berast í QSL kassann í Skeljanesi það kvöld verða örugg með að komast í flokkun og til útsendingar. Gjaldskrá er óbreytt, 10 krónur á kort, sama hvert sem er í heiminum.

Fyrirvari er gerður ef aðgerðir stjórnvalda vegna Covid-19 hamlar því að þessi áætlun gangi eftir.

Hátíðarkveðjur og 73,

Mathías Hagvaag, TF3MH,

QSL stjóri ÍRA.

29. desember – Neyðarfjarskipti á 80 og 40 metrum.

Eftirfarandi tilkynning var sett inn á heimasíðu og FB síður 29. desember:

ÍRA hafa borist upplýsingar um að tíðnir á 80 metrum og 40 metrum hafa verið teknar til notkunar fyrir neyðarfjarskipti eftir jarðskjálftann (6.4 á Richter) sem varð í Petrinja í Króatíu í hádeginu í dag, 29.



Upptök skjálftans voru í Króatíu, en hans varð einnig vart í Bosníu og Herzegovínú, Tékklandi, Þýskalandi, Ungverjalandi, Ítalíu, Svartfjallalandi, Rúmeníu, Slóvakíu, Serbíu og Austurríki.

desember, u.þ.b. 50 km frá höfuðborginni Zagreb. Skjálftans varð jafnframt vart í nágrannalöndum.

Tíðnirnar eru: 3.675 MHz og 7.125 MHz. Þess er farið á leit við íslenska radióamatöra að þeir taki tillit til þessara forgangsfjarskipta, a.m.k. næstu daga.

Stjórn ÍRA.

29. desember – TF3YOTA um Oscar 100.

Kallmerkið TF3YOTA var aftur virkjað (29. desember) um gervihnöttinn ES'hail-2 / Oscar 100. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA, setti stöðina í loftið frá Skeljanesi en hún var síðast QRV um gervitunglið þann 1. desember s.l.



Elín Sigurðardóttir TF2EQ virkjaði TF3YOTA í fjarskiptaaðstöðu ÍRA í Skeljanesi 29. desember. Fjarskiptin fóru fram um Es'hail-2 / Oscar-100 gervitunglið. Ljósmynd: TF3JB

Svo skemmtilega vildi til, að eitt af fyrstu samböndunum var við Ninu Riehtmüller, DL3GRC. En Nina heimsótti félagsaðstöðuna í Skeljanesi 5. september í fyrra (2019) og varð fyrsta konan til að virkja TF3IRA í gegnum Oscar 100. Það urðu því fagnaðarfundir þegar þær Elín náðu saman í gegnum gervitunglið. Nina bað Elínu fyrir bestu kveðjur til félagsmanna ÍRA og sagðist hlakka til að koma aftur í heimsókn til Íslands í sumar (2021).

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, VHF stjóri félagsins aðstoðaði Elínu og birti „vefstreymi“ á FB þar sem hægt var að fylgjast með samskiptunum frá TF3YOTA í gegnum gervitunglið í rauntíma.

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ er ungmennafulltrúi félagsins og YOTA verkefnisstjóri ásamt Árna Frey Rúnarssyni, TF8RN. Frekari virkni er áformuð frá TF3YOTA fyrir áramót.



Nina Riehtmüller DL2GRC í fjarskiptaherbergi TF3IRA 5. september 2019. Henni á hægri hönd er Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og á vinstri hönd, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS. Ljósmynd: TF3JB.

5. janúar – TF5B fór yfir 30.000 QSO.

Brynjólfur Jónsson, TF5B hafði alls 30.103 QSO á árinu 2020. Samböndin voru öll höfð á FT8 samskiptareglum undir MFSK móttun. Fjöldi DXCC eininga varð alls 156 og fjöldi staðfesta DXCC eininga alls 151.


Þess má geta að Billi missti niður hluta loftneta sinna um miðjan desember 2020 og varð ekki að fullu QRV á ný fyrr en í maímánuði (maí 2020) þegar voraði á ný fyrir norðan. Sjá má myndir af loftnetum hans eftir óveðrið og eftir að þau höfðu verið viðgerð og enduruppsett í maímánuði. Myndirnar eru á bls. 42 í 3. tbl. CQ TF 2020. Slóð:

http://www.ira.is/wp-content/uploads/2020/06/cqtf_34arg_2020_03tbl.pdf

Flest sambönd voru höfð á 30 metrum, eða alls 8.729. Þrjú bönd eru með ámóta mikinn fjölda sambanda, þ.e. 40 metrar; 5.159 QSO, 20 metrar; 6.391 QSO og 17 metrar; 5.128 QSO.



Stöplariði sýnir fjölda sambanda á hverju bandi á árinu 2020.



Fjöldi sambanda eftir álfum:

Evrópa: 23.819

Norður-Ameríka: 2.982

Asía: 2.643

Afríka: 140

Suður-Ameríka: 263

Eyjaálfa: 256



Lofnet TF5B eftir viðgerð í maí 2020. Fritzel FB-33, 3 staka Yagi lofnet fyrir 14, 21 og 28 MHz; Fritzel tvíþóll fyrir 10, 18 og 24 MHz; Hamstick tvíþóll (láréttur) fyrir 3.5 MHz; Hamstick tvíþóll (láréttur) fyrir 1.8 MHz og Diamond X-30 stangarlofnet fyrir 144/430 MHz. Ljósmynd: Brynjólfur Jónsson TF5B.

6. janúar – Verðlaunagripir í hús.

Sérhannaðir verðlaunagripir vegna viðburða á vegum ÍRA á árinu 2020 voru settir í framleiðslu í desember. Þeir voru tilbúnir og komnir í hús þann 6. janúar.

Um er að ræða: Verðlaun fyrir 1.–3. sætið í Páskaleikunum sem haldnir voru 11.–12. apríl 2020; (2) verðlaun fyrir 1.–3. sætið í VHF/UHF leikunum sem haldnir voru 10.–12. júlí 2020; og verðlaun fyrir 1. sætið í TF útileikunum sem haldnir voru 1.–3. ágúst 2020.



Taskan góða með verðlaunagripum ÍRA vegna ársins 2020. Ljósmynd: TF3JB.

Að auki voru framleidd verðlaun vegna Íslandsmets í lengd fjarskiptasambands á 1.2 GHz tíðnisviði í VHF/UHF leikunum sem verða til afhendingar á aðalfundinum 13. mars 2021. Þessi sérverðlaun voru fyrst afhent á aðalfundi 2020 (fyrir Íslandsmet í leikunum 2019).

Þessu til viðbótar verða veitt í fyrsta skipti tvenn ný verðlaunaskjöl í VHF/UHF leikunum. Annars vegar fyrir bestu ljósmyndina sem tekin var í leikunum og hins vegar fyrir skemmtilegust Facebook færsluna í leikunum. Ennfremur verða veitt verðlaunaskjöl fyrir 1.–5. sætið í TF útileikunum.

Þar sem ekki reyndist unnt að afhenda framangreind verðlaun á árinu 2020 vegna Covid-19

faraldursins, er hugmyndin að afhenda þau fljótlega eftir að hægt verður að opna félagsaðstöðuna í Skeljanesi á ný [vonandi] í janúar eða febrúar 2021.

10. janúar – Vísbending um virkni.

Til fróðleiks voru teknar saman upplýsingar um TF kallmerki sem fengu skráningu á þyrpingu (e. cluster) vikuna 3.–9. janúar 2021. Kallmerki birtast þar hafi leyfishafi haft samband og/eða heyrt í viðkomandi TF kallmerki og skráð það, auk þess sem hlustarar setja inn skráningar.



Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN fékk skráningu á 17, 30 og 60 metrum á þyrpingu vikuna 3.–9. janúar á RTTY og FT8. Ljósmynd: TF2MSN.

Þessa viku voru skilyrði ekkert sérstök á HF þannig að yfirleitt er meiri virkni hér á landi sem annars staðar ef böndin eru „lifandi“. Upplýsingarnar eru fengnar á vefsíðunni: <http://www.dxsummit.fi/#/> Taka ber fram, að fleiri sambærilegar síður eru í boði á netinu og sem skoða má til samanburðar.

Samkvæmt ofangreindu voru 14 TF kallmerki skráð þessa viku. Flestar stöðvarnar voru virkar á stafrænum mótunum og RTTY, en einnig á morsi (CW) og tali (SSB). Stöðvarnar voru virkar á 15, 17, 20, 40, 60 og 80 metrum.

Fyrst er skráð kallmerki, þá tegund útgeislunar og band/bönd sem kallmerki fær skráningu á:

TF1A – SSB – 80 metrar
 TF1AM – RTTY – 15 og 20 metrar
 TF1EIN – FT8 – 80 metrar
 TF1OL – FT8 – 60 metrar
 TF2CT – FT4 – 40 og 80 metrar
 TF2MSN – RTTY/FT8 – 17, 30 og 60 metrar
 TF3AO – RTTY – 15 og 20 metrar
 TF3IG – FT4 – 20 metrar
 TF3JB – FT8 – 30 metrar
 TF3LB – CW/FT8 – 15, 17 og 30 metrar
 TF3MH – FT8 – 30 metrar
 TF3PPN – FT8 – 17 metrar
 TF3VG – FT8 – 17 metrar
 TF5B – FT8 – 17, 30 og 40 metrar

Til skoðunar er að taka reglulega saman upplýsingar af þessu tagi.

11. janúar – Dayton 2021 aflýst.

Á hverju ári eru haldnar fjölmargar ráðstefnur og sýningar fyrir radióamatöra um allan heim. Þrjár eru stærstar sem eiga það sameiginlegt að vera, hver um sig, alþjóðlegur vettvangur áhugamálsins. Þetta eru Ham Radio í Friedrichshafen í Þýskalandi, Dayton Hamvention í Ohio í Bandaríkjunum og Tokyo Ham Fair í samnefndri höfuðborg Japans.



Dayton Hamvention sýningunni 2021 sem fyrirhugað var að halda 21.-23. maí n.k., hefur nú verið aflýst vegna Covid-19 faraldursins. Menn líta til næsta árs, 2022. Þetta verður 2. árið í röð sem aflýsa þarf sýningunni, sem annars hefur verið haldin árlega, óslitið frá 1952.

Verulegar líkur eru á að Ham Radio sýningunni í Friedrichshafen 2021, sem fyrirhugað er að halda 25.-27. júní n.k., verði einnig aflýst – en það hefur ekki verið ákveðið þegar þetta er skrifað. Verði henni enn fremur aflýst, verður það 2. árið í röð, sem aflýsa þarf sýningunni, sem annars hefur verið haldin árlega, óslitið frá árinu 1975.

Óvissa ríkir enn fremur um Tokyo Ham Fair sem fyrirhugað er að halda 2.-3. október n.k.

12. janúar – Horfum til 18. febrúar.

Eftirfarandi innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 18. febrúar:



Stjórn ÍRA hefur ákveðið að félagsaðstaðan í Skeljanesi verði lokað áfram vegna Covid-19 faraldursins.

Ástæðan er ný reglugerð heilbrigðisráðherra um tímabundna takmörkun á samkomum vegna far-sóttar sem tekur gildi á morgun, 13. janúar og gildir til 17. febrúar n.k.

Þrátt fyrir að takmarkanir á samkomum séu nokkuð rýmkaðar (mest 20 manns) er óbreytt ákvæði þess efnis að tryggja skuli a.m.k. 2 metra á milli einstaklinga sem ekki eru í nánnum tengslum.

Vonir eru bundnar við að slakað verði á kröfum vegna faraldursins með nýrri reglugerð ráðherra sem er að vænta eftir miðjan febrúar n.k. (eða fyrr). Gangi mál á besta veg horfum við til að geta opnað á ný fimmtudaginn 18. febrúar.

Það er von okkar að þessari ákvörðun fylgi ríkur skilningur.

Stjórn ÍRA.

TF6GI 1958.

Þorsteinn G. Gíslason, TF6GI (1877-1969) var QRV frá Seyðisfirði. Á meðfylgjandi ljósmynd má sjá QSL kort Þorsteins (neðst) og kort frá KL7CDF í Utqiagvik (Barrow) í Alaska, sem hann hefur trúlega verið nýbúinn að fá til að svara. Fjarskiptadagbókin hans er einmitt opin þar sem sambandið við KL7CDF er skráð þann 27. desember 1958 kl. 19:26 á morsi á 14 MHz.

Lesi má í loggnum skráð sambönd við aðrar stöðvar á morsi á þessum tíma, m.a. við forskeytin UA, OK, YU, ON, GM, UR HA OZ og LA. Þakkir til TF3SB fyrir upplýsingarnar.






Af alþjóðastarfi radióamatöra


Norrænn fjarfundur og IARU svæðis 1 fjarfundaráðstefna 2020

Kristján Benediktsson, TF3KB IARU/NRAU tengiliður ÍRA

Alþjóðasamtök radióamatöra, IARU (International Amateur Radio Union), skipta starfsemi sinni að fyrirmynd Alþjóða fjarskiptasambandsins, ITU (International Telecommunications Union), upp í þrjú landfræðileg svæði (Region), IARU svæði 1, IARU svæði 2 og IARU svæði 3. Þessi skipting er til komin vegna ýmissa reglna og tíðniúthlutana, sem geta verið ólíkar milli svæða. Yfirleitt er þó leitað samræmingar milli svæða eftir föngum í málum þar sem það á við, því radióbylgjur virða lítt landamæri.



ITU og IARU svæðin þrjú



Merki IARU, svæðissambandanna þriggja og Norðurlandafélaganna

Mögulegt væri að hafa reglulega alheimsráðstefnu IARU, sem gæti auðveldað samræmingu ýmissa mála á heimsvísu. Slík allsherjar- alheimsráðstefna hefur þó ekki þótt fýsilegur kostur til þessa, vegna mikils umstangs, langra ferðalaga og kostnaðar, sem því fylgdi.


Þess í stað heldur hvert svæði sína ráðstefnur á þriggja ára fresti, sem rótera milli svæða, þannig að ein ráðstefna er á hverju ári, í einhverju svæðanna. Samræmingin fer síðan fram gegnum náin samskipti. Fulltrúar svæða sitja ráðstefnur annarra svæða,

fulltrúar alheimsskrifstofunnar sitja einnig ráðstefnur svæðanna. Skýrslur og upplýsingar eru sendar á milli, o.s.frv.

Venjan hefur síðan verið, að Norðurlöndin haldi fundi á þriggja ára fresti, um það bil einum mánuði fyrir hverja svæðis 1 ráðstefnu. Gestgjafahlutverkið og formennskan varir þrjú ár í senn í NRAU og róterar milli fjögurra stærstu Norðurlandafélaganna. Venjulega lýkur hverjum NRAU fundi á því, að næsta félag tekur við kyndlinum til næstu þriggja ára.

Fjarfundur NRAU 5.– 6. september 2020

Norrænu samtökin NRAU (Nordisk Radio Amatör Union) voru stofnuð árið 1935 og áttu því 85 ára afmæli á árinu, sem minnst var í upphafi fundar. Að þessu sinni var formennskan í höndum sænska félagsins SSA (Sveriges Sändareamatörer).



Venjan er að hittast fyrst á óformlegum fundi síðdegis á föstudegi til að spjalla saman og kynnast. Að þessu sinni var föstudagstíminn notaður til að prófa og æfa fjarfundabúnaðinn og kynnast gegnum hann. Notað var fjarfundakerfið Jitsi Meet, sem sviarnir völdu og byggir á opnum hugbúnaði, sem reyndist vel.

Fundadagskráin var hefðbundin og eftirfarandi í stórum dráttum:

- Formaður SSA, Anders Larsson, SM6CNN setti fundinn að morgni laugardagsins 5. september 2020 kl. 7 UTC.
- Tillaga að dagskrá var lögð fram og samþykkt
- Stutt kynning á þátttakendum og landsfélögum
- Mats Espling, SM6EAN, stjórnarmaður í framkvæmdanefnd IARU svæðis 1 gerði grein fyrir stöðunni hvað varðar fyrirhugaða fjarfundaráðstefnu svæðis 1 eftir rúman mánuð og verkfund um framtíð amatörradíós ári síðar árið 2021

- NRAU málefni
 - ✓ NRAU vefsíðan. Hans Utne, LA6IM (TF8BK), stofnandi síðunnar tekur aftur við umsjón hennar
 - ✓ Skipti á norrænum amatörblöðum gengur vel og almenn ánægja með fyrirkomulagið
 - ✓ Grunnlög NRAU þarfnast smábreytinga að til- lögu NRRL, svo sem hvað varðar fjarfundi og kynjahlutleysi
 - ✓ SAC keppnisreglur og keppnismál voru rædd og eru í stöðugri endurskoðun
- Farið var í vinnuhópum yfir dagskrá og tillögur komandi fjarfundaráðstefnu svæðis 1
 - ✓ C3 – Stjórnunar- og skipulagsnefnd (Administrative and Organisational Committee) fundar- stjóri Mats Espling, SM6EAN
 - ✓ C4 – HF nefnd, fundarstjóri Mats Ericson, SM4EPR
 - ✓ C5 – VHF/UHF/SHF = VUSHF nefnd, fundar- stjóri Kjell Jarl, SM7GVF
 - ✓ C7 – EMC nefnd um rafsegulsamhæfi, fundar- stjóri Petter Gärdin, SM3PXO
- Ole Garpestad, LA2RR, varaformaður IARU, gerði grein fyrir málefnum ITU og WRC-23 og tengdum tíðnimálefnum
- Á lokafundi gerðu vinnunefndir grein fyrir sínum niðurstöðum
- Undirritaður lagði fram bókun á lokafundi varðandi mögulega nálgun við leyfisumsóknir um írsku 5m og 8m böndin (30–49 MHz og 54–69.9 MHz), vegna óvæntra fréttar er bárust í maí 2018, þegar írskir radióamatörar fengu víkjandi heimild til að nota þessi tíðnisvið. Málið þótti viðkvæmt nú vegna nýlegrar og erfiðrar baráttu fyrir og á WRC-19 varðandi stækkun 50 MHz bandsins í svæði 1
- Rætt var fyrirkomulag samskipta norrænu þátttak- endanna á svæðis 1 fjarráðstefnunni
- Norska félagið NRRL tók við formennsku í NRAU á næsta tímabili
- Fundi slitið um hádegi á sunnudegi 6. september 2020

Ráðstefna IARU svæðis 1

Árið 2020 var komið að svæði 1 að halda ráðstefnu og stóð til að halda hana í Novi Sad í Serbíu í október 2020, en Covid-19 kom í veg fyrir það. Ekki þótti hins vegar vænlegt til árangurs, að halda á fjarfundaform- inu þá viðbót við hefðbundna ráðstefnu sem fyrir- huguð var, það er verkfund (Workshop) um framtíð amatörradíós.

Var þá gripið til þess ráðs, að skipta áður fyrir- hugaðri ráðstefnu í tvennt, Hluta 1, hefðbundna ráð-

stefnu í fjarfundi í október 2020 og Hluta 2, verkfund um framtíð amatörradíós, fyrirhugaðan í Novi Sad í Serbíu í október 2021, í þeirri von að Covid-19 leyfi.

Hluti 1 – Fjarfundaráðstefna svæðis 1,

11.–16.október 2020

Aðeins einn fjarfundarstraumur var notaður, og því aðeins einn fundur í einu og engin skipting upp í marga samhliða vinnuhópa eins og ella.

Þetta hafði þau áhrif, að þeir sem aðeins tóku þátt í einum vinnuhópi, áttu frí ef þeir vildu meðan aðrir vinnuhópar funduðu, og nýttu sumir það, einkum fulltrúar landa með marga fulltrúa, sem skiptu með sér verkum.

Eða, sem ekki var áður mögulegt, nú gátu þátt- takendur tekið þátt í öllum fundum, ef þeir vildu taka á sig þá auknu viðveru sem því fylgdi, og nýttu ýmsir sér það.

Notað var fjarfundakerfið GoToMeeting og atkvæðagreiðslukerfið NemoVote, og reyndist hvort- tveggja vel.

Fundadagskráin var hefðbundin og eftirfarandi í stórum dráttum:

- Allsherjar opnunarfundur (Opening Plenary)
 - ✓ Don Beattie, G3BJ, formaður framkvæmdanefnd- ar IARU svæðis 1 tók fyrstur til máls með opnunarávarpi, að morgni sunnudagsins 11. októ- ber 2020, kl. 7 UTC. Hann minntist óvissutímans í Covid faraldrinum, sem hefði kallað á þessa fyrstu fjarfundaráðstefnu með yfir 200 skráðum þátt- takendum og 87 skjölum til að fara yfir
 - ✓ Minnst var félaga, sem látist höfðu síðan síðasta ráðstefna var haldin
 - ✓ Timothy (Tim) Ellam, VE6SH/G4HUA, forseti IARU setti ráðstefnuna formlega og flutti kveðj- ur Alþjóðaskrifstofu IARU (IARU International Secretariat) og fulltrúum okkar þar, þeim Ole Garpestad, LA2RR varaformanni IARU og Dave Sumner, K1ZZ ritara.
 - ✓ Tim sagðist fyrst hafa talað um breytingar, þegar hann varð forseti IARU árið 2009, og sagði nú enn og aftur: „IARU þarf að huga að breyttum starfs- háttum og aðildarfélögin að aðlaga sig að þeim“
 - ✓ Önnur mál

Upplýsingar frá Fjármála- og trúnaðarnefnd (C2 – Credentials and Finance Committee) voru kynntar. 100 aðildarfélög eru í svæði 1. Þar af hafa 84 greitt félagsgjald og hafa kosningarétt, sem hin 16, sem ekki hafa greitt félagsgjaldið hafa ekki. 50 landsfélög hafa skráð sig á ráð- stefnuna og skráð eru umboð fyrir þrjú. Engin félög sem ekki hafa greitt félagsgjald hafa skráð

sig. Til breytinga á grunnlögum þarf 2/3, eða 56 atkvæði, sem þýðir að verði breytingar samþykktar á grunnlögum, þarf að leita staðfestingar á þeim í póstatkvæðagreiðslu.

G3BJ var samhljóða samþykktur sem fundarstjóri í Stjórnunar- og skipulagsnefnd (C3 – Administrative and Organisational Committee)

Farið var yfir fyrirkomulag ráðstefnunnar

- C3 – Stjórnunar og skipulagsnefnd

Lögð voru fram 30 númeruð skjöl til umfjöllunar, auk annarra tengdra skjala, þar á meðal

- ✓ Skýrslur ýmissa vinnuhópa, auk skýrslu Framkvæmdanefndar svæðis 1 til ráðstefnunnar, og skýrslna frá Ramon Santoyo, XE1KK svæði 2 og Ken Yamamoto, JA1CJP svæði 3
- ✓ Aðrar upplýsingar og tillögur til vinnuhópsins, meðal annars

Ráðningar og endurráðningar formanna ýmissa vinnuhópa og nefnda

Breytingatillögur við grunnlög og samþykktir (Constitution and Byelaws) svæðis 1, sem nefndin samþykkti, og fjalla að mestu um uppfærslur og lagfæringar vegna fjarfunda og fjarráðstefna, sem vantaði eðlilega í eldri grunnlög, auk þess sem sitt hvað annað var lagfært í leiðinni, svo sem texti gerður kynhlutlaus, formaður heitir t.d. ekki lengur “chairman,” heldur “chair”

Drög að fyrirkomulagi Verkfundar um framtíð amatörradíós að ári

Samþykkt að halda áfram innan svæðis 1 viðleitninni til að reyna að fá mors viðurkennt sem alþjóðlegan menningararf. Sú viðleitni fari fram í sérstökum vinnuhópi innan vinnunefndar C4 – HF

Tillaga suður-afríska félagsins, SARL, um að til viðbótar við núverandi svæðis 1 ráðstefnunnar nefndir (C2, C3, C4, C5 og C7), verði stofnaður ný ráðstefnunnar nefnd til að fjalla sérstaklega um tækniþróun og tæknimálefni, er snerta amatörradíó (Technology Working Group)

Viðamikið fylki af skipulögðum vinnuþáttum og verkaskiptingu fyrir WRC-23 útbúið af Ole Garpestad, LA2RR, varaformanni IARU. Þetta var einnig kynnt í öðrum vinnuhópum.

Ole gerði einnig grein fyrir vaxandi umræðu um VHF+ samnotkun amatörtíðna fyrir ofan 146 MHz.

- C4 – HF vinnunefnd

Vinnunefndin fjallar um hefðbundna starfsemi radióamatöra á HF böndunum. Nú voru auk

nokkurra annarra skjala, lögð fram 17 skjöl númeruð vinnuhópnum, þar á meðal

- ✓ Skýrslur vinnuhópa og aðrar upplýsingar
 - ✓ Staðfesting á niðurstöðu síðasta Vínarfundar
 - ✓ HF bandplanið, vitar, keppnismál, neyðarfjarskiptamál og ýmsar tillögur
 - C5 – VHF/UHF/SHF = VUSHF vinnunefnd
- Lögð voru fram auk annarra skjala, 30 skjöl númeruð nefndinni, þar á meðal
- ✓ Ýmsar skýrslur vinnuhópa og upplýsingar
 - ✓ Staðfesting á niðurstöðu síðasta Vínarfundar
 - ✓ VHF/UHF/SHF bandplön, vitar, keppnismál, neyðarfjarskiptamál og ýmsar tillögur
 - ✓ Ein tillagan er varðar írsku 5 og 8 metra böndin skrifuð af Gintautas Gaidamavicius, LY2YR, Litháen, gekk út á að hefja formlega innan svæðis 1 umsóknarferil hjá CEPT/ITU/WRC um tíðniúthlutanir á þessum böndum.

Þessi tillaga náði ekki fram að ganga.

Ástæðan var, að eftir erfiðar samningaviðræður við stjórn margra landa varðandi stækkun 50–52 MHz bandsins fyrir og á WRC-19 þótti tillagan of viðkvæm og bratt sett upp og lítt til árangurs fallin að svo stöddu, hvað sem síðar yrði.

Þar sem þetta gæti snert nýja möguleika fyrir breiðbandstilraunir, sem síðar verður gerð grein fyrir, verður hér gerð aðeins ítarlegri grein fyrir málinu, en ella, sbr. bókum á lokafundi NRAU, þar sem rætt var um varlega nálgun hver lands í þessi máli.

Þegar málið var fellt, hafði undirritaður samand við flytjendur, og benti þeim á að varlegar orðuð nálgun, ekki á svæðis 1 grundvelli, heldur hvers lands fyrir sig, væri líklegri til að fá hljómgrunn.

Þeim leist vel á það og sendu breytta tillögu í þessa veru til fundarstjórnar, með ósk um að fá hana tekna upp á lokafundi.

Litið var hinsvegar framhjá tillögunni og hún ekki tekin fyrir á lokafundi. Viðbrögð, sem stinga í stúf við áralanga farsæla fundarstjórn fyrrverandi formanns framkvæmdastjórnar svæðis 1 til margra ára, Lou Nadort's, PA0LOU (nú SK), sem alltaf var til í, kæmi fram tillaga, að spyrja lokafund, „styður einhver annar þetta?“ og væri svo, var tillaga tekin fyrir.

Eftir ráðstefnuna hafa fregnir borist af leyfisveitingum nokkurra landa á þessum böndum. Hvort sem er á breiðbands- eða öðrum nærtækari nótum, geta verið ýmis tækifæri þarna fyrir íslenska radióamatöra, til dæmis að kanna skilyrði, setja upp radióvita eða því um líkt, því nágrannar okkar eru

duglegir að hlusta í vestur- og norðvesturátt.

- C7 – EMC málefni rafsegulsamhæfis.
 - ✓ Farið var yfir stöðu helstu málaflokka vinnu-nefndarinnar er snerta rafsegulsamhæfi og vaxandi truflanir og truflanahættu
 - ✓ Skýrsla formanns, skýrslur um staðlamál, suðmælingar og áætlanir um þráðlausar hleðslustöðvar fyrir rafbíla
 - ✓ Þótt þráðlausu hleðslustöðvarnar hafi vegna of mikilla truflana orðið undir í tækninefnd, hyggjast bílaframleiðendur ekki leggja árár í bát, heldur halda málinu áfram gegnum auglýsingaherferðir og stjórnmálamenn
 - ✓ Samþykkt að halda suðmælingum áfram; hvetja landsfélög til að vekja athygli stjórnvalda á hættunni sem radiófjarskiptum stafar af þráðlausum hleðslustöðvum bifreiða; og reyni að koma á góðum samskiptum við staðlaráð hvers lands
- Verkhópur ungmenna (Youth Working Group)
 - ✓ Formaður verkhóps ungmenna svæðis 1 (Youth Working Group), Lisa Leenders, PA2LS, gerði ítarlega og stórfróðlega grein fyrir því mikla ungmennastarfi sem unnið hefur verið innan svæðis 1 í hennar tíð. Þar á meðal eru margir ungmennatengdir viðburðir, YOTA (Youngsters On The Air), NOTA, BOTA, ungmennabúðir og starfsemi í loftinu, sem njóta vaxandi vinsælda meðal ungs fólks. Yfir 40% þátttakenda í sumarbúðum YOTA 2018 og 2019 voru konur.
 - ✓ Lisa nefndi, að aðeins 31 félag af 100 í svæði 1 hafa skipað ungmennafulltrúa, og hvatti fleiri félög til að gera það
 - ✓ Lisa gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku í nefndinni, en gaf að lokum góð ráð, m.a. að efla mætti áhuga á amatörradíói, með því að bjóða ungu fólki á radióamatörtengda viðburði
 - ✓ Nýr formaður í vinnunefnd unga fólksins var kjörinn Philipp Springer, DK6SP
 - ✓ Don, formaður framkvæmdanefndar svæðis 1 kynnti síðar, eða 1. nóv. 2020, að Lisa hefði verið ráðin sem sérlegur kynningarfulltrúi Framkvæmdanefndar svæðis 1.
- SRLC/PRC – Tíðnimála & reglugerðanefnd og Tengslanefnd við pólitík (Spectrum and Regulatory Liaison Committee/ Political Relations Committee)
 - ✓ Í þessum vinnunefndum er unnið að málefnum, sem skipta miklu máli. Í stuttu máli fylgjast þær með, reyna að skilja og reyna að hafa áhrif á hvað yfirvöld eru, eða kunna að hafa í hyggju að gera,

er kynni að snerta hagsmuni radióamatöra

- ✓ Formenn nefndanna fluttu skýrslur um starf nefndanna
- ✓ Tíðnimál hafa vaxandi pólitískar og tæknilegar hliðar, sem mikilvægt er að radióamatörar fylgist með
- ✓ Á evrópskri tíðnimálaráðstefnu nýlega var talað um samnotkun tíðna, sem búast má við að verði rætt um í vaxandi mæli, einkum á VHF+ böndunum, þ.e. fyrir ofan 146 MHz, og geta falið í sér einhver tækifæri, en líka ógnanir fyrir radióamatöra
- ✓ Reglugjafar hafa tekið dræmt í byrjendaleyfi, og því er lagt til að þeirri viðleitni verði hætt að svo stöddu á vegum svæðis 1
- ✓ Mörg stjórnvöld styðja eindregið stefnu IARU, svo sem um 50 MHz bandið og eru áhugasöm um að stuðla að fjölgun radióamatöra, sem leiði ungs fólks inn í STEM verkefni. STEM = Science, Technology, Engineering & Mathematics, felst opinberlega studd áætlun um menntunaráttak á þessum sviðum
- C2 – Fjármála- og trúnaðarnefnd

Nefndin fjallar um fjármál svæðis 1 og ýmis viðkvæm trúnaðarmál. Aðgangur að setu á fundum nefndarinnar hefur verið takmarkaður við þröngan hóp. Að þessu sinni, vegna möguleika fjárfundarins, var opnað á fundarsetu fleiri aðila en áður á þann hátt að formönnum sendinefnda var boðin þátttaka sem áheyrnarfulltrúar og 22 nýttu sér. Meðal þess sem rætt var um, var

 - ✓ Kynntir voru endurskoðaðir reikningar síðustu 3ja ára
 - ✓ Uppkast að fjárhagsáætlun IARU svæðis 1 fyrir árið 2021 var kynnt. Vegna Covid-19 hafa útgjöld 2020 verið talsvert undir áætlun, sem gerir fjárhag 2021 rýmri en ella
 - ✓ Rætt var ítarlega og lengi um mögulega hækkun á félagsgjöldum, sem ekki hafa hækkað í 20 ár (1,8 CHF á hvern félagsmann). Ákvörðun þar um var frestað til Verkfundarins 2021, þegar áhrif Covid-19 og Verkfundarins verða orðin ljósari
- Allsherjar lokafundur (Final Plenary) tók við og yfirför allar skýrslur og samþykktir vinnuhópa og -nefnda, þar á meðal
 - ✓ Niðurstöður vinnunefndanna C2, C3, C4, C5, C7, auk SRLC og PRC og verkhópi ungmenna ásamt tillögur að formennsku til þriggja ára í hinum ýmsu vinnuhópum
 - ✓ Stuttlega farið yfir reynsluna af fjarráðstefnunni
- Fundi slitið föstudaginn 16. okt. 2020

Norræna framlagið

Norðurlöndin hafa löngum komið sér saman um framboð eins norræns fulltrúa til Framkvæmdastjórnar svæðis 1, sem hingað hefur til náð kjöri. Núverandi norræni fulltrúinn er Mats Espling, SM6EAN, sem hyggst gefa kost á sér áfram, en kosningum til Framkvæmdastjórnar hefur sökum Covid-19 verið frestað um ár. Þá hefur Tore Worren, LA9QL, gegnt formennsku í C7 - EMC vinnunefndinni með ágætum, en gefur ekki kost á sé áfram.

Framlag Norðurlandanna til starfsins innan svæðis 1 hefur löngum falist í þessu ásamt uppbyggilegum og ábyrgum málflutningi og virkri þátttöku í ráðstefnum, fundum, nefndum og ráðum m.a. með ráðstöfun norrænu atkvæðanna 6 innan svæðis 1.

Að auki hefur norræna framlagið notið góðs af því að Ole Garpestad, LA2RR, sem var formaður Framkvæmdastjórnar svæðis 1 árin 2002–2008 var kjörinn varaformaður alþjóðasamtakanna IARU árið 2009 og hefur gegnt því embætti síðan.

EDR lagði fram tillögu í C5 – VUSHF nefndinni um að FT8 yrði samþykktur keppnisháttur, og var tillagan samþykkt. Þá gerði umsjónarmaður VUSHF metalista svæðis 1, Kjeld Thomsen, OZ1FF grein fyrir uppfærslu listans <https://vushf.dk/iaru-reg-1-dx/>.

NRRL lagði fram breytingatillögur við breytingatillögur að grunnlögum og samþykktum svæðis 1, er varða notkun rafrænna samskipta í vinnuhópum og nefndum á milli ráðstefna, sem samþykkt var inni í þeim pakka.

Drög að 6 tillögum ÍRA voru rituð á sínum tíma af TF3KB og kynnt í stjórn ÍRA. Að fengnum athugasemdum og leiðréttingum frá TF2EQ, TF3DX og TF3JB voru endanlegar tillögur lagðar fram.

Þótt tillögur ÍRA séu eins og dropi í hafði innan um mikinn fjölda annarra tillagna á ráðstefnunni, verða þeim þó hér til fróðleiks lesendum CQ TF gerð nokkur skil, ásamt afdrifum þeirra eins og þau koma fram í fundargerðum. Tillögunar 6 eru eftirfarandi:

1. Allir sendihættir útskýrðir

(All Modes Clarification)

Lagt er til að í HF bandplani svæðis 1 verði, þar sem sagt er All Modes,“ verði bætt við tilvísun í neðanmálsgrein með frekari útskýringum, þ.e. í stað „All Modes“ verði ritað: „All Modes *)“ og í neðanmálsgreininni, sem stjarnan vísar á séu undantekningarnar útskýrðar. Tillagan er fram komin vegna þess að oft er vísað í „All Modes“/„Allir sendihættir“ í HF bandplani svæðis 1. Þetta myndi gera bandplanið skýrara fyrir nýjum lesendum, að undantekningar séu á, þegar verið er að tala um „Alla sendihætti.“

Þó nokkur umræða varð um tillöguna. Reyndir menn, sem þekkja bandplanið vel áttuðu sig sumir ekki á hvað átt væri við með tillögunni, sáu ekki þörfina. Þegar tillagan var útskýrð betur, sögðu þeir kannski, aha, já, nú skil ég. Mögulegar endurbætur á framsetningu voru ræddar fram og aftur. Mest andstaða við tillöguna kom frá fulltrúa þýska félagsins, sem sagði að svona breyting bryti í bága við þeirra reglur. Þegar ljóst varð eftir umræður fram og aftur, að hvorki gekk né rak með samkomulag og Þjóðverjarnir „gráti nær,“ dró undirritaður tillöguna til baka.

5.6. IRA – All Modes Clarification (NS_C4_13_V3)

The paper was presented by TF3KB. There was discussion whether All Modes was adequately described in the band plan and whether the definition could be made clearer. There was no consensus on agreeing a rewording of the text. The paper was withdrawn by TF3KB.

2. Samskiptahættir á morsi

(CW Operating Procedures)

Með þessari tillögu er lagt til að VA14_C3_REC_21 samþykkt svæðis 1 ráðstefnunnar í Varna-Albena í Búlgaríu árið 2014, verði hrint í framkvæmd.

Upphaflegt tilefni þessarar tillögu er að finna í bókinni „Siðfræði og samskiptareglur radióamatöra,“ („Ethics and Operating Procedures for the Radio Amateur“) eftir John Devoldere, ON4UN og Mark Demeuleneere, ON4WW, sem kom út á íslensku árið 2009 í þýðingu Vilhjálms Sigurjónssonar, TF3VS.

Vilhjálmur Þór Kjartansson, Villi, TF3DX veitti því fyrstur athygli, að í bókina vantaði samskiptahætti á morsi, sem voru vel þekktir meðal reyndra radióamatöra. ÍRA tók málið upp á IARU svæðis 1 ráðstefnunni í Varna-Albena í Búlgaríu árið 2014 og lagði til að þetta yrði lagfært.

Bókin var þá komin á borð Alþjóðasamtakanna IARU, því Stjórnunarráð samtakanna (AC, IARU Administrative Council) hafði mælt með bókinni og enn frekar síðar, árið 2016, þegar höfundarnir afhentu IARU bókina.

Fyrir ráðstefnuna 2014 hafði Villi, TF3DX átt í miklum samskiptum við höfundana um að fá þeirra samþykki fyrir þessari lagfæringu. Meðal annars átti annar höfundurinn, John Devoldere, ON4UN, leið um Ísland á leið vestur um haf árið 2011 og bauð TF3DX honum í heimsókn og ræddu þeir þetta þá ítarlega í mikilli vinsemd.

Sérstakur vinnuhópur var skipaður í Búlgaríu um tillögu ÍRA. Enginn andmælti beinlínis efni tillögunnar, frekar að sumir teldu hana litlu máli skipta. Samkomulag náðist í vinnuhópnum um þá tillögu (VA14_C3_REC_21), sem hér er skjáskot af, og var hún þar samþykkt á lokafundi ráðstefnunnar án móttatkvæða, en þrír sátu hjá:

Recommendation VA14_C3_REC_21

1. Considering the established practise in use by the majority of amateur radio operators, IARU Region 1 recommends that well established CW procedures can still be used, in addition to the alternative procedures introduced in the book "Ethics and Procedures for the Radio Amateur" by ON4UN and ON4WW. The IARU Administrative Council endorsed the principles set out in the booklet.
2. The recommended CW (and digital mode) operating procedure involves the following:
 - a) "K" is an invitation to transmit at the end of transmission.
 - b) A station ending the transmission with "AR" alone is not inviting callers.
 - c) "K" is also the most common ending of a general "CQ" call.
3. That maximum publicity should be given, via member societies and other available channels, to this recommendation.
4. That the Region 1 Executive Committee is instructed to bring this result to the IARU Administrative Council at the first possible opportunity.

Proposed by: IRA
Seconded by: RSM
The motion was carried with three abstentions

Næstu misseri fréttist fátt af málinu. Þegar IARU fékk umráð yfir bókinni árið 2016 mátti kannski búast við einhverri hreyfingu á málinu, en ekkert fannst um slíkt, þegar gúglað var síðsumars 2020. Til ítrekunar lagði ÍRA því til nú, að samþykktin frá Varna-Albena árið 2014 kæmi til framkvæmda.

Viðbrögð komu frá Don Beattie, G3BJ, formanni svæðis 1, þar sem hann útskýrði töfina á málinu og spurði hvort þær útskýringar hans, færðar til bókar, væru nægjanlegar, án þess að atkvæði yrðu greidd um tillöguna. Féllst undirritaður á það:

- 3.4. IRA CW Operating Procedures (NS20_C4_14_V3)
The paper was presented by TF3KB.
G3BJ explained that the content of the 'Ethics and Procedures for the Radio Amateur' is being amended on the IARU Region 1 website and will be changed to include the recommendations in this paper, noting that as it is a significant workload to manage across several languages, it has not yet been completed. The meeting agreed this was acceptable.

3. Grafískt bandplan (Band Plan Graphic)

Lagt er til, að auk bandplansins á textaformi, verði gerð grafísk útgáfa af bandplani svæðis 1.

Tilgangurinn er að gera bandplanið aðgengilegra, einkum nýrri notendum, þannig að sjá megí næstum í sjónhendingu hvar á böndunum mismunandi sendiháttum er ætlað að vera.

Bakgrunnurinn er að á svæðis 1 ráðstefnunni í Davos árið 2005 lagði NRRL þetta til, en það fékk þá ekki hljómgrunn. Þar sem hugmyndin er góð, og grafískar útgáfur hafa í vaxandi mæli verið að komið út í nokkrum löndum, endurflutti ÍRA nú þessa tillögu.

Tillagan var samþykkt í vinnuhópi C4 – HF með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða:

- 5.7. IRA – Band Plan Graphic (NS20_C4_15)
The paper was presented by TF3KB. A request was made that the IARU create a graphical band plan. It was also noted that this would be for HF bands only. There was no further discussion as to the implementation of the recommendation.

Votes: For 25, Against 3, Abstain 2. Carried.

Recommendation NS20_C4_Rec_05:

That IARU Region 1 (C4) creates a simple one-page HF band plan graphic for use by member societies.

Á allsherjar lokafundi lýsti fundarstjóri eftir flytjanda og lagði norska félagið NRRL tillöguna fram og var hún studd af tékkneska félaginu CRC. Tillagan var síðan samþykkt samhljóða:

c. → Recommendation-NS20_C4_Rec_05: Document-NS20_C4_15¶

That IARU Region 1 (C4) creates a simple one-page HF band plan graphic for use by Member societies.¶

The recommendation proposed by NRRL and seconded by CRC was carried with 36 in favour, 0 against, 0 abstentions¶

4. Breiðbandstílaunir

(Wideband Experimentation)

Lagt er til að þróað verði fyrirkomulag á núverandi og nýjum böndum, til frjálsra breiðbandstílauna með áður óþekktar mótunaraðferðir og tækni. Tillagan var lögð fram í tveimur vinnunefndum, þ.e. C4 – HF og C5 – VHF/UHF/SHF.

Tillagan á sér langan aðdraganda.

Radíótæknin var breiðbands í upphafi á tímum neista-sendanna, ekki af yfirlögðu ráði, heldur vegna ófull-kominna tækja. Síðan voru þróaðar bandþrengri aðferðir eins og CW og SSB, sem hafa verið mikils ráðandi um áratugi. SSB var kynnt í desemberhefti 1956 af Proceedings of the IRE. Í því blaði er lof borið á SSB og rófnýtni þess umfram AM, í öllum greinum blaðsins nema einni, eftir John P. Costas, W2CRR/K2EN, sem sagði að DSB sé nánast jafn rófnýtið og SSB [1].

Löngu seinna hitti undirritaður einu sinni sem oftast þáverandi forseta IARU, Richard L. Baldwin, W1RU (nú SK) og barst þetta í tal. Árið 1956 starfaði hann hjá bandaríska hernum. Þar var grein Costas lesin af mikilli athygli og sáu þeir að hann hafði mikið til síns máls. Var þá gefin út tilskipun um algera þögn um málið innan hersins. Þetta var eitthvað sem þeir vildu skoða nánar.

Það varð upphafið að rannsóknum á bandbreiðum sendiaðferðum og þeim skilningi að bandbreiðar sendiaðferðir geta verið jafn rófnýtnar og þær bandmjórri, og hefðu að auki ýmsa aðra og ólíka eiginleika. Það sem hefur staðið gegn skilningi á þessu, er hve þetta stingur í stúf við viðteknar hugmyndir, að margir trúa þessu ekki í fyrstu.

Þannig fór fyrir ritstjóra QST á þeim tíma, en W1RU upplýsti að Costas hefði boðið QST grein um þetta til birtingar, en ritstjórinn hafnað henni. Costas fór þá með greinina til CQ tímaritsins, sem birti hana. Þannig fór líka fyrir undirrituðum, þegar hann í upphafi radióamatörferilsins rakst á þessa grein í gömlu CQ tímariti, frá janúar 1957. Það var ekki fyrr en löngu seinna, að nýtt samhengi og nýr skilningur leit dagsins ljós.

Margir radióamatörar hafa minnst á þetta af og til síðan, en það er eins og það næði varla eyrum IARU lengi vel, jafnvel enn í dag er þetta mjög framandi, ef ekki fjarstæðukennt í huga margra, en það er þó að breytast.

Að hinu þarf líka að huga, að vandasamt er að blanda saman án truflana mjög ólíkum sendiháttum, einkum á böndum eins og HF böndunum, sem eru mjög þétt setin fyrir. Eðlilegt að menn hafi efasemdir um það. Því er tal- að um í tillögunni að þetta sé nokkuð sem þurfi að þróa.

Nokkuð óvæntur vinkill inn í þetta voru fréttir, sem bárust í maí 2018, þegar írskir radióamatörar fengu víkjandi heimild til að nota tíðnisviðin 30–49 MHz og 54–69,9 MHz. Íraska félagið IRTS, í fyrsta landinu sem veitir leyfi á þessum böndum skipulagði bandplan fyrir þau á grundvelli „meira af því sama“, í stað þess að líta á þessi breiðu bönd sem stórkostlegt tækifæri til að gera líka eitthvað algerlega nýtt. Skipuleggja böndin á nýjan hátt, opna þau fyrir frjálsum tilraunum radióamatöra fyrir nýja og áður óþekkt útsendingarhætti.

Þannig varð til hugmyndin um að hreyfa þessu nú á vettvangi svæðis 1.

Í C4 - HF nefndinni var tillagan felld með 4 atkvæðum, sbr. eftirfarandi bókun:

5.5. IRA – Wideband Experimentation (NS20_C4_16_V3)
The paper was presented by TF3KB.
There was discussion as to whether this was already covered in the 29MHz topic, noting that there was concern about wide bandwidths in lower HF bands.

Results for vote: A framework for wideband experimentation the amateur bands be developed by opening up new designated segments of existing and new bands for free experimentation with unheard of modulation modes and techniques.

Votes: For 9, Against 13, Abstain 4. Not carried.

En í C5 - VHF/UHF/SHF nefndinni var tillagan hins vegar samþykkt:

5. Wide band experimentation (NS20_C4_16)

In the past wide modes were necessary narrow band modes were usual for decades.
Current wideband transmissions have been shown to be approximately equally good conservers of radio spectrum as the narrow band ones.

Recommendation:

- A framework for wideband experimentation the amateur bands be developed by opening up new designated segments of existing and new bands for free experimentation with unheard of modulation modes and techniques.

9 in favour, 8 against, (12) abstained

Á lokafundi var tillagan síðan borin fram af austur- ríska félaginu, ÖVSV og studd af serbneska félaginu, SRS, og samþykkt með miklum meirihluta:

I. → Recommendation-NS20_C5_Rec_13¶

That the recommendation in paper NS20_C4_16 on wide-band experimentation be accepted.¶

The recommendation proposed by ÖeVSV and seconded by SRS was carried with 26 in favour, 5 against, 7 abstentions¶

Tvær tillögur um framtíð amatörradíós voru lagðar fyrir:

5. Skoðanakönnun (Questionnaire Study)


Tillagan gengur út á, að sem fyrsta skref í því að hlusta á yngri kynslóðina, verði gerð skoðanakönnun til að meta kosti áskorana, ástríðu og þrautseigju fyrir amatörradíó.

6. Hæfileikahvís og vaxtarhugarfar fyrir framtíð amatörradíós (Talent Whispering and Growth Mindset for Future of AR)

Lagt er til, að vegurinn fyrir amatörradíó verði áfram varðaður hugarfari vaxtar, ástríðu og þrautseigju ásamt árangursríkri samvinnu milli kynslóða. Þessar tvær tillögur eru nátengdar og skoðast gjarnan saman, með tilvísun í heimildir [3] og [4]. Þær voru lagðar fram fyrir bæði C3 – Stjórnunar- og rekstarnefnd og eru fyrstu tillögurnar og þær einu, enn sem komið er, til að berast fyrir ráðstefnu–Hluta 2, Verkfund um framtíð amatörradíós að ári. Eftir nokkrar umræður var samþykkt að vísa tillögunum áfram til umræðu á Verkfundinum 2021:

5. Future and growth. Documents NS20_C3_18_V3 Talent whispering & growth and NS20_C3_17_V2 Questionnaire Study were presented by TF3KB. After discussion it was agreed that to carry the document forward for discussion at the in-person conference in 2021.

Jákvæð ummæli bárust um þessar tillögur:



Framangreind frásögn nær aðeins að stikla á fjalla- toppum. Er höfundi bæði ljúft og skylt að svara spurn- ingum, ef einhverjar eru og gefa fyllri mynd af þessu efni, hvar og hvenær sem tækifæri gefst.

Heimildir:

- [1] Costas, John P., (1956). *Synchronous Communications* (Classic Paper 2002 IEEE), Proceedings of the IRE, <https://maxwell.ict.griffith.edu.au/sok/dc/secure/01037570.pdf>
- [2] Harmuth, Henning F., *Transmission of Information by Orthogonal Functions*, Springer Verlag Inc. 1969.
- [3] Sigmundsson, H. et al. (2020). The passion scale: Aspects of reliability and validity of a new 8-item scale assessing passion. *New Ideas in Psychology*, ELSEVIER, 2020, <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0732118X19300625>
- [4] Coyle, Daniel (2009). *The Talent Code, Greatness isn't Born, it's Grown*. Bantam Books 2009, <http://danielcoyle.com/the-talent-code/>



Bættur árangur um ? dB á SSB

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A

1. Inngangur.

Með tilkomu nýrra fjarskiptastöðva fyrir radióamatöra undanfarin ár hefur orðið auðveldara að fylgjast með gæðum sendingar á SSB. Aukin gæði í sendingu eru eftirsóknarverð vegna þess að þau gera merkið sterkara og læsilegra, hvort heldur er yfir langar vegalengdir (DX) eða innanlands á 80 metrum. Flestir hafa tekið eftir misjöfnum gæðum merkja hjá stöðvum sem senda á SSB þegar stillt er yfir talhluta HF bandanna. Margt getur komið til, en oft er eins og að ekki hafi verið gætt að réttri stillingu SSB sendingar eða þjöppunar (*e. processing*).

Margar nýjar stöðvar eru búnar einföldum tíðni-rófsskoðara (*e. spectrum analyzer*) sem auðveldar að átta sig á vandanum. Svarið er, að lágtíðnin í röddinni er send út á fullu afli þannig að ekki er rými fyrir hátíðnina. Fyrir vikið verður aðeins ca. 30–40% hluti af röddinni send út í loftnet.

2. Í framhaldi.

Það fyrsta sem yfirleitt er vísað á er eigendahandbók tækisins þegar um er að ræða verksmiðjuframleidda stöð. Notkunarleiðbeiningar eru yfirleitt ágætir og nauðsynlegar til að átta sig á merkingu þess sem lesa má af skjá stöðvarinnar.

Gerum ráð fyrir að notuð sé 2700 Hz bandbreidd. Spurning er síðan hvar aflið liggur innan bandbreiddar SSB merkisins. Ótrúlega margar stöðvar senda mest afl frá ca. 100–500 Hz. Sá hluti aflsins sem er sendur út fyrir ofan 500 Hz er verulega lægri. Eða, ef gert er ráð fyrir að stöðin sé 100W, þá sendir hún ca. 100W (PEP) upp í 500 Hz og þar fyrir ofan sendir hún ca. 1W.

Ef viðkomandi stöð er t.d. með merkið S-9, þá skilar allt raddsviðið sendanda sér og fær umsögnina

5/9. Síðan, ef sendingin frá þessari stöð er e.t.v. S-7 í styrk þá heyrir eingöngu lítill hluti af tíðnisviði raddarinnar og ekki er lengur hægt að gefa viðkomandi 5/7 því læsileikinn fellur í 3 eða neðar.

3. Vandinn leystur.

Ég fékk tækifæri til að stilla mótun í sendingu á SSB í einni af nýjustu stöðvunum á markaði. Stöðin hefur m.a. innbyggðan tónjafnara í sendingu (*e. equalizer*). Ég prófaði að stilla tónjafnarann þannig, að rödd eigandans yrði jafn sterk yfir allt tíðnisviðið (100–2800 Hz). Það þýðir, að meðalgildi mótunarinnar varð miklu hærra eða u.þ.b. 100W PEP í stað aðeins 20–30% (af 100W PEP).

Umsögn radióamatöra um mótunina frá þessari stöð á 80 metrunum (eftir stillingu) var gegnumsneitt afburða góð og **einnig** þegar styrkur merkisins féll, t.d. niður í S5 eða jafnvel neðar. Einn radióamatör lýsti því þannig, að þrátt fyrir að styrkurinn hafi verið kominn niður í núll á mæli hafi mótunin eins og „flotið“ með merkinu og sendingin var áfram læsileg. Þessi reynsla gerði það að verkum að ég ákvað að segja frá þessari tilraun á þessum vettvangi.

Ég fékk tækifæri til að stilla aðra stöð með innbyggðum tónjafnara. Það kom til þar sem heyrðist lágt frá stöðinni, þótt styrkur merkisins væri tiltölulega hár. Þegar ég skoðaði mótunina í KiwiSDR viðtæki, sá ég að 100W voru næstum því öll á 80 Hz og það sem á vantaði var í kringum 1W. Þá notaði ég aftur sömu aðferð og við fyrri stöðina.

Eftir að ég jafnaði raddsviðið þannig að afl sendisins (100W PEP) varð jafnt yfir tíðnisviðið gjörbreyttist sendingin til batnaðar. Talið hækkaði verulega og mótunin var sögð frábær.




MYND 1. Á X-ásnum er tíðnin í Hz og á Y-ásnum er sendiafl í dB. Myndin sýnir toppmerki raddar eftir 10 sekúndna tal. Þótt myndin sýni ESSB merki (bandbreidd 100–4000 Hz) er hún mjög dæmigerð fyrir 100–2800 Hz merki (auðvelt er að hliðra rauða rammanum til vinstri sem því nemur) auk þess sem hægt er að lesa af Y-ásnum mun á lág- og hátíðni raddar sem færa má beint yfir í afl sendis í wöttum.
Ljósmynd: TF1A.

4. Það heyrir alltaf vel í mér!

Sumir kunna að segja: „Þetta er bara bull...það heyrir alltaf vel í mér!“ Skýringin kann að vera að hugsanlega tali viðkomandi bara við „sterkar“ stöðvar. En hvernig væri að sannreyna að allt sé í lagi? Til þess þarf tíðnirófsskoðara (e. *spectrum analyzer*). En þá kemur upp vandamál. Það eru nefnilega ekki allir sem eiga stöð sem er þannig útbúin.

Þegar svo er, býðst einföld lausn sem er að nota t.d. eitthvert KiwiSDR viðtækjanna þriggja hér á landi. Það má gera með því að „draga inn“ sendinguna, þ.e. gera bandbreiddina á viðtækinu þannig að það sýni eingöngu þitt merki og velja „spec“ (sbr. örina merkt 1 á mynd 2). Flestir taka þá eftir að merkið er sterkast í öðrum endanum, þ.e. bassinn er um 600 Hz og neðar. Hver gluggi á myndinni er 10 dB og hvert dB skiptir miklu máli. Svo reyndu að fá talið eins jafnt eins og frekast er unnt (t.d. 100–2800 Hz).



MYND 2. Skjámyndin sýnir (efst) að búið er að jafna talbandið sem er nauðsynlegt til að ná hámarks árangri á SSB. Myndin er tekin af KiwiSDR viðtæki þegar búið er að „draga inn“ talið eins og skýrt er að framan. Mikilvægt er að „spec“ sem örin vísar á sé grænt. Ljósmynd: TF1A.

Hingað til höfum við stillt tónjafnarana eftir því hvernig okkur sjálfum finnst röddin hljóma best eða með því að fá álit annarra. Þetta er röng aðferð. Þess í stað mæli ég eindregið með að gera allt tíðnisviðið jafn sterkt með því að horfa á fossinn í KiwiSDR viðtækinu. Niðurstaðan verður að stöðin sendir hvorutveggja lágu og háu tónana á fullu afli og útkoman verður frábær!

En hvað með talpressuna (e. *processor*)? Hætti ég þá að nota „próessorinn“? Það er að sjálfsögu í góðu lagi að nota hann áfram vegna þess að hann aðlagar útsent afl enn betur og breytir ekki tónjafnanum. Segja má að hann „lyfti“ meðalaflinu í sendingu.

5. Keppnisstöðvar

Það er eftirtektarvert að keppnisstöðvar kjósa oft að nota hljóðnema sem sendir frá 400 Hz (þá skerst bassinn í

burtu á kostnað þess að mótunin verður „hræðilega“ ljót). En þetta þarf ekki að vera þannig, vegna þess að keppnisstöðin getur haft skýra/læsilega rödd með sömu útkomu og að nota „þrönga“ mótun með því að jafna allt tíðnisviðið í sama styrk.

6. Er þetta virkilega rétt?

Spyrja má hvort raddir manna séu ekki mismunandi, þ.e. stundum bassakenndar og stundum með „diskant“ þannig að ekki þurfi að draga bassann niður. Svárið er eftirfandi. Ég kveikti á tíðnirófsskoðara (e. *spectrum analyzer*) sem hefur flata móttöku. Ég fylgdist síðan með nokkrum stöðvum á 40 metra bandinu. Stillti



MYND 3. Mynd tekin af tveimur LSB merkjum á 40m. Sjá má að bassinn er mjög sterkur sem hluti af merkinu. Hver lóðrétt rúða er 5 dB í afli. Bassinn er vinstra megin í hvoru merki (LSB). Ljósmynd: TF1A

mælitækið á „peak 10 sek.“ sem grípur toppafl sendingar merkjanna og heldur vísun, þ.e. mælitækið tekur hæstu gildin og geymir þau. Niðurstaðan var, að flest merkin voru með fullt afl fyrir neðan 600 Hz og restin var að senda út það sem stóð útaf í raddsviðinu, 20 dB neðar. Þessi prufa styður þá fullyrðingu að það þurfi að „lyfta“ hátíðni raddarinnar hjá flestum (sjá mynd 3).

7. Eldri stöðvar.

Hugmyndin er að fjalla sérstaklega um hvernig hægt er að jafna talbandið í stöðvum sem ekki hafa innbyggðan tónjafnara (í sendingu) í næsta tölublaði CQ TF.

8. Vefslóðir.

Hér á eftir eru slóðir inn á KiwiSDR viðtæki yfir netið sem eru staðsett á Íslandi og hægt er að nota til að skoða og stilla mótun á SSB. Muna að velja „spec“ áður en farið er í stillingar.

<http://ira.utvarp.com> Viðtæki er staðsett í félagsaðstöðu ÍRA við Skeljanes í Reykjavík.

<http://bjarg.utvarp.com> Viðtæki er staðsett á Bjargtöngum í Vesturbyggð.

<http://rauf.utvarp.com> Viðtæki er staðsett á Raufarhöfn.

73 de TF1A.



Þriggja banda dípóll: 80 – 40 – 20 m


Georg Magnússon, TF2LL

Með einfaldari loftnetum til heimasíða er dípóllinn, yfirleitt kallaður $\frac{1}{2}$ dípóll. Hægt er að hugsa sér tvo lárétta $\frac{1}{4}$ víra sem eru strengdir út og fæddir í miðjuna (sbr. meðfylgjandi teikningu).

Dípólar eru hins vegar til í mörgum stærðum og af mörgum gerðum. Þá má nota lárétta, lóðrétta, sem „Vaff á hvolfi“, sem „A-laga“, sem ferköntuð og beygluð loftnet (*e. folded*). Svokölluð „Cobweb“ og „Hexbeam“ loftnet eru dæmi um þau síðastnefndu, en þá hefur verið bætt við „elementum“ til að gera þau stefnuvirkari. Cobweb loftnetið er dæmi um „ferkantað“ tveggja elementa loftnet þar sem elementin eru brotin/beygluð (*e. folded*) til að minnka fyrirferð. Þau eru gjarnan fimm banda, 10, 12, 15, 17 og 20 metra. Hexbeam er einnig tveggja „elementa“ stefnuvirkta loftnet; oftast fyrir sömu bönd, en stundum er 6 metra bandinu bætt við. Hexbeam er hins vegar stefnuvirkara og þarf því helst loftnetsrótor.

Cobweb og Hexbeam loftnet eru í raun einföld smíð og virka vel en ávinningur er takmarkaður vegna þess hve elementin eru sveigð/beygð til að minnka fyrirferð. Þessi net koma hins vegar vel út og eru prýðileg bæði í viðtöku og sendingu. Með góðri fæðilínu og vönduðum frágangi á tengipunktum er hægt að fæða þau með fullu afli (1kW).

Í þessari grein ætla ég að lýsa þriggja banda dípól sem ég setti saman fyrir nokkru. Loftnetið er fyrir 80, 40 og 20 metra böndin. Einfaldast er að fæða dípóla




Einfaldur $\frac{1}{2}$ dípóll. Vírinn í hvorum armi er $\frac{1}{4}$ langur. Loftnetið er síðan fætt í miðjuna, t.d. með 50 eða 75 kóax. Þegar það er gert er gjarnan notaður spennir (*e. balun*) í fæðipunkti.

með kóax en það er líka hægt t.d. með stígalínunum. Hér notast ég við kóax sem fæðilínu. Armarnir þrír hafa sameiginlegan tengipunkt. Annar helmingurinn fer í miðju fæðilínunnar og hinn helmingurinn í skerminguna. Tengipunktana einangra ég með suðulímbandi. Ég miða við að hafa 80 metra hlutann skorinn nokkurn veginn fyrir innanlandstíðnina eða 3637 kHz og 40 og 20 metra böndin u.þ.b. á miðju bandi.

Miðað er við að þurfa ekki að nota sérstaka loftnetsaðlögun, þ.e. utanaðkomandi loftnetsaðlögunarrás (*e. external antenna tuner*) þar sem flestar nýrri stöðvar hafa þær innbyggðar. En að sjálfsögðu eiga utánaliggjandi aðlögunarrásir létt með að leiðrétta vinnutíðnir „upp og niður“ á þeim böndum sem loftnetið er skorið fyrir.

Ég hef umfram vírenda lagðan upp með hverjum armi til að leiðrétta eigintíðni (ef með þarf) og þá sérstaklega á 80 metrunum því talsverður munur er á neðri hluta bandsins (CW hluta) og SSB DX hluta. Ef



Mynd 1. Skissa af loftnetinu, aðeins annar helmingu þess er teiknaður en þeir eru náttúrliga eins.

Þess er gætt að vanda mælinguna (þ.e. að hafa báða arma jafn langa) er ekki mikil hætta á að fá „utanáliggjandi“ bakstraum. Þess vegna nota ég ekki spennu (e. *balun*) í fæðipunkti, en ef menn vilja er einfalt að vefja nokkrum metrum af fæðilínunni upp á 4“ plast-rör og búa til svokallað „Ugly balun“ eða einhverja aðra gerð af spennu (1:1) til þess að fyrirbyggja allan bakstraum.

Við gerð þessa loftnets nota ég 2,5 mm² margþættan töfluvír sem er til þess að gera ódýr og fæst t.d. hjá Ískraft, Reykjafelli og Rönning í Reykjavík. Mun ódýrara er að kaupa eina rúllu hjá þeim heldur en í metravis í byggingavöruverslunum. Ég hef ekkert skoðað eða kafað mikið ofan í fræðin hvað varðar hraðastuðla o.þ.h. í hinum ýmsu vírategundum, óeinangruðum eða einangruðum. En jú, víst er einhver munur en ef maður reiknar t.d. lengd miðað við lægstu tíðni á 80 metra bandinu. Þess í stað hef ég lagt u.þ.b. 50cm umfram lengdina. Þá hefur maður nógan spotta til að stilla eigintíðni netsins fram og til baka. Síðan notaði ég 20cm lengd fyrir 40 metrana og 10 cm fyrir 20 metrana. Hins vegar má auðveldlega finna á netinu og í loftnetabókum, reikniformúlur og teikningar fyrir einsbands og fjölbanda dípóla ef menn vilja.

Áður en ég eignaðist loftnetsgreini notaðist ég við innbyggða standbylgjumælinn í stöðinni, en flestar HF stöðvar fyrir radióamatöra eru í dag búnar slíkum mælum sem eru ágætlega nákvæmir og duga vel. ÍRA á líka MFJ loftnetsgreini sem félagsmönnum býðst að fá til láns. Hann tekur HF böndin upp í 470 MHz.

Nú kann einhver að spyrja, gengur það að hafa sameiginlegan tengipunkt, þ.e. að tengja loftnetsarmana á mismunandi böndum saman. Jú, það er með RF eins og vatnið það leitar alltaf í rétta átt! Bylgjan fer þangað sem henni hentar og hún finnur sér farveg.

Til að halda örmunum í sundur nota ég rafmagnsrör og hef 25 cm á milli, bora gat fyrir vírinn og set síðan nokkra hringi af einangrunarbandi beggja vegna til þess að halda rörinu í skefjum. Að neðan er svo smá aukaendi (ca. 10cm) fyrir stag. Þar sem 2,5 mm² margþætti vírinn er frekar þungur nota ég stög til þess að strekkja armana út og niður. Ég nýti mér einangrara sem eru ætlaðir fyrir rafmagnsgirðingar, en þá má kaupa í verslunum sem selja rafmagnsgirðingaefni, t.d. í Líflandi í Reykjavík.

Það er hægt að fá bæði plasteinangrara sem eru léttir og postulínseinangrara sem eru talsvert þyngri. Þessu til viðbótar má líka nefna að rafmagnsgirðingavír henta líka ágætlega í loftnet en þó með þeim vankanti, að stöðurafragn (e. *static electricity*) getur myndast í slíkum vír vegna þess að leiðararnir eru vafðir í

nælonband og þá getur verið erfitt að lóða vírana vegna þess að þeir eru yfirleitt ryðfrír – en það hefst þó með þolinmæði. Rafmagnsgirðingavír eru léttur og sterkur.

Á mynd 1 má sjá skissu af loftnetinu. Þarna má sjá hversu einfalt þetta er að setja saman fjölbanda dípól loftnet, nælon platan eða annað einangrandi efni er borað eftir þörfum, málin á plötunni eru rétt til viðmiðunar. Platan gæti líka verið lengri þ.e. upp og niður og þá að vera lengra á milli loftnetsarmanna.

Á mynd 2 má sjá miðjuna, hvernig platan er borðuð og svo snarað úr götunum þar sem armarnir koma út en það er gert til þess að einangrunin á vírnum særist ekki. Það má nota hvaða plast sem er og ef menn eru í vafa um hvort efnið henti má setja það í örbylgjuofn. Ef platan hitnar ekki er hún í lagi. Neðst set ég síðan spotta niður með fæðilínunni til að halda við hana til að þyngdin á kaplinum reyni ekki á tengipunktana. Ég nota suðulímband frá Scotch 3M, gerð 130C og einangrunarlímband frá sama framleiðanda, gerð Super 88. Þetta eru freka dýr límbönd en maður er ekki að nota svo mikið í einu. Hvorutveggja fæst hjá Kemi í Reykjavík og eflaust á fleiri stöðum.



Mynd 2. Miðjan

Á mynd 3 má sjá rafmagnsrörið sem er notað til þess að halda loftnetsvírnum í sundur. Þetta er bara venjulegt rafmagnsrör en nota má eiginlega hvaða einangrara sem er og þess vegna líka timbur en þó er betra að hafa eitthvert plastefni í þessu þannig að það dragi ekki í sig vatn. „Spreaderinn“ fjær (mynd 3.a) er síðan eins, nema fyrir tvo víra.



Mynd 3. „Spreader.“



Mynd 3.a. Sjá má hvar 80 metra armurinn kemur í gegn um „spreaderinn“ og 40 metra armurinn endar. Þarna sést líka hvernig smá virbútur er lagður upp til þess að eiga möguleika á lengingu ef með þarf.

Á mynd 4 má sjá endaeinangrarann sem er úr postulíni. Notaða einangrandi efni sem er. Þarna má sjá hvernig merkt er upp lengdin fyrir innanlandstíðnina á 80m og síðan fyrir SSB DX hluta bandsins. Þannig er, til þess að gera, fljótlegt að slaka niður og færa til milli efri og neðri hluta bandsins, en aðlögunarrás ræður oftast við þennan mun ef menn kjósa að nota hana. (Á myndinni er stillt á SSB DX hlutann).



Mynd 4. Endaeinangrarinn.

Mynd 5 sýnir rörið sem heldur loftnetinu uppi en það er úr glertrefjum (e. fiberglass), 6 metra hátt og svo eru samskonar rör til endana, 2 metra há.

Ég festi einangrara í toppinn til að hífa loftnetið upp. Vegna þess hversu loftnetið er lágt virkar 80 metra hlutinn vel innanlands en síður fyrir DX.


Ég hef þó tekið slatta af DX samböndum á það, bæði austur um haf og vestur. Loftnetið er til þess að



Mynd 5.
Burðarstöngin.


gera flatt og virkar sem láréttur dípóll, en ekki eins og vaff á hvolfi.

Mynd 6 sýnir „spreader“ og hvernig 80 og 40 metra armarnir koma í gegn og hvar 20 metra armurinn endar. Þá sést einnig stagið að neðanverðu.



Mynd 6. „Spreader“.

Á mynd 7 má sjá SWR niðurstöðu eftir fyrstu uppsetningu. Standbylgjan er viðunandi en má laga aðeins á 40 m.



Mynd 7. Standbylgjumæling eftir fyrstu uppsetningu.

Bæði 40 og 20 metra hlutar netsins koma vel út í DX. Fyrir þá sem ekki hafa möguleika á að strengja loftnetsarmana beint út, er ekkert að því að beygja þá. Virkinn minnir kannski eitthvað en ekkert sem nemur. Þá er einnig hægt að vinda spólur á 80 metra armana og stytta þannig netið til beggja átta. Loftnetið styttest en vírlengdin verður sú sama.

Dípóllinn er stefnuvirkur og hjá mér er hann settur upp í norður–suður og er þar af leiðandi stefnuvirkur í austur–vestur. Vegna þess hversu loftnetið er lágt frá jörðu hefur það ekki sýnt neina stefnuvirkni innanlands á 80 metra bandinu.

Lítið mál er að hafa fleiri bönd á svona loftneti, bara meiri vír! Síðan kemur alveg til álita að sleppa 80 metrnum og hafa netið bara fyrir hærri böndin. Upplýsingar fyrir vírlengdir fyrir fleiri bönd: 17 metrar; 3,89m, 15 metrar; 3,38m og 10 metrar; 2,4m hvor leggur.

Sem sagt, einfalt, virkar vel og er ódýrt!

73 de TF2LL
Georg Magnússon.



Worked All States (WAS)

Jónas Bjarnason, TF3JB

Landsfélag radióamatöra í Bandaríkjunum, ARRL, gefur út fjölda viðurkenninga fyrir radióamatöra. Meðal þeirra eru fjórar þekktastar: DXCC (*DX Century Club*), VUCC (*VHF-UHF Century Club*), WAC (*Worked All Continents*) og WAS (*Worked All States*). Leyfishafar, búsettir utan Bandaríkjanna, geta einnig sótt um viðurkenningarnar og þurfa ekki að vera félagar í ARRL.

Til að sækja um WAS viðurkenninguna þarf að hafa staðfest sambönd við sérhvert 50 ríkja Bandaríkjanna. Sambönd við „District of Columbia“ má nota í staðinn fyrir Maryland. Þrjár aðferðir eru til að sækja um viðurkenninguna. Sú fjórða er sérstaklega fyrir 5 BAND WAS (5BWAS) viðurkenninguna:

- Allar staðfestingar á LoTW (Logbook of The World).
- Allar staðfestingar á pappír.
- Sambland af hvoru tveggja (Hybrid).



Myndin er af þremur Worked All States viðurkenningum félagsstöðvarinnar TF3IRA. Þær eru WAS CW, WAS PHONE og WAS MIXED.

Athugið að Worked All States viðurkenningin er hvorki í boði fyrir sambönd á 60 metrum né til uppfærslu á því bandi þar sem viðurkenningarmiðar (e. endorsements) eru heldur ekki í boði. Sérákvæði gilda um „Triple Play WAS“ viðurkenninguna, en þar þurfa öll sambönd að vera staðfest á LoTW.

15 mismunandi viðurkenningar.

Alls eru 15 mismunandi WAS viðurkenningar í boði.

- MIXED WAS. Allar tegundir útgeislunar. Uppfærslur fyrir mismunandi bönd.
- PHONE WAS. Allar tegundir útgeislunar á tali. Uppfærslur fyrir mismunandi bönd (þó ekki 30m).
- CW WAS. Sambönd á morsi. Uppfærslur fyrir mismunandi bönd.
- DIGITAL WAS. QSO á stafrænum teg. útgeislunar. Uppfærslur f. mism. bönd o. mism. teg. starfrænna teg. út.
- RTTY WAS. Sambönd á RTTY. Uppfærslur fyrir mismunandi bönd.

- SATELLITE WAS. Sambönd um gervitungl. Allar tegundir útgeislunar gilda.
- 160 METER WAS. Nota má öll sambönd, óháð teg. útgeislunar. Uppfærslur í boði f. mism. teg. útgeislunar.
- 50 MHZ WAS. Nota má öll sambönd, óháð teg. útgeislunar. Uppfærslur í boði fyrir mismunandi teg. útgeislunar.
- 144 MHz WAS. Sjá reglur.
- 222 MHz WAS. Sjá reglur.
- 432 MHz WAS. Sjá reglur.
- 1296 MHz WAS. Sjá reglur.
- 5 BAND WAS (5BWAS). QSO á 80, 40, 20, 15 og 10m (250 QSO). Allar teg. útgeislunar gilda á hverju bandi.
- TRIPLE PLAY WAS. Viðurkenningin er í boði fyrir sambönd sem hafa verið höfð við öll ríki Bandaríkjanna á morsi, tali og stafrænum tegundum útgeislunar. Öll sambönd þurfa að vera staðfest á LoTW (Logbook of The World). Nota má staðfest sambönd á öllum böndum. Sambönd fyrir þessa viðurkenningu gilda, hafi þau verið höfð frá og með 1. janúar 2009 til dagsins í dag. Uppfærslur eru ekki í boði.

5BWAS viðurkenningin er glæsileg. Um er að ræða ágrafinn málmskjöld á viðargrunni. Uppfærslur eru í boði fyrir böndin. Þær eru ágrafnar málmplötur fyrir hvert band.



Myndin er af 5BWAS viðurkenningarskjöldi HK3W. Hann hefur verið uppfærður með WAS á 12, 17 og 30m. Mynd: ARRL

TF3JB er trúnaðarmaður ARRL á Íslandi og getur aðstoðað við umsóknir, þ.á.m. við að staðfesta sambönd á pappírskortum þannig að ekki þarf að senda þau til ARRL og aftur til Íslands sem flýttir fyrir og sparar póstkostnað.

Sjá reglur og nánari upplýsingar á heimasíðu ARRL: <http://www.arrl.org/was-faq>



CQ WW DX SSB og CW keppnirnar 1979

Jónas Bjarnason, TF3JB

Félagsstöðin, TF3IRA, var virkjuð í báðum hlutum CQ World Wide DX keppinnar árið 1979, þ.e. á SSB og CW. Þetta var í fyrsta skipti sem þátttaka var frá nýrri félagsaðstöðu ÍRA að Dugguvogi 1.b í Reykjavík, eftir flutninga árið áður. Ástæða þess að þetta er rifjað upp hér er að Kristján Benediktsson, TF3KB fann nýlega hjá sér eftirfarandi ljósmyndir frá þessum keppnum sem eru birtar hér á eftir.

TF3IRA keppti í fleirmenningsflokki með einum sendi í SSB hluta keppinnar í október. Þátttakendur voru 7 talsins: TF3CW, TF3JB, TF3KB, TF3KX, TF3UA, TF3US (TF3G) og TF3YH (TF3Y). Ágætur árangur náðist eða 2,3 milljónir heildarpunkta, 3.385 QSO, 87 CQ svæði og 281 DXCC eining. Stöðin lenti í 56. sæti yfir heiminn og 36. sæti í Evrópu.



Yngvi Harðarson TF3Y við tækin í CQ WW DX SSB keppninni í fjarskiptaaðstöðu TF3IRA í október 1979. Á myndinni er m.a. þáverandi félagsstöð sem þá var glæný, Yaesu FT-101ZD.

Í CW hluta keppinnar í nóvember keppti TF3IRA einnig í fleirmenningsflokki með einum sendi. Þátttakendur voru 5 talsins: TF3KB, TF3KX, TF3UA, TF3US (TF3G) og TF3YH (TF3Y). Ágætur árangur náðist í morshlutanum eða 1,3 milljónir heildarstiga,



Gísli G. Ófeigsson TF3G og Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA leita margfaldara í SSB keppninni í smíðaaðstöðu félagsins. Gísli situr við R.L. Drake TR4 stöð og Sæmundur við Kenwood TS-520.

2.123 QSO, 79 CQ svæði og 206 DXCC einingar. Stöðin lenti í 61. sæti yfir heiminn og 27. sæti yfir Evrópu.



Jónas Bjarnason TF3JB leitar margfaldara í smíðaaðstöðu-herberginu ásamt Gísli TF3G. Hann situr við Heathkit SB-102 og til hliðar við Gísli er Yaesu FT-101E stöð.

Félagsaðstaða ÍRA var flutt af Vesturgötu að Dugguvogi 1.b sumarið 1978. Nýja húsnæðið var mun rýmra en það sem félagið hafði áður haft til ráðstöfunar og skiptist í sameiginlegt herbergi fyrir klúbbstöðina, TF3IRA og bóka- og tímaritsaðstöðu. Þá hafði QSL stofan prýðilegt rými á sama stað. Inn af því herbergi var ófullgert pláss sem síðar var innréttað fyrir smíðaaðstöðu (1981) og var rúmgott. Loks fylgdi kjallari til geymslu á tækjum og radióefni.



Eina myndin sem vitað er um úr CW hluta keppinnar 1979. Það er Kristinn Andersen TF3KX sem hlustar á R.L. Drake TR4 stöðina. Beint fyrir framan stöðina má sjá Nye Viking SSK-1 Super-Squeece Keyer morspöllumnar. Vinstra megin sést í hliðina á Yaesu FT-101E stöð og fremst á myndinni er heimasmiðuð loftnetsaðlögunarrás.

Nánari umfjöllun má sjá í greininni: „Húsnæðissaga ÍRA“ í CQ TF, 3. tbl. 2018, bls. 40–43. Vefslóð:

http://www.ira.is/wp-content/uploads/2018/10/cqtf_32arg_2018_03tbl.pdf



Fleiri lönd heimila 40 MHz


Guðmundur Sigurðsson, TF3GS

Í desember 2020 höfðu fimm lönd í IARU Svæði 1 heimilað radióamatörum tilraunaleyfi á 40 MHz (8 metrum), samanber töflu 1.

Tafla 1 Lönd í IARU Svæði 1 sem heimila radióamatörum aðgang að 40 MHz bandinu.

FORSKEYTI	Land	Mánuður og ár
S5	Slóvenía	Frá júní 1998
ZS	Suður-Afríka	Frá febrúar 2005
EI	Írland	Frá apríl 2018
LY	Litáen	Frá apríl 2020
9A	Króatía	Frá desember 2020

Radióamatörar í Króatíu komu inn 2. desember 2020 og var heimildin þar veitt fyrir tíðnisviðið 40.660 til 40.700 MHz. A.m.k. þrír radióvitar eru virkir á 40 MHz í lok árs 2020. Það eru: OZ7IGY í Jystrup í Danmörku; EI1KNH í Cork á Írlandi og ZS6WAB í Polokwane í S-Afríku, sbr. eftirfarandi:



Kortið sýnir útbreiðslu frá radióvitanum OZ7IGY á tíðninni 40.071 MHz samkvæmt skráningum á „cluster“ 2019. Kort: EI7GL.



OZ7IGY vinnur á 40.071 MHz og hefur verið QRV frá 2017. Sendiafl er 10W og auðkenni er sent út á PI4¹ og morsi, auk burðarbylgju. Fjarlægð frá TF er 2.083 km.

EI1KNH vinnur á 40.013 MHz og hefur verið QRV frá 9. maí 2020. Sendiafl er 40W og auðkenni er sent út á PI4 og morsi, auk burðarbylgju. Fjarlægð frá TF er 1.508 km.

ZS6WAB vinnur á 40.675 MHz og hefur verið QRV frá apríl 2020. Sendiafl er 30W og auðkenni er sent út á morsi. Fjarlægð frá TF er 10.748 km.

Á landakortinu er sýnt móttaka á merkjum frá OZ7IGY radióvitanum í Danmörku. Á kortinu má sjá útbreiðslu samkvæmt skráningum á „cluster“ á árinu 2019. Í annan stað, sýnir kortið að hlustun á 8 metra bandinu er töluverð, enda ekki óalgengt að leyfishafar utan framangreindra fimm landa hafi „cross-band“ sambönd (28 MHz TX/40 MHz RX) þegar skilyrði leyfa. Slóð á OZIGY: <http://www.oz7igy.dk/>

Fyrir áhugasama, má benda á fróðlega síðu EI7GL um 8 metra bandið á netinu. Hann hefur skrifað mikið um 40 MHz og er þar að finna ágætt safn greina. Vefslóð:

<https://ei7gl.blogspot.com/p/40-mhz.html>

¹ „PharusIgnis4;“ stafræn mótun (MGM) fyrir radióvita.




Strengjahopp

Kristján Benediktsson, TF3KB

Skömmu eftir 1950 sannfærði Hans Albrecht, VK3AHH / DL3EC a.m.k. sjálfan sig um að útbreiðsla radióbylgna yfir langar vegalengdir færi ekki eingöngu fram samkvæmt þeirri hefðbundnu kenningu að bylgjan berist milli sendi og móttökustaðar með reglulegum endurköstum frá hringlaga jónósfæru og jörð til skiptis.

Hans starfrækti þá amatörstöð í Ástralíu og byggði kenningu sína á óvæntum og sterkum opnunum til Evrópu á 80–40–20m amatörböndunum. Hann taldi ekki unnt að skýra hinn mikla styrk merkjanna með hinni hefðbundnu kenningu, ef reiknað er með þeim tölum, sem fylgja endurköstum frá jörðinni. Hann taldi einungis unnt að skýra þetta með einu eða fleiri endurköstum frá jónósfæru til jónósfæru án milliendurkasts frá jörðinni. Gaf hann þessari tegund bylgjuútbreiðslu nafnið “chordal hop”, sem þýða má: “strengjahopp”, því að “chord” er bein lína milli tveggja punkta á hringferli, og nefnist á íslensku “strengur”.



Strengjahopp: Endurköst frá jónósfæru til jónósfæru án milliendurkasts frá jörðinni. Mynd: G4FKH

Seinna skrifuðu Villard, Stein, Fenwick, Muldrew, Maliphant og fleiri, fræðigreinar um þetta í “Journal of Geophysical Research”. Sú vinna leiddi svo af sér skýrslu frá Alþjóða Fjarskiptasambandinu, ITU: “CCIR Report 250-1” árið 1966, þar sem þessi tegund bylgjuútbreiðslu er viðurkennd. Ekki í fyrsta skipti, sem það tekur vísindamenn nokkurn tíma að viðurkenna það sem amatörar halda fram. Venjulega er þetta skýrt með því að halli sé á jónósfærunni í nánd við mörk dags og nætur, vegna áhrifa sólarinnar.

(Greinin birtist áður í CQ TF fréttabréfi, 3. tbl. 1985).

Aukin þátttaka í keppnum 2020

Covid-19 faraldurinn hefur haft m.a. haft áhrif á virkni radióamatöra á HF böndunum. Menn tóku t.d. eftir því strax s.l. vor (2020) að þátttaka í CQ WW WPX SSB keppninni í mars var mun meiri heldur en árið áður. Aukningin nam 37%. Í janúarhefti CQ tímaritsins 2021 ræðir Tim, N3QE m.a. þessa auknu þátttöku í keppnum á árinu 2020. Eftirfarandi tafla er unnin af honum (undanskilin er síðasta línan).

Aukinn fjöldi er sérstaklega áberandi í CQ WW WPX keppnunum, eða frá 34-37%. Innsendum keppnisdagbókum í stóru CQ WW DX keppnunum fjölgaði einnig, en heldur minna eða frá 17-19%. Þar kann e.t.v. að hafa áhrif að skilyrðin á HF böndunum voru ekki hagstæð í þeim keppnum.



Félagsstöðin TF3W var m.a. starfrækt í mörgum þeirra alþjóðlegu keppna sem taldar eru upp í töflunni. Þeir sem virkjuðu stöðina einkum í þeim keppnum voru TF3DC og TF3CW sem sjást á myndinni sem var tekin 14. nóvember 2020 þegar CQ WW CW keppnin 2020 var undirbúin. Ljósmynd: TF3JB.

Mán. 2020	Keppni	Keppnisd. 2019	Keppnisd. 2020	Fjölgun milli ára
mars	CQ WW WPX SSB	5516	7607	+37%
maí	CQ WW WPX CW	4420	5918	+34%
júní	ARRL Field Day	3113	9429	+203%
september	WAE CW	1187	1518	+28%
september	WAE SSB	953	1278	+34%
september	CQ WW RTTY	3103	3656	+17%
október	CQ WW DX SSB	7741	9227	+19%
nóvember	CQ WW DX CW ¹⁾	7821	9107	+17%

¹⁾ Útreikningur TF3JB.



Bókahorn ÍRA

Til umfjöllunar: Magnetic Loop Antennas, 5. útgáfa.

Höfundar: Oldrich Burger, OK2ER og Marek Dvorský, OK2KQM.


Útgefandi: EDUCA TV o.p.s.

Útgáfa og ár: 5. útg., apríl 2020.

Blaðsíðufjöldi: 289.

Brot: 18,4 x 23 cm.

Verð: \$34.95 hjá bókabúð ARRL.



Bókin skiptist í fjóra meginkafla. Í fyrsta kafla eru skýrðar fræðilegar forsendur rammaloftneta (*e. magnetic loops*) og fylgja vel útskýrðar stærðfræðilegar forsendur. Í öðrum kafla eru kynntar mismunandi útfærslur þessarar tegundar loftneta. Í þriðja kafla (nokkuð umfangsmikill) er farið yfir mismunandi rammaloftnet á markaði og flest prófuð í loftinu. Í fjórða kafla, eru m.a. kynntar tæknilegar upplýsingar um framleiðslu BTV fyrirtækisins í Tékklandi sem framleiðir m.a. rammaloftnet fyrir mismunandi amatörbönd, þ.e. 3.5, 7, 10, 14, 18, 21, 24 og 28 MHz. Vefslóð á BTV:

<https://www.btv.cz/en/MLA-magnetic-loop-antenna>

Umsögn. Bókin Magnetic Loop Antennas kom fyrst út árið 2015. Dave, KEØOG fjallaði um hana ári síðar (2016) í „U-tube“ þætti sínum á netinu. Hann gaf henni ekki góða dóma þá og sagði m.a. að þarna væri að vísu mikið af góðri stærðfræði, en að öðru leyti mest umfjöllun um framleiðslu BTV fyrirtækisins á þessum netum og þýðing úr tékknesku væri ófullnægjandi.

Undirritaður sá bókina fyrst nefnda í 3. útgáfu 2017 og hefur fylgst með henni síðan og nú síðast 5. útgáfu, sem kom út í vor (2020). Bókin hefur tekið miklum breytingum frá því ég sá fyrst fjallað um hana. Mér finnst enska þýðingin í nýjustu útgáfunni ágæt. Jafnvel þótt ekki séu beinar leiðbeiningar í bókinni til þeirra sem hafa áhuga á að smíða loftnet af þessu tagi, eru mjög góðar myndir og teikningar og fræðilegur skýringartexti; enda má lesa á netinu að radióamatörar nýti sér upplýsingar í bókinni til heimasmiða á loftnetum af þessu tagi.

Eftirskrift. Undirritaður fékk fyrst áhuga á þessari tegund loftneta þegar Claudio Corcione, TF3CL prófaði rammaloftnet á svölunum heima hjá sér haustið 2010, sem kom ótrúlega vel út. (Hann flutti árið 2011 á Akranes og notaði eftir það kallmerkið TF2CL). Það var staðsett úti á svölum á blokkinni í Breið-

holtinu og honum gekk vel í DX á SSB, sérstaklega á 17 metrunum og ofar. Í millitiðinni hafa fleiri radióamatörar prófað þessa gerð loftneta, m.a. TF1A og TF3DT, auk þeirra sem hafa smíðað netin, m.a. TF3AO og TF3AB. Þegar ég las áhugaverða frásögn TF3EO af þátttöku í CQ WW DX CW keppninni í nóvember (2020) lét ég verða af að panta eintak af bókinni og sé ekki eftir því. Egill skrifaði m.a. eftirfarandi á Fésbókarsíðu sína eftir morskveppnina:

„Vegna fyrirspurnar, þá ákvað ég að setja þetta inn hér til upplýsingar vegna þátttöku minnar í CQ WW DX CW keppninni um helgina. Vegna loftnetsvandæða þá sló ég til og ákvað að nota „Magnetíska lúppu“ í þetta sinn til þess að taka þátt í keppninni 2020.

Ég notaði Icom IC-705 stöð tengda við MLA-100 magnara til þess að ná upp 30W sem er hámarksafl á CW fyrir Chameleon F-Loop netið. Lúppan var staðsett inni í stofu, u.þ.b. 2 metra frá tækjabúnaðinum. Notaði ég N1MM sem logforrit og svo skemmtilega vildi til að ég náði QSO við einmitt N1MM, að kvöldi sunnudags 29. nóvember.



Mynd af fjarskiptaaðstöðu TF3EO í CQ WW DX CW keppninni 2020. Rammanetið sem Egill segir frá er Chameleon CHA F-LOOP 2.0 og þekur 3.5 MHz til 29.7 MHz. Ljósmynd: TF3EO.

Lúppan hefur mjög hátt Q og hef ég þann háttinn á að stilla SWR með loftnetsgreini, t.d. á 14.020 MHz og vinn svo á 14.010-14.030 MHz bilinu, og endurstilli e.t.v. á 14.010 MHz og vinn þá á 14.000-14.020 MHz, o.s.frv. Svolítið bras, en það er líka gott að standa upp annað slagið hvort eð er.

Lágt afl krefst þolinmæði auðvitað og nenna ekki allir að hlusta eftir mínu merki. Ég nota „Compensator“ fyrir F-Loop sem leyfir mest 30W á CW og mest 60W á SSB. Ég skráði hinsvegar 145 QSO í þessari keppni sem ég tel nokkuð gott en aðallega, þá skemmti ég mér vel“.

Glæsilegur árangur hjá Agli í keppninni.

73 de TF3JB.



Íslenskir radióamatörar; starfstímabilið 2020/21

Fundur nr. 4 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 8. september 2020 kl. 18:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GS ritari, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn.

1. Fundarsetning og dagskrá.

TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00. Hann lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 3. fundar 2020/21 frá 28. júlí, lögð fram.
3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfundum.
 - › 27.7.2020... Erindi frá: TF3AB með upplýsingum um að Knarrarósvitahópurinn verði ekki QRV í ár vegna Covid-19.
 - › 27.7.2020... Erindi til: TF3AB með þökkum fyrir upplýsingarnar og stuðningi f.h. stjórnar ÍRA við þessa ákvörðun þeirra.
 - › 28.7.2020... Erindi frá: Tímabundin heimild til leyfishafa að mega nota allt að 100W afl á 5 MHz bandi í TF útileikunum.
 - › 06.8.2020... Erindi frá: Sigurði@Hangandi = Frey Jónssyni með ósk um félagsaðild að ÍRA.
 - › 06.8.2020... Erindi til: Sigurðar Freys þar sem hann er boðinn velkominn í félagið; vefslóðir sendar á nýjasta CQ TF og Ávarpsbréf.
 - › 09.8.2020... Erindi til: TF3EK umsjónarmanns TF útileikanna með fjarskiptadagbók TF3IRA vegna þátttöku í leikunum.
 - › 18.8.2020... Erindi frá: Raunvísindastofnun. Tilkynning um tækjagjöf til félagsins. Dr. Sveinn Ólafsson f.h. stofnunarinnar.
 - › 18.8.2020... Erindi til: Raunvísindastofnunar. Þakkar fyrir gjöf til félagsins sendar f.h. stjórnar ÍRA.
 - › 28.8.2020... Erindi frá: TF3JA þar sem hann óskar eftir að félagið tilkynni þátttöku hans f.h. ÍRA á IARU ráðstefnunni 2020.
 - › 28.8.2020... Erindi til: TF3JA þar sem honum var tilkynnt um að ósk hans verði lögð fyrir næsta stjórnarfund ÍRA.
 - › 28.8.2020... Erindi til: Ara Þórólfs Jóhannessonar TF1A með samþykkt stjórnar um lausn frá embætti VHF stjóra sbr. stj.fund 28.7.
 - › 31.8.2020... Erindi frá: NRAU vegna staðfestingar á mætingu á fjarfund NRAU 2020 helgina 4.-6. september.

- › 31.8.2020... Erindi til: NRAU með staðfestingu um að TF3KB verði fulltrúi ÍRA á fjarfundinum.
- › 31.8.2020... Erindi til: Stjórnar frá formanni á milli stjórnarfundum: Dags.: 31. júlí; 3.,4.,6.,8.,11.,15.,17.,18.,19.,26.,28. og 31. ágúst.
- 4. Lokun í Skeljanesi 6. ágúst til 10. september og næstu skref.
- 5. Innheimta og staða félagssjóðs.
- 6. Útgáfumál.
- 7. Fjarskiptaviðburðir á næstunni.
 - (a) SAC keppnin, CW hluti, 19.-20. september.
 - (b) SAC keppnin, SSB hluti, 10.-11. október.
 - (c) CQ WW DX keppnin, SSB hluti, 24.-25. október.
 - (d) CQ WW DX keppnin, CW hluti, 28.-29. nóvember.
- 8. Ákvörðun dagsetningar fyrir aðalfund 2021.
- 9. Kaup á VHF/UHF loftneti fyrir TF3IRA.
- 10. Embættismenn/trúnaðarmenn félagsins.
- 11. Önnur mál.
 - (a) Ráðstefna NRAU 2020 yfir netið; 4.-6. september.
 - (b) Gjafir til félagsins að undanfögnu.
 - (c) Erindi TF3JA dags. 28.8. með ósk um þátttöku í ráðstefnu IARU 2020.
 - (d) Viðhald og uppsetning loftneta félagsstöðvarinnar.
 - (e) Tillaga TF2LL um ritun sögu félagsins; framhalds-umfjöllun.
 - (f) Myndataka af stjórn ÍRA starfsárið 2020/21.
- 12. Næsti fundur stjórnar.
- 13. Fundarslit.

2. Fundargerð 3. fundar 2020/21 frá 28. júlí, lögð fram.

Samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit um innkomin/útsend erindi milli stjórnarfundum.

Formaður, TF3JB fór yfir innkomin og útsend erindi.

4. Lokun í Skeljanesi frá 6. ágúst til 10. september og næstu skref.

Formaður, TF3JB lagði fram og fór yfir samantekt um starfið þann tíma sem félagsaðstaðan var lokuð, frá 6. ágúst s.l. til dagsins í dag. Stjórn þakkar Baldvin, TF3-Ø33 og formanni, TF3JB fyrir vel unnin störf við málningarvinnu og snyrtingar utanhúss í Skeljanesi í sumar. Rætt um starfið framundan. Stjórn samþykkir að opna félagsaðstöðuna á ný fimmtudaginn 17. september, svo framalega sem aðstæður í þjóðfélaginu breytist ekki með tilliti til COVID-19.

5. Innheimta og staða félagssjóðs.

Gjaldkeri, TF3PW fjallaði um stöðu fjármála. Staða félagssjóð er góð. Innheimta félagsgjalda gengur vel. Alls hafa 160 greitt félagsgjald; ógreiddir eru 12 og 2 hafa verið niðurfelldir.

6. Útgáfumál.

Formaður, TF3JB fór yfir og kynnti stöðu 4. tölublaðs CQ TF sem kemur út 27. september n.k., en undirbúningsfundur ritnefndar var haldinn 24. ágúst. Samkvæmt upplýsingum frá ritstjóra, TF3SB er áætlað að blaðið verði 52 blaðsíður að stærð. Vel hefur gengið með efnissöfnun og á ritstjóri nú efni „á lager“ til birtingar í næstu blöðum.

7. Fjarskiptaviðburðir á næstunni.

Helstu fjarskiptaviðburðir á næstunni eru: SAC keppnin, CW hluti, 19.-20. september; SAC keppnin, SSB hluti, 10.-11. október; CQ WW DX keppnin, SSB hluti, 24.-25. október; og CQ WW DX keppnin, CW hluti, 28.-29. nóvember.

Stjórn hvetur félagsmenn til að taka þátt í þessum keppnum. Keppnisstjóri, TF3DC sagði að vegna COVID-19 væri ekki reiknað með fjöldaþátttöku frá félagsstöðinni á næstunni. Óskar leggur áherslu á að sem flestir taki þátt í SAC keppnunum.

8. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar 2021.

Samþykkt að næsti aðalfundur ÍRA verði haldinn laugardaginn 20. febrúar 2021, með fyrirvara um aðstæður í þjóðfélaginu vegna COVID-19.

9. Kaup á VHF/UHF loftneti fyrir TF3IRA.

Samþykkt kaup félagssjóðs á Diamond X-700HN VHF/UHF húsaloftneti, 25 metrum af Ultraflex 10 coax kapli og N-tengjum fyrir TF3IRA. Heildarkostnaður nemur 73.639 krónum. Þar af kostar Diamond loftnetið 46.127 krónur.

10. Embættismenn/trúnaðarmenn félagsins.

Farið yfir tillögu og minnisblað formanns um endurskoðun á embættismannakerfi félagsins sem lögð var fram [til kynningar] á síðasta fundi (3. stjórnarfund). Embættis- og trúnaðarmenn félagsins eru í dag alls 41 talsins. Þar af eru 10 kjörnir á aðalfundi og 31 eru skipaðir af stjórn. Tillaga formanns var formlega samþykkt. Á meðan endurskoðun stendur yfir, mun skipan embættismanna (frá fyrra tíma-bili) gilda áfram, uns niðurstaða liggur fyrir.

Stjórn hefur hug á að boða alla embættismenn ÍRA til viðtals og fara yfir starfið. Stjórn hefur til skoðunar, að eiga árlega fund með þessum aðilum sem vinna dýrmæt störf fyrir félagið. Möguleg

útfærsla er að viðtöl fari fram t.d. á 2-3 laugardögum. Formanni var falin nánari útfærsla.

11. Önnur mál.

(a) Ráðstefna NRAU 2020 yfir netið; 4.-6. september.

Kristján Benediktsson, TF3KB sat ráðstefnuna af okkar hálfu. Fyrri ákvörðun var, að fundurinn yrði haldinn í Varberg í Svíþjóð, en vegna COVID-19 fór hann fram yfir netið. Fundargerð og önnur gögn verða lögð fram á næsta stjórnarfund.

(b) Gjafir til félagsins að undanfögnu.

Þann 2. ágúst fékk félagið afhenta gjöf í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Um er að ræða YAESU SMB-201, sem er sérhönnuð borðfesting með innbyggðri viftu og notast við ICOM IC-208H VHF/UHF APRS stöð félagsins, TF3IRA-1Ø. Þess má geta að um er að ræða samskonar borðfestingu og félaginu var gefin 23. september 2019 til að nota við YAESU FT-7900E VHF/UHF stöð TF3IRA. Svo heppilega vill til, að SMB-201 festingin smellpassar einnig við ICOM IC-208H APRS stöðina. TF3JB tók á móti gjöfnni í Skeljanesi. Sami félagsmaður var gefandi þá og nú en óskar að láta nafns síns og kallmerkis ekki getið. Stjórn ÍRA þakkar gjöfina.

Þann 20. ágúst fékk félagið afhenda gjöf í húsnaði Raunvísindastofnunar. Um er að ræða General Electric Delco MD-129A/GR; mótara og aflgjafa. Stewart-Warner T-282D/GR; 100W sendi og Hewlett-Packard; Model 6068 VHF Signal generator (10-420 MHz). TF3JB og TF3GS tóku á móti tækjunum fyrir hönd félagsins. Stjórn ÍRA þakka gjöfina.

(c) Erindi TF3JA dags. 28.8. með ósk um þátttöku í ráðstefnu IARU 2020. Stjórn þakkar TF3JA fyrir að sýna áhuga á ráðstefnunni en félagið hefur þegar skipað og tilkynnt Kristján Benediktsson, TF3KB sem fulltrúa ÍRA á ráðstefnuna.

(d) Viðhald og uppsetning loftneta félagsstöðvarinnar.

Eftirtaldir stjórnarmenn taka að sér að skoða málið: Ritari, TF3GS; varaformaður, TF3DC og meðstjórnandi, TF3GZ.

(e) Tillaga TF2LL um ritun sögu félagsins; framhaldsumfjöllun.

Málefnið rætt út frá ýmsum hliðum. Hugmynd er um að nýta þær greinar sem þegar hafa birst í félagsblaðinu CQ TF og draga saman í eitt blað/bók. Fara þarf yfir hvað búið er að skrifa um sögu félagsins og þannig komast að niðurstöðu hvað á eftir að skrifa um. Senda þarf út „hugmyndaósk“ um þær greinar og fá þá félagana til að skrifa um þau málefni.

(f) Myndataka af stjórn ÍRA starfsárið 2020/21.

Jón Svavarsson, TF3JON, ljósmyndari félagsins var mættur á fundinn. Í framhaldi sátu stjórnarmenn fyrir við árlega myndatöku. Stjórn þakkar TF3JON fyrir myndatökuna.

12. Næsti fundur stjórnar.

Samþykkt að stefna að næsta fundi stjórnar þriðjudag 6. október kl. 18:00 í Skeljanesi.

13. Fundarslit.

Formaður, TF3JB þakkaði stjórnarmönnum að lokum og sleit fundi kl. 20:27

*Fundargerð ritaði
Guðmundur Sigurðsson, TF3GS
Ritari ÍRA*

Fundur nr. 5 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 24. nóvember 2020 kl. 18:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GZ meðstjórnandi, og TF1EIN varastjórn. TF3GS ritari og TF3UA varastjórn höfðu boðað forföll.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.

TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:13. Hann lagði fram meðfylgjandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða. Jónas bað Óskar, TF3DC að annast fundarritun í fjarveru ritara.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 4. Fundar 2020/21 frá 8. september lögð fram.
3. Yfirlit yfir innkomin erindi á milli stjórnarfunda.
 - › 08.09.2020...Erindi frá: PFS; uppfærsla kallmerkis Davíðs Viðissonar TF3DEN í TF3EZ.
 - › 14.09.2020...Erindi frá: Oddnýju Dögg Friðriksdóttur; fyrirspurn um námskeið.
 - › 14.09.2020...Erindi til: Oddnýjar með upplýsingum um félagið og vefslóð á nýjasta CQ TF (3. tbl. 2020).
 - › 23.09.2020...Erindi til: Jóns Þ. Jónssonar TF3JA; svar við erindi hans dags. 28.8.2020 um aðgang að ráðstefnu IRAU 2020.
 - › 24.09.2020...Erindi frá: Ragnari Geir Brynjólfssyni; umsögn um uppbyggingu innviða; mál nr.55; samráðsgátt stjórnvalda
 - › 24.09.2020...Erindi til: Ragnars með þökk fyrir sendinguna.
 - › 25.09.2020...Erindi frá: Jóni Þ. Jónssyni TF3JA; ítrekun fyrri beiðni um aðgang að ráðstefnu IARU 2020.
 - › 27.09.2020...Erindi frá: Bjarna Rafni Gunnarssyni, 102 Reykjavík; ósk um skráningu á næsta námskeið.
 - › 27.09.2020...Erindi til: Bjarna Rafns með upplýsingum að næsta námskeið sé fyrirhugað í október, með fyrirvara um COVID-19.

- › 29.09.2020...Erindi til: Jóns Þ. Jónssonar TF3JA; svar við erindi til félagsins dags. 25.9.2020.
 - › 30.09.2020...Erindi frá: Jóni Þ. Jónssyni F3JA; póstur vegna erindis dags. 25.9.2020 til félagsins.
 - › 30.09.2020...Erindi til: Sameiginlegt veffang ritstjóra félagsblaða norrænu systurfélaganna; sent vefslóð á 4. tbl. CQ TF 2020.
 - › 06.10.2020...Erindi frá: Guðni Hannesson, Stokkseyri; nýr félagmaður.
 - › 21.10.2020...Erindi frá: PFS, umsögn ÍRA óskað vegna beiðni TF1OL um breytingu á kallmerki í TF1O.
 - › 21.10.2020...Erindi til: PFS með jákvæðri umsögn ÍRA um beiðni TF1OL.
 - › 26.10.2020...Erindi frá: Smára McCarthy með síðari fyrirspurn um námskeið (fyrri fyrirspurn var móttækin og svarað 16.5.2020).
 - › 26.10.2020...Erindi til: Smára McCarthy með svari við síðari fyrirspurn um námskeið.
 - › 12.11.2020...Erindi frá: Emil Gretti með fyrirspurn um próf til amatörleyfis.
 - › 12.11.2020...Erindi til: Emils Grettis með svari við fyrirspurn.
 - › 20.11.2020...Erindi frá: Katrínu Stefánsdóttur, dóttur TF3S (sk) býður félaginu að taka við og varðveita QSL kortum Nenna heitins til varðveislu.
 - › 20.11.2020...Erindi til: Katrínar Stefánsdóttur. Boð Katrínar fyrir hönd aðstandenda samþykkt og kortin sótt 21.11.
 - › 13.09.-30.09.2020...Erindi til: Stjórnar frá formanni á milli stjórnarfunda, dags.: 13., 20., 22., 27., 28. og 30. september
 - › 03.10.-30.10.2020...Erindi til: Stjórnar frá formanni á milli stjórnarfunda, dags.: 3., 5., 7., 9. 12., 16., 19., 20., 24., 26. og 30. október.
 - › 08.11.-20.11.2020...Erindi til: Stjórnar frá formanni á milli stjórnarfunda, dags.: 8., 9., 12., 14., 16., 19. og 20. nóvember.
4. Núverandi lokun í Skeljanesi hefur varað samfleytt í 10 vikur (24.9.-26.11.). Félagsstarfið; næstu skref.
 - (a) Skýrsla formanns til stjórnar.
 5. Innheimta og staða félagssjóðs.
 - (a) Framleiðsla viðurkenninga vegna félagsviðburða á árinu 2020.
 6. Útgáfumál; CQ TF 4. tbl. 2020 kom út 27.9.; CQ TF 1. tbl. 2021 kemur út 28.1.
 7. Virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda frá 8. september (og út árið).
 - (a) WAE keppnin á SSB, 12.-13. september (op. TF3DC).
 - (b) SAC keppnin, CW hluti, 19.-20. september (op. TF3CW).
 - (c) CQ WW RTTY DX keppnin, 26.-27. september (op. TF3DC).
 - (d) SAC keppnin, SSB hluti, 10.-11. október (op. TF3CW).
 - (e) CQ WW DX SSB keppnin 24.-25. október (op. TF3DC).

- (f) CQ WW DX CW keppnin 28.-29. nóvember (TF3CW).
- (g) TF3YOTA í desember n.k (TF2EQ).
- 8. Námskeið til amatörleyfis.
- 9. Hugsanleg starfsemi á vegum félagsins yfir netið í ljósi kórónaveirunnar Covid-19.
- 10. Tillaga um skipan aðstoðarmanns vefstjóra.
- 11. Aðalfundur 2021; tillaga um nýja dagsetningu [13. mars 2021 í stað 20.2.2021].
- 12. Önnur mál.
 - (a) Ráðstefna NRAU 2020 yfir netið 4.-6. september.
 - (b) Ráðstefna IARU Svæðis 1 yfir netið 11.-16. október.
 - (c) Tillaga um skoðun/endurskoðun á embættismannakerfi félagsins.
 - (d) Erindi TF3JA dags. 25.9. með ítrekun um þátttöku í ráðstefnu IARU 2020.
 - (e) Sending QSL korta TF3S til ÍRA frá aðstandendum 21. nóvember.
 - (f) Viðhald og uppsetning loftneta félagsstöðvarinnar; verkáætlun.
- 13. Næsti fundur stjórnar.
- 14. Fundarslit.

2. Fundargerð 4. fundar, starfsárið 2020/21; frá 8. september lögð fram.

Samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit um innkomin/útsend erindi milli stjórnarfundar.

Formaður, TF3JB fór yfir greinargott yfirlit um innkomin og útsend erindi. Á góma bar einnig upplýsingabréf sem formaður sendir stjórnarmönnum reglulega milli funda í þeim tilgangi upplýsa stjórn um efni og afgreiðslu einstakra erinda, auk samráðs um einstakar ákvarðanir sem taka þarf s.s. vegna áhrifa Kórónaveirunnar á félagsstarfið. Engar athugasemdir komu fram.

4. Núverandi lokun í Skeljanesi hefur varað samfleytt í 10 vikur (24.9-26.11.). Næstu skref.

Formaður kynnti framlagða skýrslu til stjórnar um lokun félagsaðstöðunnar og næstu skref. Jónas fór yfir og skýrði, meðal annars með vísan til tilmæla stjórnvalda. Stjórn ÍRA hefur verið einhuga í ákvörðunum um lokun sbr. og upplýsingabréf formanns milli funda. Umræður, fyrirspurnir og svör. Því miður er útlit fyrir áframhaldandi lokun í Skeljanesi.

5. Innheimta og staða félagssjóðs.

Gjaldkeri, TF3PW gerði grein fyrir innheimtu og stöðu félagssjóðs. Staðan er góð enda aðeins þrír sem ekki hafa greitt félagsgjaldið í ár. Málið er til skoðunar, en talið er að það tengist því að aðilar séu ekki með heimabanka.

(a) Framleiðsla viðurkenninga vegna félagsviðburða á árinu 2020.

Samþykkt að setja í framleiðslu verðlaunagripi og viðurkenningarskjöl vegna félagsviðburða á árinu 2020. Þessir viðburðir eru: Páskaleikar, VHF/UHF leikar og TF útileikar.

6. Útgáfumál; CQ TF 4. tbl. 2020 kom út 27.9. / CQ TF 1. tbl. 2021 kemur út 28.1.

Formaður, TF3JB gerði grein fyrir störfum ritnefndar. Fram kom að ekki er skortur á efni í blaðið. Útgáfuáætlun hefur staðist fullkomlega og dreifði formaður prententaki af síðasta blaði til stjórnarmanna.

7. Virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfundar frá 8. september (og út árið).

Formaður, TF3JB og keppnisstjóri, TF3DC gerðu grein fyrir virkni félagsstöðvarinnar í einstökum keppnum í haust og því sem framundan er til áramóta. Ljóst er, að þátttaka félagsstöðvar hefur því miður verið takmörkuð við einmenningsflokkinn vegna áhrifa Kórónaveirunnar.

Siggi, TF3CW og Óskar, TF3DC hafa tekið þátt í helstu keppnum í haust fyrir hönd félagsins en Elín, TF2EQ, ungmennafulltrúi ÍRA mun virkja TF3YOTA frá félagsstöðinni í desember (YOTA month). Fram kom, að markmið YOTA verkefnisins (Youngsters On The Air) er að kynna áhugamálið fyrir áhugasömum ungmennum.

8. Námskeið til amatörleyfis.

Stöðugur áhugi er á þátttöku í námskeiði félagsins til amatörleyfis. Kórónaveiran hefur hins vegar valdið því, að ekki hefur reynst unnt að bjóða námskeið á árinu. Umsjónarmaður námskeiða, TF3PW lagði fram upplýsingar um þá sem bíða og eru skráðir á næsta námskeið. Samþykkt að fara þess á leit við prófnefnd, að stefnt verði að námskeiði til amatörleyfis á vormisseri. Verði Covid-19 faraldurinn enn hamlandi á þeim tíma, verði nefndin beðin um að kanna með að bjóða námskeiðið yfir netið.

9. Hugsanleg starfsemi á vegum félagsins yfir netið í ljósi Kórónaveirunnar.

Málið var rætt almennt og meðal annars með vísan til frumkvæðis TF3OM um fjarfundi á netinu, hugmynda um námskeiðshald á netinu o.s.frv. Formaður greindi frá „prufufundum“ (ekki sérstaklega á vegum ÍRA) sem farið hafi fram yfir netið og skýrði frá tölulegum staðreyndum um mætingu o.s.frv. Allt jákvætt um það að segja voru viðbrögð stjórnarmanna. Engin samþykkt var gerð

undir dagskrárliðnum, en ákveðið að taka málið til áframhaldandi umfjöllunar í stjórn félagsins.

10. Tillaga um skipan aðstoðarmanns vefstjóra.

Formaður, TF3JB mælti fyrir tillögu um stofnun embættis aðstoðarmanns vefstjóra. Í máli hans kom fram að Ölvir, TF3WZ (sem m.a. setti upp heimasíðu félagsins á sínum tíma) væri önnur kafinn í vinnu – þótt hann hafi staðið sig með afbrigðum vel í að aðstoða félagið við innfærslu ganga á heimasíðu. Fram kom enn fremur, að almennt séð væri eðlilegt og skynsamlegt að fleiri en vefstjóri gætu sinnt breytingum og/eða uppfærslum. Formaður sagðist hafa hitt Ölvi fyrir nokkru, rætt málið við hann og hafi Ölvir tekið þessari hugmynd fagnandi. Samþykkt samhljóða að stofna til embættisins.

Formaður óskaði næst eftir tillögum frá stjórn um slíkan aðstoðarmann. Jón, TF3PW sagðist skyldi hugsa málið þegar stungið var uppá honum í embættið. Stefnt er að afreiðslu á næsta fundi.

11. Aðalfundur 2021; tillaga um nýja dagsetningu (13. mars 2021 í stað 20.2.2021).

Formaður gerði grein fyrir tillögu að nýrri dagsetningu aðalfundar 2021, laugardaginn 13. mars 2021 (í stað 20. febrúar). Breytingartillagan er til komin í framhaldi af nánari athugun formanns við bókun á fundarsal á Hótel Sögu, en vegna Kórónaveirunnar er hótelið lokað út febrúar 2021. Ný dagsetning rúmast innan heimilda í lögum félagsins. Tillagan samþykkt samhljóða.

12. Önnur mál

(a) *Ráðstefna NRAU 2020 yfir netið 4.-6. september.*

Formaður greindi stuttlega frá þátttöku tengiliðar ÍRA, TF3KB í fundinum sem gekk vel. Fram kom m.a. að Kristján verður með frásögn og niðurstöður í 1. tbl. CQ TF 2021.

(b) *Ráðstefna IARU Svæðis 1 yfir netið 11.-16. október.*

Formaður greindi stuttlega frá þátttöku tengiliðar ÍRA, TF3KB í fundinum sem gekk vel. Fram kom m.a. að Kristján verður með frásögn og niðurstöður af fundinum í 1. tbl. CQ TF 2021, þ.á.m. umfjöllun um tillögur ÍRA. Síðari hluti ráðstefnu Svæðis-1 verður haldinn í Serbíu að ári (2021).

(c) *Tillaga um skoðun/endurskoðun á embættismannakerfi félagsins.*

Formaður ræddi stuttlega um tillöguna og fresta þurfi verkefninu á meðan faraldurinn hamlar.

(d) *Erindi TF3JA dags. 25.9. með ítrekun um þátttöku í ráðstefnu IARU 2020.*

Ítrekuð beiðni TF3JA um þátttöku í ráðstefnu IARU 2020 var rædd. Samþykkt að vísa í fyrra svar stjórnar þess efnis, að ÍRA hefði þegar skipað og tilkynnt IARU um fulltrúa félagsins á ráðstefnuna.

(e) *Sending QSL korta TF3S til ÍRA frá aðstandendum 21. nóvember.*

Formaður greindi frá QSL kortum Stefáns Þórhallssonar, TF3S (SK) sem borist hafi félaginu frá aðstandendum 21. nóvember s.l. Í safninu eru m.a. 12 QSL kort frá íslensku leyfishöfunum, þ.á.m. frá föður Stefáns, Þórhalli Pálssyni, TF5TP er t.d. frá árinu 1950. Sagt var frá kortunum á heimasíðu félagsins og Fésbók. Stjórn þakkar aðstandendum Stefáns fyrir hugulsemina og framlag sem nýtist félaginu meðal annars við skráningu á sögu ÍRA.

(f) *Viðhald og uppsetning loftneta félagsstöðvarinnar; verkáætlun.*

Rætt um gerð verkáætlunar vegna nýrra loftneta félagsstöðvarinnar sem biða uppsetningar og voru keypt af félagssjóði vorið 2019. Við síðustu umræðu tóku TF3GS, TF3GZ og TF3DC að sér að athuga með uppsetningu, ásamt því að lagfæra fæðilínu á 20 metra loftneti (sem er til staðar). Af ýmsum ástæðum hefur dregist að fara í verkefnið. Menn eru jákvæðir og tilbúnir að fara í málið við næsta tækifæri.

13. Næsti fundur stjórnar.

Næsti fundur stjórnar var ákveðinn þriðjudaginn 5. janúar 2021.

14. Fundarslit

Formaður þakkaði stjórnarmönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl. 19:25

*Fundargerð ritaði (í fjarveru ritara)
Óskar Sverrisson / TF3DC
varaformaður ÍRA*

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA & Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS

The schematic diagram illustrates a pulse generator circuit. It begins with a 12V battery (BT1) connected to a voltage divider consisting of resistors R1 (680k) and R2 (1M). The output of this divider is connected to the non-inverting input (pin 3) of a buffer (U1: LM2936-5.0_T092). The buffer's output (pin 1) is connected to the non-inverting input (pin 3) of a comparator (U2A: LM358). The comparator's inverting input (pin 2) is connected to a timing network consisting of resistors R3 (680k) and R4 (68k) in series with a capacitor C4 (10nF). The comparator's output (pin 1) is connected to the primary of a pulse transformer (U3: V23079A1003B301). The secondary of the transformer is connected to a relay (Q1: BC547) through a diode (C6: 1uF). The relay is controlled by a switch (SW1) and a reset button (J3). The circuit also includes a timing network with resistors R1, R2, R3, R4, R5 (68k), and R6 (33), and capacitors C1 (100nF), C2 (10uF), C3 (100nF), C4 (10nF), C5 (100nF), and C6 (1uF).

49

Þessarar rásar að hún tekur mjög lítinn straum til eigin nota, innan við 15 A (mikróamper). Útgangur spennugjafans er tengdur gegnum viðnámíð R1 inn á plús-inngang aðgerðamagnarans U2A. Rafhlöðuspennan er tengd gegnum spennudeilinn R2-R3-R4 inn á mínus-inngang aðgerðamagnarans. Spennudeilirinn margfaldar spennu rafhlöðunnar með $(68 + 680)/1748 = 0,428$. Þegar rafhlöðuspennan fellur niður í 11,7 V verður þetta gildi 5V ($0,428 \cdot 11,7 = 5,0$) og þegar gildið er komið rétt undir 5V verður spennan á plús-innganginum hærra en spennan á mínus-innganginum. Þá fer útmerkið á pinna 1 á aðgerðamagnaranum upp í jákvæða spennu og nórin Q1 byrjar að leiða. Þá gengur straumur gegnum spólu rafliðans (U3) og hann aftengir rásina.

Rafliðinn er sérstakur að gerð, svonefndur lásraflíði (e. latch relay). Þó að spennan fari af varnarrásinni og þar með straumur af spólunni við það að hann byrji að leiða hrekkur staða hans ekki aftur til baka. Hún er læst í nýju stöðunni. Til þess að færa stöðuna aftur til baka þarf að senda straum gegnum aðra spólu í rafliðanum, sem er gert með því að ýta á þrýstirofann SW1. Vissulega væri hægt að útfæra rafhlöðuvörn, t.d. með mosfeta sem sambærileg varnarrás myndi stýra en þá þyrfti að tryggja læsinguna t.d. með læsirás (e. latch) og varnarrásin tæki þá straum frá rafhlöðunni.

Hægt er að nota varnarrásina fyrir aðra spennu en 12 V. Þá þarf að breyta spennudeilinum R2-R3-R4. Hér var valið að nota föst viðnám en ekki stilliviðnám til þess að tryggja góða virkni rásarinnar til langs tíma. Útspenna spennudeilisins sem er spennan inn á mínus-inngang aðgerðamagnarans er:

$$U = U_i \frac{R_3}{R_2} \frac{R_4}{R_3 + R_4}$$

Ef ætti að nota rásina til að verja 6 V rafhlöðu þyrfti að aftengja rafhlöðuna við $U_i = 5,7$ V. Þá þyrfti að búa til spennudeili sem myndi margfalda spennuna U_i með $5/5,7 = 0,877$. Hægt er að finna viðnám með því að setja upp spennudeilinn í Excel og prófa sig áfram þangað gildi er fundið sem er nógu nálægt 0,877. Til dæmis myndu gildin $R_2 = 330 \text{ k}$, $R_3 = 2,2 \text{ M}$ og $R_4 = 150 \text{ k}$ gefa tölu sem er mjög nálægt 0,877.

Smíði rásarinnar

Rásin var teiknuð í forritinu KiCad sem er ókeypis forrit og vel nothæft þegar menn hafa vanist því, t.d. með því að teikna eina rás sem þessa. Í því forriti er einnig hægt að hanna prentplötur. Höfundar völdu þó leið sem var einfaldari fyrir þá og notuðu forritið EasyEDA til að teikna prentplötuna, einfaldlega vegna þess að annar höfundar kann vel á það forrit.

Það forrit er einnig ókeypis og kostur er að hægt er nota það hvort sem er beint á netinu og sleppa við uppsetningu á eigin tölvu, eða hlaða því niður og nota án nettengingar.

Fyrst þarf að teikna upp íhlutaígildismyndina og tryggja að allar tengingar séu tilgreindar og réttar. Þá þarf að ákveða nákvæmlega hvernig íhluti á að nota til þess að tryggja að göt og lóðfletir prentásarinnar verði réttir. Að því loknu er stærð plötunnar tilgreind og eru íhlutirnir fluttir á þá mynd á sjálfvirkan hátt. Þvínæst þarf að raða íhlutunum upp eins og rásin á að líta út. Þegar því er lokið hefur þrautin þyngri venjulega hafist, teikna tengibrautirnar á milli íhlutanna, en ekki í EasyEDA. Þar nægir að smella á *Autoroute* hnappinn og forritið sér um tengingarnar. Að þessu loknu er smellt á hnapp sem sendir hönnunina til framleiðslu í Kína. Þöntuð voru 15 borð sem eru tæpir 4x6 cm hvert og kostnaðurinn var 22.60\$ alls og DHL hraðsending frá Kína innifalin í því verði! Framleiðslan tók þrjá daga og sendingin aðra þrjá þannig að borðin voru í okkar höndum á sex dögum og voru gæðin óaðfinnanleg. Þetta sannaði okkur að vel getur borgað sig að láta verksmiðjuframleiða prentplötur þótt ætlunin sé einungis að smíða fáeinar rásir.



Mynd 2. Rásin komin á sérframleidda prentplötu. Hér sést reyndar 5,7V útgáfa hennar, sem er ætluð fyrir 6V rafhlöðu.

Lokaorð

Rásin hefur nú verið smíðuð og ekki hefur orðið vart við neina óeðlilega verkun, t.d. vegna truflana. Reynt var að koma í veg fyrir að truflanir gætu slegið rafhlöðunni frá með notkun þetta, t.d. C3, C4 og C5. Þá var straumdráttur hennar mældur í notkun og tekur hún aðeins um 0,6 mA til eigin nota svo segja má að hönnunarforsendurnar hafi staðist að öllu leyti.

73 de TF3UA es TF3VS



Helstu DX keppnir 2021; janúar-apríl

Í eftirfarandi töflu hafa verið teknar saman upplýsingar um helstu alþjóðlegar DX keppnir á tímabilinu janúar til apríl 2021. Hafa þarf í huga að ýmsir minni viðburðir fara fram nánast um hverja helgi sem ekki eru taldir til hér.

Eftirfarandi vefsíða birtir nánari upplýsingar, auk þess að sýna vefslóð á heimasíðu hvers keppni á netinu þar sem er að finna keppnisreglur og aðrar upplýsingar. Vefslóð: <http://contestcalendar.com>

Dagsetn.	Tími	Heiti keppni	Mótun	Bönd	Skilaboð (TF)
JANÚAR 2021					
2.-3. janúar	18:00-24:00	ARRL RTTY Round-up	RTTY	80-10M	RST + raðnúmer
9. janúar	00:00-23:59	YB DX Contest; SSB	SSB	80-10M	RS + raðnúmer
16.-17. jan.	12:00-11:59	Hungarian DX Contest	CW/SSB	160-10M	RS(T) + raðnúmer
29.-31. jan.	22:00-22:00	CQ 160-meter Contest; CW	CW	160M	RST + CQ svæði (40)
30.-31. jan.	06:00-18:00	REF Contest; CW	CW	80-10M	RST + raðnúmer
30.-31. jan.	13:00-13:00	UBA DX Contest; SSB	SSB	80-10M	RS + raðnúmer
FEBRÚAR 2021					
6.-7. febrúar	12:00-12:00	F9AA Cup International; CW	CW	160-10M	RS(T) + ITU svæði (17)
6.-7. febrúar	12:00-23:59	Mexico RTTY International Contest	RTTY	80-10M	RST + raðnúmer
13.-14. febr.	00:00-23:59	CQ WW RTTY WPX Contest	RTTY	80-10M	RST + raðnúmer
13.-14. febr.	12:00-11:59	Dutch PACC Contest	CW/SSB	160-10M	RST + raðnúmer
20.-21. febr.	00:00-23:59	ARRL l'nal DX Contest; CW	CW	160-10M	RST+ útgangsafl
26.-28. febr.	22:00-21:59	CQ 160-meter Contest; SSB	SSB	160M	RS + CQ svæði (40)
27.-28. febr.	06:00-18:00	REF Contest; SSB	SSB	80-10M	RS + raðnúmer
27.-28. febr.	13:00-13:00	UBA DX Contest; CW	CW	80-10M	RST + raðnúmer
MARS 2021					
7.-8. mars	00:00-23:59	ARRL l'nal DX Contest; SSB	SSB	160-10M	RS + útgangsafl
13. mars	00:00-23:59	YB DX RTTY Contest	RTTY	80-10M	RST + raðnúmer
13.-14. mars	15:00-14:59	Stew Perry Topband Challenge	CW	160M	RST + 4stafa hnit tala
20.-22. mars	02:00-01:59	BARTG HF RTTY Contest	RTTY	80-10M	RST + raðnúmer + GMT (1)
20.-21. mars	12:00-01:59	Russian DX Contest	CW/SSB	160-10M	RS(T) + raðnúmer
27.-28. mars	00:00-23:59	CQ WW WPX Contest; SSB	SSB	160-10M	RS + raðnúmer
APRÍL 2021					
3.-4. apríl	15:00-14:59	SP DX Contest	CW/SSB	160-10M	RS(T) + raðnúmer
16.-17. apríl	21:00-20:59	Holyland DX Contest	CW/SSB	160-10M	RS(T) + raðnúmer
17.-18. apríl	07:00-06:59	YU DX Contest	CW/SSB	80-10M	RS(T) + raðnúmer
17.-18. apríl	09:00-23:59	CQMM DX Contest	CW	80-10M	RST + EU 2)
24.-25. apríl	12:00-11:59	SP DX RTTY Contest	RTTY	80-10M	RST + raðnúmer
24.-25. apríl	13:00-12:59	Helvetia Contest	CW/SSB	160-10M	RST + raðnúmer

¹⁾ Gefa þarf upp 4 tölustafi.

²⁾ Skammstöfun fyrir meginland. TF stöðvar nota EU.

DXCC skráning TF stöðva 22. janúar 2021

Kallmerkjum er raðað eftir fjölda samkvæmt DXCC MIXED^{1 2 4}

TF3Y hefur einn íslenskra leyfishafa skráningu á heiðurslista; DXCC HONOR ROLL, MIXED.

Handhafar 5 Banda DXCC eru TF3DC, TF3JB, TF3Y og TF4M.⁴

Handhafar DXCC Challenge: TF2LL, TF3DC, TF3JB, TF3Y, TF4M, TF5B og TF8GX .

	Kallmerki	DXCC Mixed	DXCC Phone	DXCC CW	DXCC Digital	DXCC 160m	DXCC 80m	DXCC 40m	DXCC 30m	DXCC 20m	DXCC 17m	DXCC 15m	DXCC 12m	DXCC 10m	DXCC Challenge	DXCC Honor Roll Mixed
1.	TF3Y	344	-	324	133	-	-	-	168	-	195	-	144	-	1400	344
2.	TF3DC	326	-	316	174	-	-	-	196	-	242	-	207	216	1766	-
3.	TF4M	318	238	305	108	240	134	185	162	251	148	167	134	139	1554	-
4.	TF8GX	309	290	239	-	-	-	130	-	275	132	215	110	187	1313	-
5.	TF5B	294	283	-	210	-	-	152	137	277	139	214	103	137	1236	-
6.	TF2LL	272	-	-	-	-	-	167	-	233	149	173	-	122	1048	-
7.	TF3JB	257	177	237	158	-	108	124	157	230	181	147	142	117	1325	-
8.	TF3SG	253	157	241	-	143	229	202	-	-	-	-	-	-	-	-
9.	TF3IRA	213	179	179	100	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
10.	TF3G	186	133	138	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
11.	TF3DT	181	137	-	154	-	110	125	112	137	100	-	-	-	-	-
12.	TF1A	177	145	-	159	-	108	107	118	143	119	110	-	-	-	-
13.	TF3MH	124	-	-	113	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
14.	TF3EK	116	-	-	114	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
TF kallmerki með óvirka DXCC skráningu: ²																
15.	TF3SV	349	Óvirk skráning (hljóðnaður lykill).													
16.	TF3IM	226	Óvirk skráning.													
17.	TF2WLC	106	Óvirk skráning. (Skýring: Varnarliðsmaður; a.m.k. QRV árið 1968 [f.ár 1946]. Núverandi kallmerki: K4WS).													

1 Miðast við TF kallmerki með virka skráningu (Heimild: ARRL).

2 Virk skráning: Að leyfishafi hafi uppfært DXCC-stöðu sína a.m.k. einu sinni eftir 1.1.1994.

3 Ekkert TF kallmerki er hingað til skráð með DXCC viðurkenningu fyrir sambönd um gervitungl, á 6 metrum, 2 metrum og 70 sentímetrum.

4 Leyfishafar hljóta ekki sjálfvirkt, eins bands skráningu [á 10, 15, 20, 40 og 80 metrum] þótt þeir sækji um 5BDXCC; sérstaklega þarf að sækja um (og greiða fyrir) hvert eins bands DXCC skjal.



John Devoldere, ON4UN

Kristján Benediktsson, TF3KB

John Devoldere, ON4UN, hinn mikilhæfi og þekkti DX-maður hefur haft sitt síðasta QSO; merki hans er hljóðnað. Hann lést á 80. aldursári hinn 9. nóvember 2020. Þegar Marleen dóttir hans tilkynnti andlátíð, sagði hún að „amatörradíó, sérstaklega DX á lægri böndunum, hefði ævinlega verið hans ástríða, og alla tíð haft mikil áhrif innan veggja heimilisins.“ Hún bætti svo við, að „þótt hún hefði ekki kallmerki, fyndist henni hún engu að síður tilheyra stórrí fjölskyldu amatöra og myndi alltaf gera það.“

Claude van Pottelsberghe de la Potterie, ON7TK, formaður landsfélags radióamatöra í Belgíu (UBA) sagði John hafa verið radióamatör af lífi og sál, sem aldrei myndi gleymast. Hann þakkaði honum fyrir margvísleg störf fyrir UBA, þar á meðal formennsku frá 1998-2007. John var afar virkur í DX og keppnum, og hlaut margar viðurkenningar, þar á meðal vera kjörinn í báðar frægðarhallir CQ, 'Contest Hall of Fame' og 'DXing Hall of Fame,' annar í heiminum á eftir OH2BH.

Í vinsældum hans vega þó líklega þýngst bækurnar 'Low Band DX-ing,' þann mikla þekkingarbrunn, sem verið hafa mörgum innblástur til dáða á lægri böndunum. ARRL gaf hana út fyrst árið 1987 (254 síður) og síðasta útgáfan, sú fimmta kom út árið 2010 (637 síður). Einnig ritaði hann bókina 'Siðfræði og samskiptasiðir radióamatöra,' með ON4WW.



Frá einkaheimsókn John Devoldere, ON4UN, til Vilhjálms Þórs Kjartanssonar, TF3DX og konu hans, Guðrúnar Hannesdóttur, TF3GD, hinn 4. ágúst 2011. Við það tækifæri áttu þeir Jónas, TF3JB og Kristján, TF3KB, þess kost að hitta John á heimili þeirra hjóna. Myndir TF3KB

Margir íslenskir leyfishafar þekktu John og höfðu sambönd við hann í gegnum áratugina. Hann var með svo öflugt merki, svo vel þjálfður og agaður í loftinu, að tekið var eftir. Um leið og við minnumst Johns með þökkum og virðingu, minnumst við einnig sérstaklega ánægjulegrar heimsóknar hans til landsins árið 2011, þar sem hann án orða innritaðist í frægðarhöll íslandsvina. Meðfylgjandi myndir voru teknar við það tækifæri.



Í garðinum hjá TF3DX og TF3GD 4. ágúst 2011 þegar John, ON4UN var formlega afhent eintak af ritinu Siðfræði og samskiptasiðir radióamatöra, sem er þýðing Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS, á riti þeirra ON4UN og ON4WW Ethics and Operating Procedures for the Radio Amateur. Íslenska þýðingin, sem ÍRA gaf út þann 13. ágúst 2009 var annað tungumálið sem ritið var þýtt á yfir heiminn. Frá vinstri: Vilhjálms TF3DX; Guðrún TF3GD; John ON4UN; Jónas TF3JB; og Kristján TF3KB. Ljósmynd: Jón Svavarsson, TF3JON.



Sérlegir áhugamenn um DX á lægri amatörtíðnum, þeir John, ON4UN heitinn, heimspektur fyrir tæknibækur sínar um DX á lægri amatörtíðnum, og Villi, TF3DX þekktur m.a. fyrir að kunna sérlega vel að aðlaga loftnetsstangir á lægri amatörtíðnum og fyrir vikið að ná langt með þeim. Hér eru þeir við mjög háa (miklu hærri en myndin) og sérlega vel aðlagaða stöng á bíl TF3DX, sem m.a. hafði með henni samband við suðurskautið á 160m bandinu. Ljósmynd TF3KB.



Við sama tækifæri afhenti John ÍRA að gjöf bókina ON4UN's Low-Band DXing. Um er að ræða 5. útgáfu bókarinnar. Á myndinni að ofan tekur Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA við gjöfinni. John áritaði bókina með eftirfarandi texta: „To all Í.R.A. members. Enjoy the book and good luck on the low bands. Iceland, 4. August 2011, John Devoldere, ON4UN“. Mynd TF3KB.

FUNDARBOÐ

AÐALFUNDUR ÍRA 2021



Fundarsalurinn sem er til afnota fyrir aðalfund 2021 rúmar allt að 50 manns í sæti við borð.

Með tilvísan til 17. gr. félagslaga er hér með boðað til aðalfundar ÍRA laugardaginn 13. mars 2021.

Fundurinn verður haldinn á Radisson BLU Hótel Sögu við Hagatorg í Reykjavík og hefst stundvíslega kl. 13:00.

Dagskrá er samkvæmt 19. gr. félagslaga.

Fyrir hönd stjórnar,
Jónas Bjarnason, TF3JB,
formaður ÍRA